

„Hættu að halda framhjá konunni, Logi“

14

11. MAÍ 2018 / 18. TBL. 108. ÁRG. / VERÐ 995 KR.


DV

ÖRVAR AMORS

STRÁFELLA

FRÆGA FÓLKID!

■ Brúðkaup, kósíkvöld og leitin að rétta kjólnum



4

„BETUR SETTIR ÞARNA INNI“



ÍSLENSKIR FEÐGAR SAMAN Í FANGELSI

■ Stefán Egilsson og tveir synir hans í fangelsi ■ Nasistaklíka tekur föðurnum fagnandi ■ Afi bræðranna er frægur kontrabassaleikari

6-7

Natalie Gunnarsdóttir



Örsjaldan hitt móður sína

„Ég mun líklega aldrei fá svör“

22-24

SAKAMÁL



GREIFYNJAN GRIMMA

46-47

Matthías kaupir 10 íbúðir í Eyjum

■ Lán til 50 ára frá Íbúðalánasjóði

■ Kom með 25 milljónir í eigið fé

126 MILLJÓNIR



2



Allar gerðir af **KERRUM** og allt til kerrusmíða

Dráttarbeiðli á flestar gerðir bíla



DVERGSHÖFÐI 27 VÍKURVAGNAR.IS SÍMI: 577 1090

RECARO

Barnabílstólar í úrvali



SEAT FIX

AIR CIRCULATION SYSTEM

LIGHT WEIGHT

ECE NORM R 44/04

HERO

ISO FIX

ADVANCED ((SIDE)) PROTECTION

3 POINT BELT

BÍLASMÍÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Matthías veðjar á Vestmannaeyjar: KAUPIR TÍU ÍBÚÐIR Á 126,5 MILLJÓNIR KRÓNA

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Arðgreiðslur bannaðar

Verulega athygli vekur að lánstími lánanna frá Íbúðalánasjóði er 50 ár. Til að njóta slíkra kjara þurfa félög að uppfylla margvísleg skilyrði. Meðal annars verður félagið að hafa það sem langtímamarkmið að byggja, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis. Þá má félagið ekki vera rekið í hagnaðarskyni. Arðgreiðslur eru bannaðar og aðeins er heimilt að nota þá fjármuni til vaxtar eða viðhalds félagsins eða til niðurgreiðslu lána.

til vaxtar eða viðhalds félagsins eða til niðurgreiðslu lána."

Um tíma innsti koppur í búi hjá Íbúðalánasjóði

Ólíklegt verður þó að teljast að einstök samfélagsleg umhyggja ráði för hjá Matthíasi. Ef veðmálið gengur upp og fasteignamarkaðurinn í Eyjum tekur við sér, eins og ýmislegt bendir þegar til, þá getur hann alltaf selt félagið til annarra fjárfesta eða leigufélaga.

Matthías þekkir vel til hjá lánardrottinni sínum, Íbúðalánasjóði. Hann var þar innsti koppur í búi þegar hann starfaði sem aðstoðarmaður Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, frá því í maí 2013 fram í janúar 2016 þegar hann færði sig um set til þess að aðstoða Sigmund Davíð Gunnlaugsson, þáverandi forsætisráðherra. Í störfum sínum kom hann að ýmiss konar endurskipulagningu hjá stofnuninni. Til að mynda skrifaði Eygló undir reglugerðina, vegna lána til byggingar eða kaupa leigufúða, í nóvemberlok 2013. ■

Tvífarar vikunnar

Tvífarar vikunnar eru Sigurbjörg Erla Egilsdóttir, varaþingmaður og oddviti Pírata í Kópavogi, og sjónvarpskonan geðþekka Sigrún Ósk Kristjánsdóttir.



Hinstu orðin

„Ekki deyja eins og ég.“

– Knattspyrnukappinn George Best skrifaði þessi orð á bréfmíða þar sem hann lá á banabednum á spítala, 25. nóvember 2005.

Á þessum degi, 11. maí



1310 – 54 musterisríðarar eru brenndir á báli fyrir trúvillu í Frakklandi.

1867 – Luxemborg öðlast sjálfstæði.

1949 – Siam breytir opinberlega nafni sínu í Tailand, í annað skipti. Tailand hafði verið heiti landsins frá 1939, en breytt í Siam árið 1945.



1985 – 56 áhorfendur missa lífið og yfir 200 slasast í eldsvoða á Valley Parade-knattspyrnuvöllinum í Bradford þar sem heimamenn öttu kappi við Lincoln City.

1996 – Á einum degi farast átta manns í tilraun til að komast á topp Everest-fjalls.

Kom með 25 milljónir í eigið fé

Matthías keypti fyrstu eignina í mars 2017. Flestar eignirnar voru keyptar á tímabilinu apríl til maí 2017 en sú síðasta var keypt í byrjun janúar á þessu ári. Tvær íbúðirnar eru í fjölbýlishúsi að Áshamri 59, ein í Áshamri 61 og önnur í Áshamri 75. Þá keypti Matthías heila húseign við Kirkjuveg 28 sem skiptist í þrjár íbúðir. Að auki fjárfesti hann í einni íbúð í Foldahrauni 40 og tveimur í Foldahrauni 42.

Fasteignaverð í Vestmannaeyjum er fjarri því eins hátt og tíðkast á höfuðborgarsvæðinu. Dýrasta íbúðin sem Matthías fjárfesti í kostaði 16,5 milljónir, sem er tæplega 90 fermetra íbúð í Áshamri 75. Heildarkaupverð eignanna er 126,5 milljónir króna. Matthías fékk mjög hagstæð lán frá Íbúðalánasjóði á hverja eign. Alls 80% af kaupverði hverrar eignar á 4,2% vöxtum. Það þýðir að Matthías fékk alls 101,5 milljónir króna að láni frá ríkisstofnuninni. Félag hans þurfti aðeins að leggja um 25 milljónir króna út í eigið fé til þess að eignast íbúðirnar tíu.

Ljóst er að félag Matthíasar, MPI ehf., uppfyllir þessi skilyrði fullkomlega. Í stofngögnum félagsins kemur fram að tilgangur félagsins sé „að byggja, kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri leiguhúsnæðis til lengri tíma. Félagið er ekki rekið í hagnaðarskyni og að eðlilegur rekstrarafgangur verði notaður



5 frambjóðendur sem verða ekki borgarstjóri

Tveir menn eru langlíklegastir til að verða borgarstjóri eftir sveitarstjórnarkosningarnar 26. maí, Dagur B. Eggertsson og Eyþór Arnalds. Í flóknu pólitísku landslagi gæti þó komið upp sú staða að aðrir oddvitar hreppi hnossið eða að borgarstjóri verði ráðinn inn. DV tók saman þá fimm einstaklinga sem eiga enga möguleika.



Þorvaldur Þorvaldsson

Alþýðufylkingin hefur boðið fram fjórum sinnum áður. Mest hefur hún fengið 0,4 prósent og tíftöldun þess fylgis myndi ekki duga fyrir einum borgarfulltrúa. Það er ágætt því Valdi er smíður og það er skortur á þeim í Reykjavík.



Björg Kristín Sigþórsdóttir

Þótt hún titli sig „borgarstjóraefni Höfuðborgarlistans“ í hverri grein sem hún skrifar getur Björg gleymt þeim draumi. Framboðið hefur aðeins einu sinni mælst með mann inni, í könnun sem var gerð fyrir framboðið sjálf.



Sanna Magdalena Mörtdóttir

Fari svo að Sósíalístaflakurinn nái inn manni mun Sanna, oddviti hans, ekki verða borgarstjóri. Hún mun sennilega ekki einu sinni mæta á fundi. Eins og Gunnar Smári, guðfaðir framboðsins, sagði þá munu fulltrúar flokksins starfa eins og dólgar utan hefðbundins borgarstjórnarstarfs.

Ingvar Mar Jónsson

Ingvar er flugmaður og flugvallarvinur númer eitt. Verst fyrir hann þá er flestum kjósendum slétt sama um þennan blesaða flugvöll. Í örvæntingu sinni hefur Ingvar dælt út loforðum eins og „fritt í stræti“ og „20 þúsund kjell til stúdenta“ en fylgið fikrast ekkert upp. Ætli hann verði ekki að nota moskutrompið eins og forveri hans?



Tiltekt



Við tökum til
og bjóðum valdar vörur
á stórlækkuðu verði.

FRITZ HANSEN, ROSENDAHL, STELTON,
ERIK JORGENSEN, MARIMEKKO,
JOSEPH JOSEPH, CARL HANSEN,
HAY OG ALLIR HINIR

Harpa / Skeifan 6 / Kringlan / 5687733 / epal@epal.is / www.epal.is



15-70% AFSLÁTTUR

**Í DAG FÖSTUDAG,
Á MORGUN LAUGARDAG,
Á SUNNUDAG
OG Á MÁNUDAG,
11. - 14. MAÍ**

FRÆGA FÓLKIÐ OG ÖRVAR AMORS

Í sumarbyrjun hefur ástin bankað upp á hjá nokkrum pörum, sum sem eru að hefja kynni og önnur sem eru að festa heitin fyrir hvort öðru, vinum og vandamönnum. Þessir einstaklingar eru þar á meðal. DV óskar pörunum innilega til hamingju með ástina og hvort annað.

ragna@dv.is

Sölvi Tryggva genginn út?: Kósíkvöld með Guðrúnu

Fátt vakti meiri athygli í vikunni sem leið en áhrifaríkt viðtal **Sölva Tryggvasonar** við **Guðrúnu Dögg Rúnarsdóttur**.

Viðtalið, sem birtist í Fréttablaðinu, fjallaði um alvarlegt ofbeldi sem fegurðardrottningin varð fyrir af hálfu kærasta síns sem leiddi til þess að hún þurfti að flýja land um tíma. Það tók Guðrúnu Dögg sex ár að vinna sig úr afleiðingum ofbeldisins og meðal annars átti hún erfitt með að fara út úr húsi í heima-bæ sínum Akranesi. Guðrún Dögg hefur unnið vel úr sinni reynslu og ekki skemmir fyrir að vinnsla viðtalsins virðist hafa tendrað ástarbál hjá henni og Sölva. Skömmu eftir að viðtalið birtist birti Guðrún Dögg meðfylgjandi mynd af fjölmíðla-manninum og sagði að „kósýkvöld“ væri framundan.



Fjölur Þorgeirsson undirbýr sumarbrúðkaup

Hestamaðurinn **Fjölur Þorgeirsson** er nú staddur ásamt kærustu sinni, **Margræti Magnúsdóttur**, skrifstofustjóra RÚV, og vinafólki í slökunarferð á La Marina.

Tíminn í sólarlöndum er notaður í kjólamátun þar sem Fjölur og Margrét undirbúa nú brúðkaup sitt. Ekki er vítað hvenær stóri dagurinn er, en parið hefur verið saman í rúmt ár. Þau opinberuðu samband sitt á árs hátíð RÚV í febrúar í fyrra.



Bjarney er sólin í lífi Mána



Útvarpsmaðurinn beinskeytti **Máni Pétursson**, annar Harmageddon-bræðra, og **Bjarney Björnsdóttir** giftu sig með pomp og prakt síðastliðinn miðvikudag. **David Þór Jónsson** gifti parið með gleði og glans í Hlégarði og á eftir var dansað fram á rauða nótt. Parið notaði skemmtilegt myllumerki sem gestir gátu merkt myndir sínar undir: #bjani. Rétt er þó að taka fram að orðið á alls ekki við um parið, enda bæði ríkum kostum gædd.



Marín Manda flýgur á vængjum ástarinnar

Marín Manda Magnúsdóttir, flugfreyja hjá WOW air, er virk og vinsæl á samfélagsmiðlinum Instagram.

Á dögum um brá hún sér til Pittsburg, eins af áfangastöðum WOW air í Bandaríkjunum, og frumsýndi nýjan kærasta í leiðinni. Sá heppni heitir **Hannes Frimann Hrólfsson** og hefur komið víða við í íslensku viðskiptalífi. Hann starfar á dag sem framkvæmdastjóri eignastýringar Kviku banka.



Kærastan fylgdi Ara til Lissabon

Ari Ólafsson var okkar fulltrúi í Eurovision þetta árið og þó að margir hafi haft skoðun á ágæti lagsins og hvort það ætti erindi í keppnina eða ekki, þá geta flestir verið sammála um að Ari var glæsilegur fulltrúi þjóðarinnar og skilaði sínu framlagi með glæsibrag.

Á meðal þeirra sem fylgdu Ara í þetta stærsta ævintýri lífs hans til þessa, var kærastan. Hin heppna heitir **Sigurbjörg María Kristjánsdóttir** og verður hún tvítug á árinu. Í Facebook-færslu eftir undanúrslitakvöldið síðastliðinn þriðjudag, þar sem ljóst var að Ísland kæmist ekki upp

úr undankeppni þetta árið, skrifar Sigurbjörg:

„Hann Ari minn hefur staðið sig svo ótrúlega vel síðustu mánuði. Allt sem hann hefur tekið sér fyrir hendur hefur hann gert frábærlega og ég er alltaf jafn stolt af honum. Í gær sat ég í höllinni og hlustaði á hann flytja lagið og það eina sem ég gat hugsað var: „Vá, hann gjörsamlega negldi þetta.“ Það hefur verið algjört ævintýri að fylgjast með Eurovision-ferlinu hans og sjá hvað hann hefur þroskast sem söngvari. Hann stóð sig svo vel í gær og ég gæti ekki verið stoltari af honum Ara mínum. Ari ég elska þig. Takk kæru vinir fyrir allan stuðninginn.“



Ari og Sigurbjörg María hittu leikarann Will Ferrell.



Sjáðu úrvalið
á goddi.is

**MARGAR
GERÐIR**

Sauna- og gistitunnur ásamt viðarkyntum pottum



GODDI.IS

AUÐBREKKU 19 - KÓPAVOGI - S. 544 5550

ÍSLENSKIR FEÐGAR SIT

■ Stefán Egilsson og tveir synir hans í fangelsi ■ „Peir eru áreiðanlega betur

Kristinn Haukur Guðnason
Auður Ösp Guðmundsdóttir
kristinn@dv.is/audur@dv.is



Íslenskir feðgar, Stefán Árnason Egilsson og synir hans, Stefán Árni og Donovan Tómas, sitja nú á bak við lás og slá í Minnesota-fylki í Bandaríkjunum fyrir ýmis brot. Stefán eldri og Donovan eru vistaðir í sama fangelsi. Fjölskylda þeirra heima á Íslandi vonast til þess að vistin verði til þess að þeir nái að snúa lífi sínu við.

„Við fáum afskaplega litlar fréttir af þeim og ég skil þetta ekki,“ segir Kristín Egilsdóttir, föðursystir Stefáns eldri, sem býr í Hveragerði.

Hafið þið áhyggjur af þeim?

„Nei, alls ekki. Þeir eru áreiðanlega betur settir þarna inni heldur en úti á götu. Þeir hafa verið í eiturfjum og pluma sig ágætlega þarna inni.“

Framleiddi eiturfylf

Stefán Árnason Egilsson er 51 árs gamall, fæddur 6. ágúst árið 1966, sonur hjónanna Árna og Dorette Egilsson. Stefán ólst upp á góðu menningarheimili í Los Angeles en villtist snemma af leið í lífinu og hóf feril glæpa og eiturfjaneyslu. Hann býr nú í Minnesota-fylki, í sjö þúsund manna bæ skammt frá Minneapolis sem nefnist New Prague. Kristín segir:

„Stefán kom hingað til Íslands þegar hann var ungur maður og dvaldi í nokkurn tíma en hann var í hölvuðu rugli hér líka. Þetta var áður en hann kvæntist. Síðan

„**Við höfum ekki áhyggjur af þeim í dag og þetta virðist stefna í góða átt**“

eignaðist hann þrjú börn, dóttur og tvo syni, og báðir drengirnir hans hafa verið í fangelsi. Þannig að þetta er alveg skelfilegt mál, skelfilega dapurlegt.“

Kristín segir að Stefán eldri hafi margoft verið handtekinn fyrir ýmisleg brot. Flest smávægileg en ekki öll.

„Einhvern tímann á þessum brotaferli var hann að búa sjálfur til eitthvert eiturfeni, pillur eða sýrur, og hann var tekinn fyrir það.

Þetta er löng brotasaga.“

New Prague er á mörkum sýslanna Scott og La Sueur og í dag situr Stefán inni í Scott County Jail fyrir ítrekuð brot. Þann 31. mars var hann tekinn fyrir að gefa út falsaðan tékka, taka við



Donovan Tómas Egilsson



Stefán Árnason Egilsson

þýfi, keyra án ökuskrteinis og hafa eiturfylf í sínum fórum. Þegar hann hóf afplánun sína þann 3. apríl og var að skipta um fót fannst plastpoki með hvítu dufti í fötunum hans sem reyndist vera metamfetamín. Mun þetta brot bætast við dóm hans.

Síðasti dómur sem Stefán fékk var í maí árið 2017 þegar hann var gómaður með maríjúana í fórum sínum. Í október árið 2016 fékk hann dóm fyrir innbrot, þjófnað og fyrir að gefa út falsaðan tékka.

„Ég mun kæfa þessa tík“

Börn Stefáns ólust upp á heimili sem einkenndist á eiturfjaneyslu og sífelldum brotum fjölskylduföðurins. Ekki leið á löngu áður en synirnir tveir, Stefán Árni og Donovan Tómas, hófu að feta sömu slóð. Kristín segir að systir þeirra hafi hins vegar náð að koma sér út úr ástandinu og sé í góðum höndum í dag.

„Þeir voru komnir á götuna, hreinlega talað, og þetta var alveg skelfilegt ástand. Stefán gerði foreldrum sínum lífið leitt. Auðvitað höfðu þau áhyggjur af honum með drengina. Þó að þeir séu orðnir fullorðnir í dag þá voru þeir það ekki þegar ruglið byrjaði.“

Glæpaferill Stefáns Árna hófst 13. september árið 2011 þegar hann var aðeins átján ára gamall. Þá var hann handtekinn fyrir óspektir á almannaferi og hafði sýnt af sér ofbeldisfulla og ruddalega framkomu.

Tvítugur eignaðist hann barn

og stundaði viðskiptanam við tækniháskóla í Rochester. Kristín segir að það ár hafi hann einnig heimsótt Ísland með ömmu sinni. En síðan fór allt í sama far neyslu og smábrot, svo sem fyrir ölvunarakstur í maí árið 2014 og að valda bílslysi í júní árið 2015.

Þann 16. febrúar árið 2016 fékk hann svo þriggja ára fangelsisdóm fyrir að hafa í sínum fórum sex grömm af eiturfjum, metamfetamíni, heróíni og kókaíni. Var hann færður í ríkisfangelsið í Fari-bault og síðar Moose Lake.

Donovan Tómas fékk sinn fyrsta þunga dóm árið 2016, þá nítján ára gamall, fyrir brot gagnvart hjúkrunarkonu. Þann 28. janúar það ár kom Donovan á Mayo-sjúkrahúsið í Mankato, Minnesota, til aðhlýnningar en veittist þá að hjúkrunarkonunni. „Ég mun kæfa þessa tík“, „Ég vona að hún deyi“ og „Það þarf að brjóta hauskipunna á henni til að fjarlægja heimskuna“ voru ummæli sem Donovan lét falla og var hann dæmdur fyrir ógnun og óspektir á almannaferi.

Donovan losnaði úr fangelsi og hóf afplánun á áfangheimili í desember árið 2017 og í mars lauk hann fjögurra mánaða eiturfjameðferð. Þann 9. apríl var

SÓFADAGAR

25-60% AFSLÁTTUR




Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

Síðumúla 30 - Reykjavík | Sími 533 3500
Hofsbot 4 - Akureyri | Sími 462 3504

TJÁ SAMAN Í FANGELSI

settir þarna inni“ ■ Nasistaklíkur ■ Afi frægur kontrabassaleikari



Stefán Árni Egilsson



Árni og Dorette DV 22. mars 1997.

hann kominn aftur í fangelsi fyrir líkamsárás og vörslu eiturlyfja, og situr nú með föður sínum í Scott County Jail.

Undir væng nasista

Scott County Jail er nýtt fangelsi, stofnað árið 2005. Þar eru 160 klefar, þar af 104 útbúnir fyrir tvo fanga. Fangelsið hýsir bæði gæsluvarðhalds- og langtímafanga af báðum kynjum og unglunga að ein-

hverju leyti. Þetta er fangelsi með mikilli gæslu og litlum réttindum fanga en þar eru þó ýmisleg námskeið og vinnuönguleikar fyrir þá. Þar eru hýstir brotamenn af öllum stigum, allt frá smáglæpamönnum upp í dæmda morðingja.

Moose Lake, þar sem Stefán Árni afplánar, er mun stærra fangelsi með yfir þúsund föngum, stofnað árið 1988. Aðeins karlmenn afplána þar og flestir fyrir

eiturlyfjabrot, kynferðisbrot og líkamsárásir. Auk þess eru í yfir hundrað morðingjar í fangelsinu.

Það er þekkt staðreynd að glæpaklíkur stjórna öllu daglegu lífi í bandarískum fangelsum og fara þær oft eftir kynþáttalínum. C.J. Smith, leiðtogi arískra þjóðernissinna, þekkir vel til íslensku feðganna. Þegar Stefán Árni fékk sinn þunga dóm skrifaði Smith á Facebook-síðu Stefáns eldri:


„Hann tók dóminum eins og maður, tók ábyrgð á gjörðum sínum og mun afplána með höfuðið hátt. Við í hvíta kynþættinum erum þess heiðurs aðnjótandi að fá mann eins og hann til okkar, og trúðu mér, við hvítir þjóðernissinnar erum stoltir að taka við honum og sýna honum hinn hvíta veg.“

Frægur kontrabassaleikari

Kristín segir að mál feðganna hafi fengið mikið á foreldra Stefáns eldri, þau Árna og Dorette. Árni, sem er 78 ára og hefur búið í Bandaríkjunum um áratuga skeið, er virtur kontrabassaleikari sem hefur gefið út fjölda hljómplatna

og spilað á tónleikum víða um Bandaríkin og Evrópu.

Hann lærði í Bretlandi og Hamborg og flutti til Houston og spilaði með sinfóníuhljómsveitinni þar í borg en fluttist svo yfir til Los Angeles árið 1969 þar sem hann hefur spilað inn á meira en þúsund kvikmyndir og sjónvarpsþætti. Þá átti hann í góðu samstarfi við Sir André Previn, fjórfaldan Óskars- og Grammy-verðlaunahafa. Árni hefur einnig spilað inn á klassíska plötu með píanósnillingnum Vladimir Ashkenazy og djassbassaleikaranum Ray Brown. Um tíma var hann



prófessor í kontrabassaleik við California State University.

Er Árni í sambandi við Stefán og syni hans?

„Já, að einhverju leyti sem þeir mega. En þeir hafa ekki mátt vera í miklu sambandi. Við höfum ekki áhyggjur af þeim í dag og þetta virðist stefna í góða átt. En það er reyndar ósköp lítið sem foreldramir vita og segja mér. Stefán Árni ætlar að reyna að koma sér út úr þessu og fara að læra eitthvað. Hann reyndi það á sínum tíma en það fór fyrir lítið.“ ■



C.J. SMITH

ARÍSKA BRÆÐRALAGIÐ

Aríska bræðralagið, sem stofnað var í San Quentin í Kaliforníu árið 1964, er eins konar regnhlífsarsamtök hvíttra þjóðernisgengja í Bandaríkjunum og hafa þau starfsemi bæði innan og utan veggja fangelsanna. Heildartala meðlima

er á bilinu 15 til 20 þúsund manns og stunda þeir glæpastarfsemi af ýmsum toga, svo sem eiturlyfjasölu, fjárkúgun og leigumorð. Þá reka þeir víðtæka vændisstarfsemi innan veggja.

Í fangelsum Minnesota starfa sex þekkt gengi hvíttra þjóðernissinna. Það elsta og jafnframt fjölmennasta er Prison Motorcycle Brotherhood, stofnað árið 1986.

Margir hvítir fangar ganga til liðs við klíkurnar til þess að njóta verndar, jafnvel þótt þeir styðji ekki hugmyndafræði kynþáttahyggju. Meðlimir eru flestir húðflúraðir með merkjum á borð við hakakrossinn og þórshamarinn til að merkja sig. Helstu andstæðingar þeirra eru samtök svartra, Black Guerilla Family, en bandamenn þeirra eru mexíkóska mafían, La Eme.

„Við hvítir þjóðernissinnar erum stoltir að taka við honum og sýna honum hinn hvíta veg“

Aftur í tímann með merka


■ Lífið í Reykjavík fyrir 100 árum ■ Hætti sem kaupfélagsstjóri til að gerast ljósmyndari

Kristján Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Magnús Ólafsson var listamaður með myndavélina. Hann var 75 ára þegar hann lést eftir stutta legu á Landakotsspítala þann 26. júlí 1937. Magnús var á meðal elstu og þekktustu borgara Reykjavíkur. Hann fæddist þann 10. maí 1862 í Saurbæ í Dalasýslu. Magnús giftist Guðrúnu Jónsdóttur og eignuðust þau sjö börn.

Magnús flutti ungur með foreldrum sínum til Stykkishólms. Þar nam hann verslunarfræði og 23 ára gamall gerðist hann verslunarstjóri á Akranesi og rak verslun Th. Thomsen í ein 15 ár. Þá varð hann seinna oddviti Akraneshrepps og fjárhaldsmaður kirkjunnar á staðnum og gegndi embætti sóknarnefndarmanns. Þá var hann einn stofnenda bindindisfélags Akranes. Árið 1901 ákvað Thomsen að hætta verslunarrekstri á Akranesi. Má segja að það hafi orðið gæfa fyrir fólk sem hefur áhuga á sögu og kann að meta fallegar ljósmyndir. Magnús tók þá ákvörðun að leggja fyrir sig ljósmyndagerð. Ekki leist nú öllum á þá ákvörðun, sex barna faðir með nánast tvær hendur tómar eftir flutning til



Magnús Ólafsson

höfuðborgarinnar. En Magnús var staðráðinn í að læra fagið og hélt til Kaupmannahafnar til að ljúka námi og festi kaup á þeim besta búnaði sem völ var á, kom heim og opnaði ljósmyndastofu í Reykjavík.

Á hverju sumri ferðaðist Magnús um landið þvert og endilangt og tók fagar myndir af landslagi og fólki. Eru myndir Magnúsar margar unun á að horfa og óhætt að fullyrða að hann hafi verið brautryðjandi á sviði ljósmyndunar. Vöktu myndir hans af náttúru Íslands athygli bæði hér heima og erlendis. Erfitt er að meta verk Magnúsar en ljóst að þær verða aldrei metnar til fjár. Magnús var

einnig fyrstur til þess hér á landi að lita stækkaðar myndir og nýtti til þess vatnslíti. Í minningargrein um Magnús segir að hann hafi verið teiknari góður og líklega getað orðið einn okkar fremstu listmálara hefði hann haft áhuga á að leggja þá listgrein fyrir sig. Þá mun Magnús hafa smíðað sínar eigin myndavélar.

Síðustu tíu ár ævi sinnar dró Magnús sig mikið til í hlé. Hann hafði tapað heyrn og hafði það djúpstæð áhrif á hann. Dvaldi hann því mikið á heimili sínu. Í minningargrein um Magnús segir:

„Var hann sístarfandi heima fyrir, enda næstum alltaf heilsuhraustur, þar til hann kenndi sjúkdóms þessa, hjarta bilunar, sem leiddi hann til bana eftir stutta legu.“

Myndabanki Magnúsar er geymdur hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur. Safnið er eitt fjölmargra stofnana í heiminum sem hlaðið hefur inn merki- legum gömlum ljósmyndum hjá Commons-verkefninu hjá vefsíðunni Flickr. Við hvetjum lesendur til að heimsækja Ljósmyndasafn Reykjavíkur, bæði á neti og í raunheimum.

Hér má sjá ýmsar stórbrotnar myndir sem sýna hvernig lífið var í Reykjavík og nágrenni fyrir um 100 árum. ■



1924–1925 Fólk á gangi í Austurstræti. Pósthúsið, Sápuhúsið og Íslandsbanki. Gamla bíó í byggingu.



1910–1930 Þrjónað í setustofu Sigurjóns snikkara og Elínar konu hans að Vonarstræti 8. Dóttir Páls Einarssonar borgarstjóra t.v. og sennilega Helga. Í dyrum er Sigurjón snikkari.



1910–1920 Maður og kona á hestbaki á Vonarstræti í Reykjavík.



Um 1917 Sex konur í skrudgardi við Thorvaldsensstræti 6, Önnur f.v. er Kristjana Blöndal, en önnur f.h. er Guðrún Magnúsdóttir. Í baksýn er Thorvaldsensstræti 2–4.



1910–1920 Hópur af mönnum á áningarstað við fjallavatn. Þeir virðast vera með einhvers kona mælitæki.




Hópur kvenna að tedrykkju í kringum 1910.

Besta myndasmíð landsins

■ Sex barna faðir með tvær hendur tómar ■ Smíðaði eigin myndavélar



1913, fólk á skautum á Austurvelli Þennan vetur fékk Skautafélag Reykjavíkur leyfi til að gera skautasvell á Austurvelli. Rukkaður var aðgangseyrir að svellinu, 25 aurar fyrir utanfélagsmenn og 15 aurar fyrir börn. Á góðum stundum bauð Skautafélagið síðan upp á hljóðfæraslátt og jafnvel flugeldasýningu. Takið sérstaklega eftir ríkulegum klæðaburði fólksins, sérstaklega kvennanna sem flestar eru uppáklæddar í hátískukápum og með hatta í stíl. Í bakgrunni eru byggingar við Austurstræti, nær er Hótel Reykjavík og við hlið þess nýbyggt hús, jafnan kallað Syndikatíð. Báðar þessar byggingar brunnu til grunna í miðbæjarbrunnum mikla 1915.



1908, vesturbakki Tjarnarinnar Tvílyfta bárujárnklædda timburhúsið fyrir miðju er hið fræga samkomuhús Báran eða Bárubúð eins og það var gjarnan kallað. Bárubúð brann á stríðsárnum og húsið var rífið sumarið 1945.

Brunaæfing.



Fyrir utan Landsbankann.



1920–1930
Byggingarverslunin
Hamborg í
Aðalstræti.

„Eitt sinn voru dyr að einu herbergi opnar og þar sá ég stelpu liggja meðvitundarlausu í rúminu sínu með sprautunál á kafi í handleggnum

„SAMFÉLAGINU VIRÐIST SAMA ÞÓTT FÍKLAR HÍRIST Í SKELFILEGUM AÐSTÆÐUM“

■ Áfangaheimili í ólöglegu húsnæði ■ Leigusali hefur áhyggjur af umgengni og nýtingu

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Iðhrjálegu iðnaðarhúsnæði við Vagnhöfða 7 í Reykjavík starfrækir Samhjálp áfangaheimilið Spor sem er ætlað einstaklingum sem hafa nýlokið langtíma áfengis- og vímuefnaferð og eiga ekki í önnur hús að vanda. Úrræðið er hugsað til skamms tíma en Samhjálp leigir út 17 herbergi til fíkla og innheimtir ríflegt dvalargjald. Fyrirverandi vistmaður segir að í viðtali við DV að ástand húsnæðisins sé slæmt, lítil þjónusta sé í boði, vistmenn séu nánast afskiptalausir og mikil neysla sé innan veggja áfangaheimilisins. Þá sé alvarlegt að húsnæðið sé ólöglegt til búsetu og því sé ekki hægt að sækja um húsaleigubætur.

Samhjálp leigir húsnæðið af fasteignafélaginu Regin hf. og segir forstjóri félagsins, Helgi S.

Gunnarsson, að fyrirtækið hafi haft áhyggjur af umgengni og nýtingu húsnæðisins og gert við það athugasemdir. Fjármálastjóri Samhjálp, Guðmundur Sigurbjörgsson, segir að leiguverð á almennum leigumarkaði geri það að verkum að ógjörningur sé að reka heimilið í heppilegra íbúðarhúsnæði.

Lá meðvitundarlaus með sprautunál í handleggnum

Samhjálp rekur meðferðarheimili að Hladgerðarkoti auk fjögurra áfangaheimila víða á höfuðborgarsvæðinu. Eitt þeirra er Sporið þar sem 17 einstaklingsherbergi eru til staðar með sameiginlegri eldhúsi- og baðaðstöðu. Einstaklingur sem nýlega dvaldi á heimilinu segir að gífurlegur óþrifnaður sé þar innan dyra og allur aðbúnaður í öllum hornum, húsbúnaður er

nánast ónýtur og það er „endurvinnsluylt“ yfir öllu. Ég sá reglulega dauðar mýs þar í skúmaskotum,“ segir viðmælandinn. Þá segir hann að örþunnir veggir milli herbergja geri það að verkum að persónulegt næði sé ekkert. „Ef meðleigjandi í næsta herbergi fékk símtal þá heyrði ég í þeim sem hringdi.“

Verst hafi honum þó þótt afskiptaleysi starfsfólks og lítill eftirlit. „Það er gríðarleg neysla þarna innandyrna og engin sem fylgist með því. Ég sá reglulega fólk sprauta sig innandyrna. Eitt sinn voru dyr að einu herbergi opnar og þar sá ég stelpu liggja meðvitundarlausu í rúminu sínu með sprautunál á kafi í handleggnum. Það er mikill gestagang af alls konar liði. Það eru engar öryggismyndavélar í húsinu og húsvörður kíkir bara við af og til,“ segir viðmælandinn.

Aðeins einn af sautján er edrú í dag

Að hans sögn sé boðið upp á einstaklingsviðtöl á skrifstofu Samhjálp í Kópavogi sem nánast engin sækir. Þá séu vistmenn skikkaðir til að mæta á trúarlegar samkomur í Filadelfíu einu sinni í viku auk þess sem einn opinn meðferðarfundur er í húsnæðinu í hverri viku. „Það er brot á mannréttindum að skikka mann til þess að mæta á trúarsamkomur. Meðferðarfundirnir voru stundum haldnir af vistmönnum því húsvörðurinn mætti ekki alltaf,“ segir viðmælandinn.

Að hans mati sé hreinlega verið að niðast á vistmönnum Sporsins og árangurinn sé ekki góður. „Þarna er innheimt hátt gjald fyrir ólöglegt húsnæði. Þeir sem dveljast þarna gera það af neyð og fá litla eða enga þjónustu. Af þeim sautján sem dvöldust þarna á sama tíma og ég þá er ég einn edrú í dag. Samfélaginu virðist standa á sama þótt fíklar hírist í skelfilegum aðstæðum. Þá er það ekki fyrir,“ segir viðmælandinn.

Eiga að læra að takast á við daglegt líf

Þessari upplifun deila forsvarsmenn Samhjálp ekki með viðmælanda DV. Rekstur Sporsins sé vissulega erfiður og gjaldtaka af íbúum sé hófleg en nauðsynleg til þess að halda úrræðinu úti. Árangurinn sé góður og margir nái að snúa blaðinu við.

Í skriflegu svari til DV segir Guðmundur Sigurbjörgsson, fjármálastjóri Samhjálp, að samtökin innheimti 73.150 krónur í dvalargjald sem innheimt er fyrirfram auk 30 þúsund króna tryggingargjalds ef viðskilnaður sé í lagi við brottför. „Strangar kröfur eru gerðar til umsækjenda varðandi þátttöku í eftir meðferðarstarfi. Boðið er upp á fundi og einkaviðtöl miðað við þarfir hvers og eins,“ segir Guðmundur.

Hann segir að fyrir um tveimur árum hafi Samhjálp skoðað hvort flytja ætti Sporið úr atvinnuhúsnæðinu en leiguverð hafi gert það að verkum að það hafi verið talið ógjörningur. Ástandið síðan þá hafi ekki batnað.

Að hans sögn sé Sporið heimili en ekki stofnun. Þar sé því ekki

sólarhringsgæsla. „Kostnaður við slíkt eftirlit myndi hækka leiguna. Eitt af markmiðum Sporsins er að undirbúa íbúa til að takast á við daglegt líf,“ segir Guðmundur. Hann fullyrðir að umsjónarmaður líti daglega við í húsnæðinu og ræði við íbúa. „Það eru haldnir morgunfundir með íbúum þar sem umgengni er rædd og tillitsemi við aðra íbúa. Ef íbúar verða uppvísir að því að brjóta húsreglur þá fá þeir fyrst munnlega aðvörðun, síðan tvær skriflegar og dugi það ekki til þá er viðkomandi gert að yfirgefa heimilið,“ segir Guðmundur.

Of mikið um leiguskuldir

Hann segir að hart sé tekið á neyslu. Umsjónarmaður geti farið fram á að íbúar skili þvagprufum ef grunur vaknar um neyslu. Falli íbúi á því prófi eða neiti að skila prufu þá þurfi viðkomandi að yfirgefa heimilið. Þá fær sá aðili forgang að meðferðarheimilinu að Hladgerðarkoti sem einnig er rekið af Samhjálp.

Sporið fær þrjár milljónir á ári í styrk frá Reykjavíkurborg. Leigutekjurnar ættu að vera um 1,2 milljónir á mánuði eða tæplega 15 milljónir á ári. Rekstrarumhverfið er þó erfið eftir sögn fjármálastjórans. „Miðað er við að rekstur heimilisins standi undir sér, það er að leigutekjur og styrkur frá Reykjavíkurborg standi undir útgjöldum vegna rekstrarins. Þetta er erfiður rekstur. Það er of mikið um að skjólstæðingar okkar hverfi af heimilinu og skilji eftir leiguskuldir. Þetta er fólk sem fer aftur í neyslu, sumir líta þannig á að þeir þurfi ekki að borga leigu og er af þeim sökum vísað af heimilinu. Til þessa hóps er ekkert að sækja þannig að verulegar fjárhæðir eru afskrifaðar á ári hverju,“ segir Guðmundur.

Að hans sögn er Sporið hugsjónastarf og árangur þess góður. „Þeir sem koma til okkar eiga ekki í önnur hús að vanda þegar þeir koma úr meðferð. Þeirra biður ekkert nema gatan eða greni þar sem neysla fer fram. Þá eru yfirgnæfandi líkur á því að viðkomandi detti í sama farið aftur. Engu að síður er meirihluti skjólstæðinga okkar sem nær að koma lífi sínu á rétta braut og flytur af heimilinu í eigið húsnæði. Yfir því gleðjumst við.“ ■

Skoðaðu þjónustu okkar á Xprent.is

- ➔ Inni- og útimerkingar
- ➔ Sandblástursfilmur
- ➔ Striga- og ljósmyndaprentun
- ➔ Bílamerkingar
- ➔ Gluggamerkingar
- ➔ Prentun á símahulstur
- ➔ Frágangur
- ... og margt fleira

XPRENT
Hönnun & Merkingar

SUNDBORG 1, REYKJAVÍK / SÍMI 777 2700 / XPRENT@XPRENT.IS



Flamant
tímalaus hönnun



HEIMILI & HUGMYNDIR



Ármúla 26 | 108 Reykjavík | Sími 578 4400 | heimilioghugmyndir.is



KOSNINGALOFOR

Prætt fyrir heldur daufluga kosningabaráttu er ekkert lát á stórum og margvíslegum kosningalofordum. Rúmlega sextán framboð verða á kjörseðli borgarbúa í vor og það vill enginn falla í skuggann á hinum. Sum kosningaloforðin eru gömul og hafa legið í loftinu í áratuðir á meðan önnur eru ný og jafnvel frumleg, eins og að láta Kópavog og Garðabæ borga fyrir brú frá Skerjafirði yfir á Álftanes. Það er hægara sagt en gert að ná utan um allt sem verið er að lofa og af því tilefni tók DV saman kort af höfuðborginni með þeim breytingum sem flokkarnir vilja.

ari@dv.is



Sjálfstæðisflokkurinn
15 þúsund manna byggð í Örfirisey.



Samfylkingin, Sjálfstæðisflokkurinn, VG og Píratar
Ylströnd við Skarfablett.

Samfylkingin, Píratar, VG og Viðreisn

Flugvöllur úr Vatnsmýrinni og blandaða byggð.



Samfylkingin
Miklubraut í stökk.

Höfuðborgarlistinn

Brú yfir Skerjafjörð, yfir til Kársness og þaðan yfir á Álftanes. Kópavogur og Garðabær borga.



Borgin okkar – Reykjavík
Hraðmyndavél í Álmgæði.



Sjálfstæðisflokkurinn
Samgöngumiðstöð í Kringlunni.

RÖÐIN Í REYKJAVÍK



Frelsisflokkurinn
Úthverfi í Viðey.

Miðflokkurinn
Sundabraut frá Laugarnesi, framhá Viðey og Grafarvogi, yfir Geldinganes og framhá Mosfellsbæ.



Íslenska þjóðfylkingin og Frelsisflokkurinn
Enga mosku í Sogamýri.



Miðflokkurinn
Landspítalinn á Keldur.

Samfylkingin, Píratar, VG og Viðreisn
Borgarlína



Sjálfstæðisflokkurinn, Miðflokkurinn, Viðreisn og fleiri
Stóra byggð í Úlfarsárdal.



Logi heldur framhjá með karlmönnum

■ Er Guðfinna of venjuleg í kynlífinu? ■ Hvað á Logi að gera?

Logi minn, karlagirndin er ekki málið!

Hæ Ragga
Það tók langan tíma að safna kjarki til að skrifa þetta bréf til þín. Erindið varðar mál sem fyllir mig skömm og kvíða. Ég er kannski tvíkyhnheigður en get ekki hugsað mér að horfast í augu við það. Síðustu fimmtán ár hef ég leyft mér af og til að hitta karlmenn og stunda með þeim kynlíf. Þegar það er afstaðið líður mér hræðilega illa – ég fer heim, reyni að haga mér edlilega og gleyma þangað til þörfin kviknar aftur. Ég er í sambúð með konu, sem hefur varað í 20 ár. Hún veit ekkert. Ragga mér líður ógeðslega illa yfir þessu – hvað á ég að gera?

Með kveðju, Logi

Hæ Logi

Málið snýst um að þú ert búinn að vera haldandi framhjá konunni þinni í einn og hálfan áratug. Þess vegna líður þér illa. Kynhneigðin kemur málinu ekki við. Jú, ókei, það er örugglega glatað að vera hertekinn af skömm yfir kynhneigð öll þessi ár – en hættu fyrst að halda framhjá eða

„Ég er í sambúð með konu, sem hefur varað í 20 ár. Hún veit ekkert

endaðu sambandið með konunni svo þú getir stungið getnaðarlim þínum á þá staði sem þig langar. Margir lifa þannig lífi! Meira að segja innan sambanda, því opin sambönd eru líka til!

Eitt að lokum – ég ræð þér frá því að hrynja á hnén og játa allar syndir þínar fyrir konunni – það kann sjaldnast góðri lukku að stýra. Skömmin er þín og úrvinnslan er þín, ekki dömpa þessu yfir á konuna.

Gangi þér vel, kærri vinur, Ragga

Er Guðfinna of venjuleg í kynlífinu?

Hæ Ragga
Ég fylgist mikið með umræðu um kynlíf og sambönd í samfélaginu, meðal annars með þínum skrifum. Mér finnst merkilegt og heillandi að uppgötva hvað fólk er að þæla og gera varðandi kynlíf, en á sama tíma hef ég orðið hugsi varðandi mitt eigið kynlíf. Ég er svo rosalega venjuleg. Ég er í sambandi, 49 ára gömul, stunda kynlíf að meðaltali tvisvar í viku án allra tækja, leikja eða hlutverka – í raun bara inni í rúmi og fíla það í botn. Sjálfsfróun stunda ég af og til, og ef ég kík á klámefni er það yfirleitt kynlíf konu og karls í trúboðastillingu. Ég hef aldrei haldið framhjá, ekki maðurinn minn heldur (svo ég viti), og mig hefur aldrei langað í annan mann þessi 9 ár sem við höfum verið saman. Nú spyr ég – getur verið að ég sé of venjuleg? Er ég óvenjulega venjuleg? Er ég að missa af alls konar?

Bestu kveðjur, Guðfinna

Elsku venjulega Guðfinna

Mælikvarðinn á gott kynlíf er að viðkomandi fái þarfir sínar uppfylltar og upplifi ánægju. Mér sýnist á öllu að þú sért einmitt svo heppin að vera í þeirri stöðu. Kynlíf er svo magnað fyrirbæri. Öll (vel flest að minnsta kosti)

„Er ég óvenjulega venjuleg? Er ég að missa af alls konar?

höfum við grunnþörf fyrir kynlíf og nánd við aðrar manneskjur, en svo er fjölbreytnin í smekk, tjáningu og virkni hér um bil óendanleg. Samkvæmt tölfræði frá Kinsey-kynlífrannsóknastofnuninni frægu stunda aðeins 28% fólks yfir 45 ára kynlíf einu sinni í viku eða oftar – mörgum ætti því að finnast þú ansi virk og meiriháttar flippuð því þú horfir á klám af og til. Kinsey vitnar á heimasíðu

stofnunarinnar í rannsókn frá 2006 þar sem aðeins 4% kvenna viðurkenna að hafa horft á klámefni síðasta mánuðinn. Í nýrri rannsóknunum eru tölurnar hærrí – en konur eru þó mun líklegri en karlar til að halda klámnotkun sinni leyndri.

Þannig að þín upplifun á því að vera voðalega venjuleg er algjörlega út frá sjálfri þér. Það er nákvæmlega ekkert að því að njóta kynlífs í þeim mæli og á þann hátt sem þú segir frá í bréfinu. Ef þú hins vegar finnur fyrir forvitni eða löngun til að prófa eitthvað nýtt, hvet ég þig eindregið til að ræða það við manninn þinn og kanna hvort grundvöllur sé fyrir smá kynferðisflippi í sambandinu.

Bestu kveðjur, Ragga

Kynlífsorðabankinn

Um nokkra hríð hefur ykkar einlæg safnað nýyrðum og orðskýringum sem tengjast kynlífi. Íslenska tungan er vissulega göfug og ljóma sveipuð, en á sama tíma ansi fátæk þegar kemur að orðum og hugtökum um kynlíf, kynhneigð sambönd og svoléðis nokkuð.

- **Handrið** – sjálfsfróun, óháð kyni.
- **Að fara suður** – að veita munnngælur.
- **Að fara afsíðis** – að stunda sjálfsfróun.
- **Tindermyndablinda** – þegar einstaklingur skráir sig á Tinder og birtir óviðeigandi myndir – er ekki dómbær á eigin myndir.
- **Bróner** – holdris karlmans af völdum karlkyns vinar.
- **Brómantík** (e. bromance) – djúp vinátta eða ást milli tveggja gagnkynhneigðra karlmanna.
- **Kynlífsþynnka** – tómléikatilfinning eftir rikulega ástundun kynlífs. Oft hægt að koma í veg fyrir með samtölum og knúsi.
- **Skeggblinda** – þegar skeggsækni einstaklings er á það háu stigi að annað í fari þess skeggjaða, svo sem persónuleiki, hættir að skipta máli.
- **Bjullur** – brjóst á karlmanni. Hjá sumum karlmönnum safnast fita undir geirvörtur á bringunni svo úr verða brjóst. Fræðiheitið er „gynecomastia“. Stundum er orsökina trúflun á hormónastarfsemi en í öðrum tilfellum er fitudreifing líkamans um að kenna.
- **Rimma** – sögnin að rimma vísar til þess þegar tunga er notuð í þeim tilgangi að örva endaparmsop.
- **Tvípoka** – þegar tveir smokkar eru settir á lim fyrir samfarir. Þess ber að geta að framkvæmdin er ekki talin fela í sér aukna vörn gegn þungun eða smiti sjúkdóma.
- **Loótaco** – píka. Tveir barmar, safaríkt innihald – og hárl!
- **Kvensmokkur** – sérstakur smokkur úr pólýúretan-plastefni sem notaður er til að klæða leggöng fyrir samfarir. Á báðum endum er stinnur hringur sem heldur smokkunum á sínum stað.
- **Reðurteppa** (e. cockblock) – prýðileg íslenskun á þessari sögn. Hér er átt við þegar einstaklingur kemur í veg fyrir möguleika á kynlífi þar sem karlaður tekur þátt.
- **Skonsa** – nýyrði yfir kynfæri kvenna. Komst fyrst í hámbæli eftir fyrirsögn í frétt Morgunbladsins.

- **Slólli** – sleikur eða tungukoss.
- **Dráttarvél** – titrari, kynlífsleikfang.
- **Búðingur** – vottur af holdris hjá karlmanni.
- **Gæluvarðhald** – kynlífsleikur þar sem aðili er bundinn og þiggur gælur í því ástandi.
- **Líkþrá** (e. necrophilia) – þráin eftir því að hafa samræði við lík.
- **Samlóka** – vísar til kvenna sem hafa átt sömu ástmennina, samanber kvíðmágar sem lengi hefur verið notað um karlmenn sem hafa sængað með sömu konunni.
- **Argur** – að vera argur þýddi áður fyrr að vera samkynhneigður karlaður.
- **Handavinna** – að nota hendurnar til örvunar kynfæra.
- **Mótorbátur** – þegar andlit er sett milli brjósta, blásíð og höfuð hrist á sama tíma.
- **Þjókal** (e. booty call) – símtal, gjarnan seint um kvöld, þar sem boðið er til kynlífsstundar.
- **B-blettur** – vísar til blöðruhálskirtils karlmanna. Hægt er að örva blöðruhálskirtilinn gegnum endaparm og magna þannig upp tilfinningu við fullnægingu.
- **Kynsæl/I** – einhver sem stundar mikið kynlíf og nýtur kynferðislegra vinsældna.
- **Hnefaleikar** (e. fisting) – það athæfi þegar hnefi er settur inn í líkamspop til kynferðislegrar örvunar.
- **Andlitsseta** (e. face sitting) – þegar kona situr klovvega á andliti annarrar manneskju til dæmis þannig að snípur nemi við nef og leggöng við munn.
- **Saflát** (e. female ejaculation/squirting) – losun á vökva við fullnægingu hjá konu. Vökvinn kemur úr kirtilvef sem umlykur þvagrásina og er svipaður að samsetningu og vökvinn sem blöðruhálskirtill karlmanna framleiðir.

Áhugasömum um málþróun, nýyrði og skilgreiningar má benda á vefinn [Kynsegin frá ö til a - www.otila.is](http://Kynsegin.frá.ö.til.a-www.otila.is)

Ragnheiður Eiríksdóttir er hjúkrunarfræðingur og kynlífsráðgjafi hjá Áfalla- og sálfræðimíðstöðinni, Hamraborg 11. ragnaeiriks@gmail.com www.ragnaeiriks.com

Geríð gæða- og verðsamanburð

Ný og rúmbetri verslun

100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD

20% afsláttur


vefverslun svefnogheilsa.is

Svefn & heilsa
★★★★★

Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Húsgagnaál - Höfn í Hornafirði | Bara snilld ehf. - Egilsstöðum

RÚMFÖT & LÖK mikið úrval
HANDKLÆÐI Mikið úrval
SLOPPAR fyrir bæði kyn



Normx ehf. hefur sett framleiðslu sína á smáhýsum í sérstakt fyrirtæki sem hlotið hefur nafnið Húseining ehf. Húseining mun framleiða smáhýsi, sumarhús og einbýlishús í nýrri verksmiðju að Hraunholti 1. Vogum. Kynnið ykkur framleiðsluvörur okkar á vef fyrirtækisins: www.huseining.is

Við framleiðum:

Smáhýsi frá 14,99 - 39,9 m²

Sumarhús frá 67 - 111 m²

Einbýlishús frá 161 - 400 m²

Smart Einbýli 73 m²

Parhús frá 200 - 333 m²

Raðhús frá 55 - 120 m²

Forsteypta sökkl

Verð og gæði í fyrirrúmi, íslensk framleiðsla.



Húseining ehf. Hraunholti 1, 190 Vogum. Símar 770-5144 og 787-5144.
www.huseining.is kjartan@huseining.is soffia@huseining.is



GÓÐ ÞJÓNU



**SVO ALLT
GANGI
SMURT**



KÍKTU Í KEMI OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ!

STA Í 20 ÁR



kemi

Tunguhálsi 10 • www.kemi.is

Tók á sig launalækkun til að vera áfram hjá KR

■ Líkir sjálfum sér við Pajero-jeppa ■ Segir gagnrýnina hafa átt rétt á sér

Hörður Snævar Jónsson
hoddli@433.is



Ég er bara þokkalega sáttur, svona eftir þessa leiki þá værum við til í að vera með fjögur stig en það er ekkert galið að vera með þrjú stig. Við erum búnir að fara á tvo af erfiðustu útivöllum deildarinnar, við vorum helvíti svektir að hafa náð að jafna gegn Val en missa það niður svo. Það var svekkjandi, við vonandi lærum af því og erum með þrjú stig núna. Þetta voru sterk þrjú stig í Garðabænum. Við erum að koma til baka í báðum leikjum og erum að sýna karakter, við klárum leikinn í Garðabæ eftir að hafa verið undir. Það er mikill karakter í okkur, þegar Stjarnan jafnar í 2-2, þá hættum við aldrei. Náum sigurmarkinu,“ sagði Pálmi Rafn Pálmason, miðjumaður KR og fyrrverandi landsliðsmaður í knattspyrnu, þegar DV ræddi við hann í vikunni. Pálmi hefur farið af stað með látum í sumar, skorað í báðum leikjum KR og virkar með meira sjálfstraust en áður. KR tapaði fyrir Val í 1. umferð Pepsi-deildarinnar en vann góðan sigur á Stjörnunni í 2. umferð.

Pálmi kom heim úr atvinnu-mennsku haustið 2014 og var afar eftirsóttur biti, öll stærstu lið landsins höfðu áhuga á að fá hann. Pálmi valdi að fara í KR sem gerði marga stuðningsmenn Vals reiða. Pálmi hafði nefnilega átt frábæran tíma í Val áður en hann fór í atvinnu-mennsku árið 2008. Miðjumaðurinn, sem er 33 ára gamall, hefur mátt þola talsvert mikla gagnrýni síðan hann kom heim, sumt af henni hefur átt rétt á sér en annað ekki.

Vonandi er Rúnar að hitta á rétta blöndu

Rúnar Kristinsson tók við þjálfun KR í vetur eftir magurt ár í fyrra. Rúnar þekkir það að ná árangri sem þjálfari KR en honum til aðstoðar er Bjarni Guðjónsson. Bjarni var einmitt þjálfari KR á fyrsta eina og hálfra tímabili Pálma í liðinu. „Það eru litlar breytingar, þetta er kjarni sem hefur verið lengi saman, það er alltaf kostur. Fyrir tímabilið í fyrra gekk allt í haginn. Við unnum miknið á undirbúningstímabilinu en svo fór að ganga illa þegar mótið var flautað á. Þá vill þetta oft verða þannig að þetta verður ströggil, það var lítið sjálfstraust í liðinu þá. Við höfum náð að snúa þessu, Rúnar og Bjarni hafa verið að prófa hina og þessa útfærslu á leik okkar og hvað hentar okkur best. Það hafa margir spilað og þeir hafa skorað allt, þeir eru vonandi bara að hitta á rétta blöndu. Við förum inn með svolítið öðruvísi lið í leikinn gegn Stjörnunni en gegn Val í 1. umferð. Þeir eru með fulla stjórn á því hvernig við eigum að koma inn í leiki, svo er það okkar að vinna úr því að gera það almennilega.“

Loksins að spila sína stöðu

Undir stjórn Bjarna og síðar Willums Þórs Þórssonar hjá KR



var Pálmi oftast ekki að spila aftarlega á miðsvæðinu, staða sem hans helstu hæfileikar nýtast ekki vel í. Þetta sá Rúnar og var fljótur að breyta. „Það var eitt af því fyrsta sem Rúnar sagði við mig þegar við töluðum saman, hann vildi hafa mig fram á vellinum en ég hef verið síðan ég kom heim. Planið hefur alltaf verið að ég ætti að vera fram á vellinum, svo hafa bara komið upp aðstæður sem hafa orðið til þess að öll þessi ár hef ég verið aftar á vellinum. Ég hef verið í varnarsinnuðu hlutverki, það er ein ástæða þess að ég hef ekki verið að setja neitt svakalega mikið af mörkum. Ég hef fengið sóknarsinnaðra hlutverk hjá Rúnari, þetta eru bara tvö mörk samt. Ef ég held þessu ekki áfram, þá er það ekkert sem verður talað um.“

Mér líður betur í þessari stöðu, þetta hefur verið minn leikur í gegnum tíðina. Koma með hlaup inn í teiginn og vera í kringum markið. Í gegnum ferilinn hef ég náð að skora svolítið af mörkum, flest af þeim eru inni í teig. Ég á það til að koma mér í færi og þá er það undir mér komið að nýta þau, mér líður vel að fá svona frjálst hlutverk. Það gengur vel þessa stundina, svo er það bara spurning hvað þeir vilja gera. Ég geri það sem þjálfararnir segja mér og reyni að gera það vel.“

Gagnrýnin varla ósanngjörn

Þegar talið berst að gagnrýni á leik Pálma síðustu þrjú árin segir hann að hún hafi átt rétt á sér, það hafi hins vegar spilað inn í að hann lék ekki sína bestu stöðu. „Hún hefur örugglega ekki verið ósanngjörn, hún getur varla verið ósanngjörn. Ég veit ekki hversu mikil eða lítil hún var, ætli hún hafi ekki bara verið sanngjörn. Ég held að það hafi verið reiknað með því að ég kæmi heim og myndi skora svolítið af mörkum, ég gerði það ekki. Ég hef oft verið dæmdur af mörk-

„Ég vil meina að ég eins og góður Pajero, ég fer frá A til B, geri það alltaf. Fer það ekki hratt en ég fer það.“

unum sem ég skora, það er alveg eðlilegt að svo sé. Ég hef ekki verið að spila neitt sóknarsinnað frá því að ég kom heim fyrr en kannski núna, ég geri kröfur til sjálfs mín. Ég hef sjálfur ekki verið sáttur við mig, þannig séð. Mér finnst ég hafa skilað mínu hlutverki ágætlega, ekkert hræðilegt, ekkert stórkostlegt. Ég veit vel hvað ég get, mér finnst ég hins vegar vera að fá það út núna, miðað við þá stöðu sem ég spila. Mér finnst ég vera að fá meira út úr því sem ég get. Þessi gagnrýni átti alveg rétt á sér.

Ég hef ekkert verið ósáttur við spilamennsku mína í því hlutverki sem ég hef fengið, ég var ekki ósáttur við sjálfan mig í fyrra. Maður vill alltaf meira, ég býst við miklu af mér. Mitt hlutverk var að koma boltanum í spil og reyna að brjóta niður sóknir, frekar en að búa til og klára. Ég skilaði ekki hræðilegu verki í því að byggja upp spil, ég var þá eðlilega ekki á hinum endanum að reyna að klára eins og núna. Ég vil alltaf meira.“

Framtíðin var óljós

Samningur Pálma við KR var að renna út eftir síðustu leiktíð, það tók talsverðan tíma fyrir KR að klára málin við hann og hann átti í viðræðum við önnur lið. Pálmi vildi hins vegar fyrst og fremst vera í KR, hann telur sig eiga óklárað verk í Vesturbænum. „Það var bara bið og ég var ekkert stressaður nema kannski undir lokin, ég var að því leyttinu til ekki sáttur við að vera að fara frá KR þarna. Mér finnst ég ekki hafa lokið því sem ég ætl-

aði mér hérna, það líkar mér illa. Mig langar að ná takmörkum mínum í KR, langar að vinna titla hérna í Vesturbænum. Það er eitt af því stærra að vinna titla með KR, það er gríðarlega góð stemming í klúbbnum þegar gengur vel. Mig langar að upplifa það, ég var að vonast til þess síðasta haust að við næðum saman. Svo við gætum byggt upp eitthvað gott, vera í baráttu um að vinna eitthvað. Ég fór ekki langt í viðræður við önnur lið, það var í raun ekkert annað í gangi. Það var alltaf í fyrsta sæti að halda áfram, það var aldrei nein alvara í neinu öðru.“

Tók á sig launalækkun

Til að vera áfram í KR þurfti Pálmi að lækka laun sín, hann hafði verið einn launahæsti leikmaður deildarinnar. KR er ekki í Evrópukeppni í ár og hefur félagið ekki sömu fjármuni til að spila úr og áður. Pálmi var meðvitaður um það og eftir að hafa bara verið í fótbolta hefur hann farið út á vinnu-markaðinn. „Það er ekkert feimnismál, ég tók á mig launalækkun. Ég kom heim úr atvinnu-mennsku og það voru fleiri lið en KR sem vildu fá mig þá, það var þannig. Ég fékk góðan samning, það var aldrei neitt mál. Ég var miklu meira en til í það, ég reiknaði aldrei með því að ég myndi vera áfram á því sama og ég var. Það var líka fínt að fara að reyna að koma sér út á vinnu-markaðinn, reyna að fara að gera eitthvað af viti þar. Það var aldrei neitt vandamál fyrir mig að taka einhverja launalækkun, það var lítið sem ég hugsaði út í það. Ég byrjaði um áramótin hjá VÍS og er bara að gera allt vitlaust þar, ég er í toppmálum þar. Það er öðruvísi að vera að vinna með fótboltanum, ég hef gaman af því. Það var farið að kítla að vinna aðeins, það styttest í að ferlinum ljúki. Það er ekki eins og ég eigi fleiri, fleiri ár eftir. Það er fínt að fara að búa sér til ferilskrá á almennum vinnu-markaði. Ég er ekki

enn þá klár í að hætta í fótboltanum, þegar maður hættir að hafa gaman af þessu og líkaminn segir stopp, þá verður maður að hætta og gott að vera með reynslu af vinnu.“

Eins og góður Pajero-jeppi

Þrátt fyrir hækkandi aldur er Pálmi í frábæru formi, hann hefur sloppið vel við meiðsli og segist ekki finna neinn mun á sér frá unga aldri. „7, 9, 13, þá hef ég verið mjög heppinn með meiðsli í gegnum tíðina. Ég breytti aðeins til í vetur og fór í crossfit úti á Granda. Þar voru ég, Óskar Örn Hauksson og Grétar Sigfinnur. Þar vorum við í þjálfun, við vorum látnir taka helvíti vel á því. Á köflum var maður að hugsa hvað í andskotanum maður væri að gera þarna. Hann kom manni í mjög gott stand á stuttum tíma, svo reynir maður að halda sér í frábæru formi. Ég hætti í crossfit þegar ég fór að vinna, núna er það bara vinna og æfa með liðinu. Ég finn ekki neinn mun á mér, ég hef aldrei verið fljótur að hlaupa. Ég hef lítinn hraða að missa, svo lengi sem ég er ekki 25 sekúndur með 100 metrana þá er þetta í góðu lagi. Ég finn ekki neinn mun, ég er í mjög góðu formi og held auðveldlega út í 90 mínútur. Ég vil meina að ég eins og góður Pajero, ég fer frá A til B, geri það alltaf. Fer það ekki hratt en ég fer það.“

Þetta er KR

Þegar Pálmi er spurður um markmið KR í sumar kemur fljótt í ljós að hann er meðvitaður um kröfurnar í Vesturbæ, þær eru alltaf að vinna titla. „Við stefnum á Evrópusæti, þar á KR að vera. Þangað stefnum við, auðvitað viljum við svo vera með í baráttu um titilinn. Við ætlum að bæta árangurinn frá því í fyrra, ef það gengur upp sem við erum að leggja upp með. Ef við náum í úrslit, þá viljum við vera með í baráttunni. Þetta er KR,“ sagði þessi geðþekki Húsvíkingur að lokum. ■



Allar almennar pústviðgerðir *endurnýjun og sérsmíði*



Fluid Film

Umhverfisvæn ryðvörn í hæsta gæðaflokki. Eykur endingu bílsins og inniheldur engin skaðleg leysiefni.



Betra Púst

**Hagstæð verð
& góð þjónusta**

Opið:

Mán-Fim frá
8-12, 13-18

Fös frá
8-12, 13-16

Betra púst ehf / Skógarhlíð 10 / Sími 555 7070 / betrapust@betrapust.is



Súðurlandsbraut 14
2. hæð
108 Reykjavík

FRÉTTASKOT
512 7070
ABENDING@DV.IS

Útgáfufélag: Frjáls fjölmiðun ehf. Stjórnarformaður: Sigurður G. Guðjónsson
Frákvæmdastjóri: Karl Garðarsson Adalritstjóri og ábyrgðarmaður: Kristján Kormákur Guðjónsson
Aðstoðarritstjóri: Einar Þór Sigurðsson Prentun: Landsprent Dreifing: Árvakur

DV áskilur sér rétt til að birta adsent efni blaðsins á stafrænu formi og í gagnabókum án endurgjalds. Öll víðtöl blaðsins eru hljóðrituð. Notkun á efni blaðsins er óheimil án samþykkis.

Aðalnúmer: 512 7000
Auglýsingar: 512 7050
Ritstjórn: 512 7010

Sandkorn

Dagur loks í formanninn

Samkvæmt nýj-
ustu könnunum
bendir allt til að
Dagur B. Eggerts-
son vinni góðan
sigur í borginni
enn og aftur.



Gangi það eftir er hann um leið orðinn „sterki maðurinn“ í Samfylkingunni. Logi Einars-son, sem varð formaður flokksins fyrir tilviljun, er ágætlega þokkaður en þykir tilprifalíttill og hverfa í skugga nýrri stjarna eins og Helgu Völu Helgadóttur.

Því má slá föstu að Dagur geti orðið formaður þegar hann vill, og innan flokksins er vaxandi stuðningur við að hann verði fenginn í formanns- stólinn fyrir næstu kosningar.

ORÐIÐ Á GÖTUNNI

Að læra af göfugum mistökum

Orðið á götunni er að drykkjfelldir ofbeldismenn skjálfi nú á beinunum. Og er það ekki vegna þess að þeir séu að reyna að hætta að drekka. Í fyrradag kynnti nefnilega Dagur B. Eggertsson borgarstjóri, fyrir hönd borgarinnar, ásamt fulltrúum lögreglu, slökkviliðs, og skemmtistada- eigenda, samkomulag um ofbeldis- lausa og örugga skemmtistadi.

Til að ná fram markmiðum sínum, eiga dyraverdir til dæmis að vera sérstaklega merktir á upphandlegg og munu fulltrúar samkomulagsaðila funda ársfjór- ungslega. Þá má ekki afgreiða fólk sem er sýnilega ölvað, eða ekki til þess bært að gæta að eigin öryggi, um áfengi.

Þetta göfuga markmið um að útrýma ofbeldi á skemmtistöðum verður að teljast ansi ... göfugt.

Orðið á götunni er að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Þorsteinn Pálsson ranghvolfi nú augum sínum yfir þessu útspli í aðdraganda borgarstjórnarkosninganna, þar sem þau hafi ekki sérstaklega góða reynslu af göfugum markmiðum af þessu tagi, en í embættum sínum sem borgarstjóri og dómsmálaráð- herra árið 1997, kynntu þau stefnu sína um fíkniefnalaus Ísland fyrir árið 2000. (Sem gjarnan var eignað Framsóknarflokknum). Það göfuga markmið náðist ekki.

Orðið á götunni er að alltaf megi læra af göfugum mistökum annarra, því Dagur hafði þó rænu á að setja ekki neinn tímaramma á hvenær nákvæmlega ofbeldið ætti að heyrja sögunni til á skemmtistöðunum.



Aurinn sparður en krónunni kastað

Leiðari

Björn Þorfinnsson
bjornth@dv.is



Fullkomið neyðarástand ríkir í meðferðarmálum á Íslandi, sérstaklega hjá ungu fólki, en stjórnvöld virðast ekki gefa málinu nægjanlegan gaum. Á sama tíma virðist framboð fíkniefna aldrei hafa verið meira og ein af afleiðingum þess er að fíklar hríðfalla í valinn. Fyrir rúmum mánuði stakk undirritaður niður penna til að vekja athygli á því að dauðsföll fíkla á ári hafi nær tvöfaldast síðastliðin tvö ár. Síðan þá hafa fíkniefni krafist fleiri fórnarlamba en án þess að það vekji sérstaka athygli. Nístandi sorg heltekur fjölskyldur þegar þessir einstaklingar eru jarðaðir, oft í kyrrþey. Því miður er skömm- in yfir þessum örlögum ástvina stundum jafn erfið viðureignar og sorgin. Þessar tilfinningalegu hamfarir eru aldrei teknar með í reikninginn þegar misvitirir hand- hafar fjárvaldsins reyna að meta í hvað eigi að ráðstafa skattfé okkar.

Til dæmis er í dag aðeins pláss fyrir um sextán einstaklinga á unglingsaldri í vímuefna- meðferð. Tugur getur fengið aðstoð



á tveimur meðferðarheimilum á vegum Barnaverndarstofu og sex fengið inni í neyðarvistun á barna- og unglingsáæðeild. Þing- maður Samfylkingarinnar, Helga Vala Helgadóttir, vakti athygli á því að í fimmtán skipti í mars- mánuði einum þurfti að vísa börn- um í verulegri neyð frá á neyðar- vistun BUGL. Þetta ástand er með öllu ólíðandi og er samfélagi okkar til skammar. Við verðum að gera betur og það hlýtur að vera bein- línis þjóðhagslega hagkvæmt.

Það er stórkostlegt tap fyrir þjóðfélagið þegar einstakling-

ur leiðist út í alvarlega neyslu og því lengur sem hún varir hrann- ast kostnaðurinn upp. Þessir einstaklingar skila litlum skatt- tekjum, en valdu ærnum tilkostnaði hjá lögreglu, í réttarkerfi, hjá barnaverndaryfirvöldum og öllum þeim félags- og velferðarúr- ræðum sem hið opinbera starfræk- ir. Þá má fullyrða að yfirgnæfandi meirihluti þeirra sem sitja inn- an veggja íslenskra fangelsa sé þar vegna afbrota sem tengjast vímuefnafíkn. Á dögunum reiknaði Guðmundur Ingi Þóroddsson, fangi og formaður Afstöðu, það út

að fangelsisvist hans hefði kostað skattborgara um 135 milljónir þau 14 ár sem hann hefur setið inni. Það er aðeins fangelsisvistin, tak- ið eftir.

Það hlýtur því að koma til álita að stóruka framlög til meðferðar- mála og byggja upp kerfi sem getur strax gripið inn í þegar börn og unglingar virðast vera að missa fótanna. Það er dýrt að byggja upp slíkt kerfi en með því að leyfa nú- verandi ástandi að viðgangast þá erum við að spara aurinn en kasta krónunni. ■

MEÐ OG Á MÓTI EUROVISION

Haukur Viðar Alfredsson, hugmynda- og textasmiður

Ég fíla Eurovision vegna þess að ég er spennufíkill. Mér er alveg sama um þessa músík núorðið. Ég vil bara fylgjast með stigagjöfnni og upplifa þann tilfinningarússibana sem hún er. Bölvu þegar við fáum ekki stig, fagna ákaft þegar við fáum þau. Hughreysta sjálfan mig þegar staðan er orðin vonlaus. „Jújú, þetta er enn þá hægt. Koma svo, Búlgaría! Við dælum milljón- um í tannlæknana ykkar á hverju ári. Er til of mikils ætlast að þið launið okkur greiðann með tólf stigum?“ Það versta sem gerst hefur í sögu Eurovision var þegar við hættum að sjá hvert einasta stig birtast í rauntíma. Núna kemur bara bunki í einu frá hverju landi og svo 8, 10 og 12 stig. Frekar glatað. En já, stigagjöfin er engu að síður ástæðan fyrir því að ég




MEÐ

fíla Eurovision. Það, ásamt möguleikanum á að gleðjast þegar Dan- mörku gengur illa. Helvítis Dan- mörk!

Þórarinn Þórarinnsson blaðamaður

Ég hef svo sem ekkert á móti Eurovision en vil þó sem minnst af þessari lágkúru- legu forarvilpu vita og held henni markvisst fyrir utan minn reynsluheim. Sem er í raun ósköp lítið mál með því að forðast RÚV í nokkrar vikur á vorin og skella við skollaeyrum. Keppnin hefur auðvitað ósköp lítið með gæði að gera, hvorki varðandi tónsmíð- ar né söng, þannig að eiginlega er innbyggjast í eðli hennar að mesta ruslið er líklegast til árangurs. Ætli virkilega góð lög vinni ekki á tveggja til þriggja áratuga fresti? Væntanlega fyrir misskilning. Ég man í svipinn að- eins eftir All Kinds of Everything frá 1970. Ég var ekki einu sinni fæddur þá. Ég er háður hryllings- myndum, áfengi, símanum mín- um, kynlífi, símatímanum á Út-



Á MÓTI

varpi Sögu, svörtu kaffi, lakkrís og annarri óáran en mikið ósköp upplifi ég alltaf frjálsan í maí þegar ég horfi á fólk ganga af göflunum yfir þessari átakanlegu uppákomu.

Spurning vikunnar

Eiga samkynhneigðir karlar að fá að gefa blóð?



„Mér finnst það. Þeir eru alveg eins og allir og það myndi ekki breyta neinu.“

Daði Arnarsson



„Já, ég hygg það. Það er hægt að skima það vel að engin hætta skapast.“

Þorleifur Hólmsteinsson



„Já, mér finnst það sjálfsgott og eðlilegt.“

Aníta Hansen



„Já, ef mennirnir eru rannsakadir á undan.“

Ásta Baldursdóttir

SECRET × SOLSTICE × 2018

21.-24. JÚNÍ × REYKJAVÍK × ICELAND

SLAYER

STORMZY GUCCI MANE

BONNIE TYLER clean bandit

DEATH FROM ABOVE STEVE AOKI  J HUS

6 L A C K GOLDLINK Skream iamddh

ϕw̄ JET BLACK JOE  +DUBFIRE

 KOLLEKTIV TURMSTRASSE högni

A-Z

6LACK [US] AGENT FRESCO [IS] ALI LOVE [UK] ALVIA [IS] ANDREA JÓNS [IS] ARON CAN [IS] ARTWORK [UK] ÁSA [IS] BENSOL [IS] BETWEEN MOUNTAINS [IS] BIRGIR [IS] BIRGIR HÁKON [IS] BIRNIR [IS] BJARKI [IS] BONNIE TYLER [UK] CAPTAIN SYRUP [IS] CARLA ROSEMARY [IS] CASANOVA [IS] CASIO FATSO [IS] CELL7 [IS] CHARLOTTE DE WITTE [BE] CLEAN BANDIT [UK] COSMIC BULLSHIT [IS] COLE [IT] COLIN PERKINS [IE] DEATH FROM ABOVE [CA] DJ FRÍMANN [IS] DJ KARÍTAS [IS] DREAM WIFE [UK/IS] DROOG [US] DUBFIRE [US] EARTHGANG [US] EGYPTIAN LOVER [US] ELLI GRILL [IS] ERN [US] FEVER DREAM [IS] FLÓNI [IS] FOR A MINOR REFLECTION [IS] FOX TRAIN SAFARI [IS] GDRN [IS] GEISHA CARTEL [IS] GENTLEMAN'S DUB CLUB [UK] GEORGE CLINTON & PARLIAMENT FUNKADELIC [US] GÍSLI PÁLMI [IS] GKR [IS] GODCHILLA [IS] GOLDLINK [US] GRÚSKA BABÚSKA [IS] GUCCI MANE [US] GUSGUS (DJ) [IS] HAM [IS] HELGI B X IGNA [IS] HILDUR [IS] HÖGNI [IS] HOLMAR [IS] HUGINN [IS] IAMDDH [UK] INDIGO THEORY [HU] J HUS [UK] J.I.D [US] J.PHILIP [US] JET BLACK JOE [IS] JFDR [IS] JOEY CHRIST [IS] JOHN ACQUAVIVA [CA] JOHNNY AND THE REST [IS] JÓIPÉ X KRÓLI [IS] KILO [IS] KLOSE ONE [UK] KOLLEKTIV TURMSTRASSE [DE] KRBEAR [IS] LANDABOIS\$ [IS] LOGI PEDRO [IS] MAHER DANIEL [CA] MARBS (DESERT HEARTS) [US] MARCO FARAONE [IT] MASEGO [US] MATT TOLFREY [UK] MIGHTY BEAR [IS] MIKE THE JACKET [IS] MUSHY [UK] NITIN [CA] PETRE INSPIRESCU [RO] PINK STREET BOYS [IS] RAGGA HÓLM [IS] RARESH [RO] THE RETRO MUTANTS [IS] REYKJAVÍKURDÆTUR [IS] RHADOO [RO] RYAN CROSSON [US] RYTHMATIK [IS] SHAUN REEVES [US] SKAÐI [IS] SKREAM [UK] SLAYER [US] SPRITE ZERO KLAN [IS] STEVE AOKI [US] STORMZY [UK] STUÐMENN [IS] STURLA ATLAS [IS] SURÁ [IS] SWEATY RECORDS [IS] SYLVIA [IS] ÚLFUR ÚLFUR [IS] UNA STEF [IS] UNE MISÈRE [IS] VALA CRUNK [IS] VALDIMAR [IS] VICKY [IS] VIO [IS] VÖK [IS] WAFF [UK] WE MADE GOD [IS] YOUNG KARIN [IS] YUNG NIGO DRIPPIN [IS] ... AND MANY MORE

REYKJAVÍK, ICELAND / 24 HOURS OF NON STOP SUN / LAVA TUNNEL / GLACIER RAVES / MIDNIGHT SUN BOAT PARTIES / 100 + LIVE ACTS & DJS / TICKETS FROM: £158 / \$215 / €180

SECRETSOLSTICE.IS

#SECRETSOLSTICE

 moving your way



 ICELANDIC GLACIAL



 TVG-ZIMSEN OFFICIAL LOGISTIC PARTNER





Natalie Gunnarsdóttir vekur athygli hvert sem hún fer. Síðasta áratuginn hefur hún verið einn þekktasti plötusnúður landsins en nú hefur hún ákveðið að venda kvæði sínu kross og hella sér út í pólitík. Á dögunum var tilkynnt að Natalie væri í 10. sæti hjá Sósíalístafloknum í Reykjavík og hún tekur virkan þátt í baráttunni. Steingerður Sonja hittir Natalie og ræddi við hana um tónlistina, brostið heilbrigðiskerfi, réttindabaráttu aldraðra, fordóma Íslendinga, móðurina sem hún hefur örsjaldan hitt og æxlin tvö sem breyttu öllu.

Steingerður Sonja Þórisdóttir
ritstjorn@dv.is



Natalie fæddist í Chicago í Bandaríkjunum árið 1980. Faðir hennar var bandarískur en íslensk móðir hennar var búsett þar ytra. Aðeins þriggja mánaða gömul var Natalie send í fóstur til ömmu sinnar og afa og þar ólst hún upp. Hún hef-

ur aldrei haft nein samskipti sem heitið getur við foreldra sína. „Pabbi er látinn en mamma er búsett hérna heima. Ég hef hitt hana örsjaldan en þekki hana voða lítið. Hún tekur ekkert þátt í lífi mínu,“ segir Natalie.

Móðir Natalie á tvær aðrar dætur, hálsystur Natalie, en systurnar eiga ekki heldur í neinum samskiptum. „Þær vita alveg af mér og

ég hef reynt að koma á samskiptum milli okkar en það hefur ekkert orðið úr því. Þetta er óneitanlega mjög sérstök fjölskyldudýnamík. Ég og móðir mín eigum ekki í neinu mæðgnasambandi og höfum aldrei verið. Við erum eins og tvær fjarskyldar hálsystur. Þau fáu skipti sem við hittumst þá er andrúmsloftið mjög skrýtið.“

Natalie segir að hún hafi oft

spurt sig af hverju hún hafi verið send í fóstur en þeirri spurningu verður líklega aldrei svarað. „Ég er búin að sætta mig við að ég muni líklega aldrei fá nein svör við því og ég veit ekki hvað var í gangi hjá móður minn á þessum tíma. En það er samt óneitanlega sérstakt að senda þriggja mánaða barn í varanlega pössun. Þegar ég sé þriggja mánaða barn í dag á ég ótrúlega erfitt með að ímynda mér þetta eða hvernig þetta kom til. Það brotnar alltaf eitthvað inni í mér þegar ég sé börn á þessum aldri.“

Móðurbróðirinn barðist við ólæknandi hrörnunarsjúkdóm

Natalie kom á mjög erfiðum tíma inn í líf ömmu sinnar og afa. Móðurbróðir hennar, Þorvaldur Helgi, lá fyrir dauðanum og álagið á heimilinu var gríðarlegt. „Frændi minn, sem þá var aðeins 21 árs gamall, þjádíst af ólækn-

„Á þessum tímamarki var sársaukinn einfaldlega orðinn óbærilegur því æxlið hafði stækkað svo mikið

andi hrörnunarsjúkdómi. Hann fæddist eðlilegur en síðan blindaðist hann og svo byrjaði líkaminn að hrörna. Ég kom inn á heimilið síðasta árið sem hann lifði. Amma sá um að hjúkra syni sínum og þessi baráttu lagðist þungt á hana,“ segir Natalie.

Þar sem amma Natalie var önnur kafin þá kom það í hlut

„Ég upplifði mikla höfnun“

Natalie á barnaldri
Hún kom inn í líf ömmu sinnar og afa á mjög erfiðum tíma. Móðurbróðir hennar lá þá fyrir dauðanum, rétt rúmlega tvítugur að aldri.



afa hennar að taka hitann og þungann af umönnun barnsins fyrsta árið. Það hafi ekki verið neinn hæðarleikur því afi Natalie var blindur og einhentur eftir alvarlegt slyss sem hann lenti í þegar hann var tíu ára gamall. „Amma og afi kynntust í gegnum Blindrafélagið.

Móðurbróðir minn var í Blindarskólanum og afi vann hjá Blindrafélaginu. Amma var einstæð móðir með tvö börn, móður mína og bróður hennar, þegar þau kynntust. Þau höfðu verið lengi gift þegar ég kom til sögunnar,“ segir Natalie.

Hún segir að mikil sorg hafi ríkt á heimilinu en að lítið barn hafi gert það að verkum að amma hennar og afi hefðu þurft að halda dampi. „Jarðarför Þorvalds Helga og eins árs afmæli mitt voru með mánaðar millibili. Þetta var ótrúlega mikil sorg og erfið reynsla en

mitt í öllu því ferli þurftu þau að annast mig, hágrátandi ungbarn sem þjáðist af ónotum í maga og sárum eyrnavekjum. Ég á stundum erfitt að ímynda mér hversu erfiður þessi tími hefur verið fyrir ömmu mína og afa. Lífið varð að halda áfram og þau stóðu sig mjög vel,“ segir Natalie.

Stráði glimmeri yfir sárin

Að sögn Natalie reyndi amma hennar að láta þessar sérstöku aðstæður vera sem eðlilegastar. Til dæmis reyndi hún að halda ein-

hverjum samskiptum milli barnabarnsins og dóttur sinnar. „Ég var í mjög sérstöku símasambandi við foreldra mína fyrstu árin. Ég fékk símtöl og á afmælisdögum og hátíðardögum með löngu millibili,“ segir hún.

Aðspurð hvernig sambandið hafi verið milli móður hennar og ömmu segir Natalie að það hafi aldrei verið rétt. „Ég er ekki með allar upplýsingar um hvernig þetta æxlaðist allt saman. Amma var bara að reyna að gera gott úr þessu og hafa alla ánægða svona

eins og típísk íslensk húsmóðir á þessum tíma. Það var ekkert rétt, bara reynt að strá glimmeri yfir sárin.“

Þegar Natalie varð aðeins eldri þá segist hún hafa upplifað erfiðar tilfinningar vegna afskiptaleyis foreldra sinna. „Ég tók þetta mjög nærri mér. Ég upplifði mikla höfnun og þessi fáu skipti sem við hittumst ýfðu upp þau sár,“ segir Natalie. Þá hafi húðlitur hennar og útlit gert að verkum að krakkar gerðu aðsúg að henni. „Ég varð fyrir miklu áreiti þegar ég var barn. Það var endalaust verið að segja mér að ég ætti ekki heima hér og ég ætti að fara. Fara eitthvert annað, fara heim. Ég skyldi sjálf eiginlega ekki af hverju ég væri á Íslandi, en hvert átti ég að fara?“

Á Sjöunda dags adventistum mikið að þakka

Natalie, sem verður 38 ára í sumar, hóf nám í Ísaksskóla sem barn og fór svo í Austurbæjarskóla sem var hennar hverfissskóli. „Ég gat bara verið eitt ár þar af því ég varð fyrir svo miklu einelti. Í kjölfarið var ég send í skóla Sjöunda dags adventista, Suðurhlíðaskóla. Þá var hann nýstofnaður og þar átti ég yndislega tíma. Ég upplifði þeirra trú ekki sem eitthvað öfgafulla. Hún er ótrúlega kærleiksrík og ég á adventistum mikið að þakka, þetta er ótrúlega gott fólk. Þeir eru ekki að ganga í hús. Þeir eru bara þarna og eru ekki að þröngva neinu upp á neinn.“

Eftir frábær ár í Suðurhlíðaskóla þá tók hún tvö síðustu árin í Hagaskóla og fór síðan í Kvinnaskólann. Á báðum stöðum leið henni vel og eignaðist fjölmarga vini sem hún er enn í sambandi við. Á menntaskólaárunum byrjaði hún að þeyta skífum og kom fyrst fram opinberlega um tvítugt.

Stofnaði hljómsveit með afa sínum

„Tónlist hefur alltaf verið stórt partur af lífi mínu, hún hefur verið mitt athvarf. Alltaf þegar eitthvað bjátaði á og aðstæður urðu óbærilegar þá gat ég leitað í tónlistina,“ segir Natalie. Hún segir að afi hennar hafi leikið stórt hlutverk í að kynna þennan heim fyrir henni. „Hann var flinkur tónlistarmaður og þegar ég var sjö ára þá stofnuðum við saman hljómsveit. Þetta var dúett og við kölluðum okkur Dúóbandið. Ég var á trommum en afi spilaði á harmoniku, einhentur og blindur,“ segir hún kímín.

Það lá þó ekki fyrir Natalie að slá í gegn með þjóðlagatónlist. „Ég heillaðist af danstónlist og byrjaði að sanka að mér plötum og nauðsynlegum tækjabúnaði. Ég hafði mikinn áhuga á því hvernig lög „mixuðust“ saman og ég byrjaði að vinna með ákveðinn hljóðheim mjög snemma,“ segir hún.

Hætti að drekka í kjölfar veikinda

Natalie varð mjög fljótleiga vinsæll plötusnúður og hefur æ síðan haft nóg að gera á þeim vettvangi. Einn óhjákvæmilegur fylgifiskur skemmtanalífsins er neysla áfengis og Natalie þurfti að taka slaginn við Bakkus.

„Ég var með mikið af beygluðum hugmyndum um lífið og tilveruna eftir æskuárin.

Síðan kynnist maður áfengi og þá deyfir það allt kerfið og skapar tímabundna vellíðan. Fyrst um sinn fannst mér áfengið algjör lífsbjörg og tók neysluna föstum tökum,“ segir hún. Fljótleiga hafi þó áfengið farið að vinna gegn henni en þrátt fyrir það hafi það tekið hana mörg ár að átta sig á því að áfengið myndi ekki leysa neina vandamál. „Ég vildi óska þess að ég hefði fengið þau skilaboð fyrr á lífsleiðinni að það eru til aðrar og betri leiðir til að vinna úr hlutunum en með áfengi.“

Í starfi sínu verður Natalie vör við mikla áfengis- og vímuefnaneyslu og hún segir að sársauki sé rauði þráðurinn. „Ég sé alltaf ótrúlega mikinn sársauka. Þetta er oft í raun og veru afleiðing en ekki orsök af einhverju stórkostlegu sári og vanlíðan sem er verið að deyfa. Svo er áfengi þannig að ef þú ferð að drekka mikið af því, þá ánetjastu því og þá ertu komin í eitthvert hyldýpi sem er mjög erfitt er að komast upp úr.“

Fyrir ári tók hún þá ákvörðun að nóg væri komið og að hún myndi aldrei aftur drekka. Hún var komin með nóg af þessum lífsstíl en veikindi hennar og ömmu hennar hafi opnað augu hennar.

„Það gerðist bara eitthvað hjá mér. Ég var búin að vera svo lengi að rekast á sömu veggina að ég hugsaði með mér að þetta væri orðið gott. Núna er kominn tími til að takast á við þessa erfiðleika og gera það heilshugar og vera svolítið fullorðin í því. Það var bara ákvörðun tekin, og ég er sem betur fer með gott fólk í kringum mig sem hjálpaði mér takast á við þetta.“

Með tvö æxli í maganum

„Ég byrjaði að finna fyrir miklum magaverkjum og fór upp á spítala. Ég var sett í einhverjar rannsóknir sem skiluðu engum árangri og mér var sagt að það amaði ekkert að mér. Á þessum tíma var sársaukinn nánast orðinn óbærilegur. Ég neitaði því að gefast upp og krafðist þess að ég yrði rannsökuð betur. Í kjölfarið var ég sett í myndatöku og þá kom í ljós að ég var með tvö æxli í maganum sem höfðu sennilega verið til staðar í mörg ár. Annað var orðið mjög stórt,“ segir Natalie.

Hún segir að um mikið áfall hafi verið að ræða en ekki síður hafi hún orðið fyrir vonbrigðum með íslenskt heilbrigðiskerfi. „Eins fáránlega og það hljómar þá var ég svo óheppin að greinast um sumartíma og það þýddi að ég var sett á biðlista til þess að fá frekari greiningu. Megnið af sumrinu vissi ég ekki hverju ég ætti von á, hvort þetta væri góðkynja eða illkynja æxli. Þetta var hrikalega erfiður tími,“ segir Natalie.

Eftir langa bið og mikla óvissu hafi hún hringt miður sín á spítalanum og spurt hvort að það væri virkilega eðlilegt að hún gæti ekki fengið svör um veikindi sín. „Skilaboðin voru þau að það væru margir í sömu stöðu og ég, hringjandi grátandi í fullkominni óvissu á spítalanum,“ segir Natalie. Það var ekki fyrir en Natalie fór til einkalæknis á eigin vegum að hún komst loks í aðgerð.

„Sá skar mig upp og þá kom í ljós að þetta voru tvö æxli í maganum sem voru sem betur fer góðkynja,“ segir hún. Hún segir að veikindin breytt sýn hennar á lífið og tilveruna. Sérstaklega hafi þessi slæma reynsla hennar af heilbrigðiskerfinu gert að verkum að hún hafi viljað hafa áhrif á samfélagið til betri vegar og því farið að gefa stjórnmálum gaum.



Lítill fjölskylda Natalie ásamt ömmu sinni og afa, Guðríði Jóhönnu Jensdóttur og Gunnari Guðmundssyni.

Eldra fólk á miklu betra skilið

Hún segist hafa ákveðið að hella sér út í baráttu Sósíalístaflokksins þrátt fyrir að hún geti staðsett sig víða á hinum pólitíska skala. „Ástæðan fyrir því að mig langar að leggja þeim lið er sú að þetta er fólk sem er ekkert búið að heyrast í og þetta er fólk sem er raunverulega að halda uppi samfélaginu okkar, sem er í lægst launuðu störfunum. Ég held að fólk átti sig ekki á því en þetta fólk gjörsamlega heldur uppi landinu okkar og þetta fólk hefur það verst. Ef þessar stöðir fara að hrynja þá verður þetta bara eins spilaborg og ég vil ekki einu sinni ímynda mér hver afleiðingin verður.“

Natalie segist hafa staðið í miklu stappi fyrir ömmu sína og afa og þá hafi örorka afa hennar veitt henni innsýn í þann heim. „Það er búið að vera ótrúlega erfitt að sjá um þeirra mál og líka að sjá þau fara inn á þessar stofnanir og sjá hvernig aðbúnaðurinn er þar. Það vantar svo mikið upp á. Það er eins og fólk átti sig ekki á því að á einhverjum tímum þá verðum við öll gömul. Það vill enginn enda á einhverjum stað sem er bara geymslustaður, eldra fólk á miklu betra skilið og þetta á ekki að vera svona.“

Hroki að gera lítið úr láglaunafólki

Hún segist hafa vonað fyrir hverjar einustu kosningar að þetta stökkaðist upp og yrði betra en hún hafi alltaf orðið fyrir vonbrigðum.

„Allt virðist fara í eitthvert ákveðið far sem þjónar hagsmunum ótrúlega lítills hóps. Það er ekki verið að hugsa um heildina, það er bara staðreynd. Við sjáum hvernig þetta er með lóðaúthlutunir og við sjáum hvernig allt virkar í þessu landi. Þetta er ekki fyrir heildina. Við búum í það litlu landi að þetta á ekki að vera svona mikið mál. Með allar þessar auðlindir, það er skammarlegt að svona margir hafi ekki aðgang að mannsæmandi lífi. Mér finnst það ekki sanngjarnt.“

Hún segist hafa orðið vör við fordóma fyrir því að hún sé að leggja þessu framboði lið en ekki öðrum.

„Fólk spyr mig: „Hvað ertu að gera? Er þetta ekki bara eitthvað láglaunafólk og öryrkjar?“. Ég skynja þá fordóma sem þetta fólk er að verða fyrir og það einfaldlega sviður. Það sannfærir mig enn frekar um að ég sé að gera rétt. Ég reyni þá að útskýra fyrir því að þetta sé fólk sem sé að hugsa um börnin þeirra, þetta sé fólk sem er að láta hjól atvinnulífsins snúast. Ætlaðu að fara að gera lítið úr þessu fólk líka? Hversu mikill getur hrokinn verið? Ég mótmæli þessu og mig langar ekki að búa í samfélagi þar sem er lítið niður á ákveðinn hóp af því hann er ekki

Það er eins og fólk átti sig ekki á því að á einhverjum tímum þá verðum við öll gömul

eins og klipptur út úr einhverju tímariti. Mig langar að búa í samfélagi þar sem allir hafa það gott.“

Hún segir að forsvarsmenn Sósíalístaflokksins hafi nálgast hana að fyrra bragði og boðið henni að taka þátt í baráttunni. „Ég fór að skoða hvað þau voru að gera og sá hvað það er algjörlega með hjartanu. Það er engin tilgerð, þetta fólk sem er að koma fram, og þú sérð það á sögunum sem það er að deila. Þetta er fólk sem er að koma fram hreint og beint, til dyranna eins og það er klætt, ekkert kjaftæði í gangi. Mér finnst það vera ferskur blær í þessa pólitík sem er í gangi núna.“

Þarft ölmusu til að komast í gegnum veikindi

Hún veltir því fyrir sér hvernig standi á því að fólk borgi skatt alla sína ævi en svo virðist heilbrigðiskerfinu ekki vera fært að sinna fólk sem skyldi. „Ég fór með afa í gegnum það þegar hann fékk krabbamein 2011, svo ég þekki ágætlega til. Það á ekki að þurfa einhverja samfélagssöfnun þegar við erum öll að borga okkar útsvar, okkar skatta og okkar gjöld. Það grípur þig enginn og þú þarft að biðja um ölmusu frá samborgurum þínum til að geta komist í gegnum veikindi. Þessu dæmi þarf að breyta. Ég er að vona núna að við getum breytt þessu, því þetta er skammarlegt ástand.“

Hún bendir á að oft sé það þó þannig að fólk kjósi flokka sem fari þvert gegn þeirra persónulegu hagsmunum.

„Af því að þarna kemur skömm. Það er fólk sem þorir ekki að fara í örorkumat, þetta veit ég fyrir víst, af því það vill ekki fá þennan stimpil sem öryrki, af því að það er búið að búa til eitthvert skrímsli úr öryrkjum. Það er líka það, að ef þú ert öryrki en þig langar samt að leggja hönd á plóg þá máttu það ekki. Það er bara allt eða ekkert. Þetta fólk á ekki að þurfa skammast sín fyrir að hafa veikst á einhverjum tímum þínum og geta ekki tekið hundrad prósent þátt í atvinnulífinu. Þetta fólk á ekki að þurfa að skammast sín.“

Hún segist vona að flokkurinn fái tækifæri til að taka þátt í því



ferli sem er óumflýjanlegt til að bæta stöðu þeirra sem verst hafi það.

„Þótt ég virkilega voni að Sósíalístaflokknum gangi vel þá skiptir langmestu máli að samfélagsvitundin muni breytast. Að fólk átti sig á því að það hafi það ekki allir jafn gott. Ég er líka að vonast til þess að í kjölfar þess að fólk deilir sínum sögum að samfélagið í heild muni átta sig á því hve slæm staðan hjá sumum er.“

Útvarp Saga ýtti undir veikindi ömmu

Afi Natalie lést árið 2011 eftir erfiða baráttu við krabbamein. Hún segir að dauði hans hafi reynst litlu fjölskyldunni erfiður. „Við vorum alltaf bara þrjú, lítill fjölskylda og því var það gríðarlegt áfall að missa hann. Jólin fyrstu tvö árin á eftir voru mjög erfið og þá grétum við amma mikið,“ segir Natalie. Síðan þá hefur hún annast ömmu sína samhliða starfi sínu en fyrir nokkrum árum fór að bera á ellið hjá ömmu Natalie.

„Ég tók eftir því að hún var orðin ringluð og utan við sig. Hún hlustaði afskaplega mikið á Útvarp Sögu og ég tel það hafa gert hana enn þá ruglaðri. Það ýtti undir veikindin og olli henni mik-

illi vanlíðan. Útvarp Saga fyrir heilabílað fólk er eins og að hella olíu á eld. Stöðin sendir út miskunnarlausan hræðsluáróður og þegar þú byrjar að missa tókin og fá heilabilun þá gleypirðu við öllu sem heilögum sannleika,“ segir Natalie.

„Það er stöðugt verið að ala á hatri gagnvart innflytjendum og flóttamönnum. Amma var farin að verða mjög hrædd og fékk mjög brenglaðar skoðanir á þessum málaflokki,“ segir Natalie.

Jól með flóttamönnum eyddu fordómum

Hún hafi þá dottið ofan á snjalla lausn sem tengdist því hversu erfið jólin höfðu reynst þeim eftir að afi hennar kvaddi. „Þetta var fyrir tveimur árum þegar umræðan um flóttafólk var í hámarki. Þá sá ég fréttir um að margir flóttamenn myndu halda jólin hjá Hjalpræðishernum og að það væri mikil þörf á sjálfbodaliðum. Ég ákvað að skrá mig og skráði ömmu sem gest,“ segir Natalie.

Að sögn Natalie komst amma hennar í mikið uppnám þegar hún heyrði af fyrirætlanunum. „Amma er auðvitað af þessari kynslóð sem er ekki vön fjölmenningu. Síðan dynja á henni þessu brengluðu

sjónarmið Útvarps Sögu sem gera það að verkum að fræjum fordóma er sáð,“ segir Natalie. Hún hafi þó náð að sannfæra ömmu sína um að koma með sér, ekki síst með því að segja henni frá öllum börnunum sem yrðu á staðnum og fengju þarna mögulega einu jólapakkana frá Hjalpræðishernum,“ segir hún.

Amma lét tilleiðast og við áttum ótrúlega fallega stund saman. Starfið sem Hjalpræðisherinn vinnur er stórkostlegt. Þarna sungu allir saman jólasöngva og fögnuðu þessari hátíð saman, sama hveir trúar þeir voru. Þessi stund breytti ömmu, þarna sá hún innflytjendur og útlendinga í réttu ljósi. Hún hlustar enn á Útvarp Sögu en áhrifin af þessari stund gerðu það að verkum að fordómar hennar hurfu alveg,“ segir Natalie.

Hún segist hafa heillast af þessari upplifun, því hafi hún ákveðið að heimsækja Hjalpræðisherinn aftur síðustu jóli. „Amma kom ekki með í það skipti. Hún fékk pláss á Grund í október og því kíkta ég til hennar í kaffi eftir hátíðarhöldin. Þetta gefur mér ótrúlega mikið og gott að geta látið eitthvað gott af sér leiða á þessum degi. Þetta er það sem jólin snúast um,“ segir Natalie. ■

Sumarið

11. maí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is



VERNDADU HÚÐINA ÞÍNA FYRIR ÓÆSKILEGUM ÁHRIFUM SÓLARINNAR:

Evy veitir vörn í allt að sex tíma í einu

Sumarið er tími sólarinnar, flestir Íslendingar taka henni fagnandi og margir eiga í vændum sólböð ýmist hér á landi eða á erlendum sólarströndum á næstu mánuðum. Sólin er yndisleg en hún henni fylgja líkar hættur og vandamál sem nauðsynlegt er að bregðast við með góðri sólarvörn. Evy Technology er margverðlaunuð sólarvörn sem helsta keppnisfólk okkar í íþróttum hefur valið sem opinbera sólarvörn sína. Evy hentar einnig almenningi þrýðilega og hjálpar okkur öllum að njóta sólarinnar og verjast ókostum hennar.

Evy veitir allt að sex tíma vörn, jafnvel við hinar erfðustu aðstæður, við íþróttaiðkun, í söltum sjó, í sundi, í þurrum vindi og við mikið snjóendurkast.

Sólin getur skaðað þó að þú brennir ekki

Mikilvægt er að hafa í huga að hægt er að skaðast af sólinni án þess að sólbrenna. Evy inniheldur bæði háa vörn gegn UVA- og UVB-geislum. Þeir síðarnefndu valda sólbruna. UVA-geislar berast hins vegar inn um gluggarúður og geta valdið húðkrabbameini hjá þeim sem vinna mikið fyrir innan glugga, til dæmis flugmönnum. Þá er vert að hafa í huga að snjór endurkastar allt að 85% af sólargeislum og þess vegna er

svo margt skíðafólk brennt á sólardögum.

Evy Technology inniheldur sólarvarnarstuðulinn SPF30 sem veitir 97% vörn gegn UVB-geislum og 90% vörn gegn UVA-geislum. Þetta er þrefalt meiri vörn en venja er.

Margverðlaunuð sólarvörn

Evy Technology hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar. Nýlega hlaut varan verðlaun í óháðri alþjóðlegri keppni sem haldin var án styrktaraðila. Um 600 snyrtivörumerki tóku þátt og vann Evy fyrstu verðlaun sem besta SPF-andlitsvaran og besta SPF-líkamsvaran (body product).

Enn fremur valdi timaritíð Tara Evy Technology sem bestu sólarvöru ársins 2017.

Eftirtalin landslið og samtök á Íslandi hafa lýst yfir að Evy Technology er opinber sólarvörn þeirra:

Sjá nánar á vefsíðunni www.evy.is.





GOLFKLÚBBUR AKUREYRAR OG ARCTIC OPEN:

Það er dýrlegt að spila golf á Akureyri

Akureyri er að mörgu leyti unaðsreitur kylfinga enda er þar hægt að stunda þessa vinsælu íþrótt í ægifyggru umhverfi við afar góðar aðstæður. Golfvöllurinn að Jaðri er eini 18 holu völlum utan höfuðborgarsvæðisins og undanfarin ár hefur átt sér stað mikil og farsæl uppbygging á svæðinu. Hið einstæða golfmót Arctic Open er síðan þekkt meðal kylfinga víða um heim, enda engu líkt að leika golf undir miðnættið á bjartasta tíma ársins, nærri heimskautsbaug.

Golfklúbbur Akureyrar, GA, rekur golfvöllinn að Jaðri og Lundsvöll, sem er 9 holu völlum rétt innan við Vagla-

skóg. Enn fremur rekur GA Golfhöllina, sem er æfingarsvæði fyrir kylfinga á neðri hæð íþróttahallarinnar á Akureyri. Meðlimir í klúbbnum eru um 700 talsins og fá þeir aðgang að allri þessari aðstöðu sem sífellt er verið að endurbæta.

„Hér hefur orðið mikil uppbygging síðustu tíu árin í samstarfi við Akureyrarbæ ásamt gríðarlegri sjálfböðavinnu. Við hjá GA erum mjög lánsöm hversu mikið og óeigingjarnt starf hefur verið unnið af hálfu sjálfböðaliða á öllum sviðum, ekki einungis við uppbyggingu svæðisins heldur einnig því sem lýtur að rekstri GA. Endurbætur hafa verið gerðar á flötum og

teigum á Jaðri og lokahnykkurinn í þessu ferli var nýtt æfingarsvæði sem tekið var í notkun árið 2016. Núna veitum við kylfingum einhverja þá bestu aðstöðu sem völ er á,“ segir Steindór Kristinn Ragnarsson, framkvæmdastjóri GA.

Eins og nærri má geta eru margir kylfingar á Akureyri en golfvöllurinn að Jaðri er líka mjög vinsæll meðal ferðamanna. „Hér er vaxandi ferðamennska og undanfarin þrjú ár hefur tölverður fjöldi ferðamanna komið hingað úr skemmtiferðaskipum. En meirihluti ferðamanna sem nýta sér golfvöllinn að Jaðri er samt Íslendingar,“ segir Steindór.

Golf í miðnætursól

Hið magnaða golfmót Arctic Open verður haldið dagana 20.–23. júní. Kylfingar sem tekið hafa þátt í mótinu segja það vera draumkennda upplifun að spila golf í blóðrauðu sólarlagi um miðnæturbil svo nærri heimskautsbaugi. Stemningin í kringum mótið er engu lík og þátttakendur eiga ógleymanlegar stundir í góðra vina hópi.

Nánari upplýsingar um Arctic Open er að finna á vefsíðunni arcticopen.is.

Nánari upplýsingar um GA og golfaðstöðu á Akureyri er að finna á vefsíðunni gagolf.is eða í síma 462-2974.


HM Skjáriinn tryggir Suðurnesjabúum alvöru HM-stemningu

Þetta verður samkomustaður fyrir Suðurnesjabúa sem vilja koma saman og lifa sig inn í leiki landsliðsins. Það er alltaf svo mikil áhersla á Reykjavík og mér þykir vissulega vænt um höfuðborgina en það má ekki gleyma því að hér á Suðurnesjum býr mjög margt fólk sem hefur brennandi áhuga á gengi strákanna okkar,“ segir Sveinn Fannberg, einn af rekstraradilum HM Skjásins í Reykjanesbæ en hinir eru Trausti Egilsson og Hilmar G. Guðbjörnsson.

Um er að ræða risaskjá sem byrjað verður að setja upp þann 11. júní og allt verður klárt á fyrsta leikdegi, sem er 14. júní, en keppnin stendur yfir til 15. júlí.

Að sögn Sveins er verkefnið tímafrekara og kostnaðarsamara en hann hafði grunað: „Þetta er ótrúlega mikil vinna, miklu meiri en mig hafði grunað. Að finna rétta skjáinn, fá tilskilin leyfi fyrir sýningunum, finna auglýsendur og kostendur, þetta er búið að standa yfir alveg frá því í október en núna er allt að verða klárt og allir samningar frágengnir.“

Að sögn Sveins hefur gengið vel að fá fyrirtæki til að styrkja verkefnið og vonir standa til að þetta komi út á sléttu eða skilið jafnvel örlitlum hagnaði. „En það verður enginn ríkur af þessu og það er ekki tilgangurinn,“ segir Sveinn.



Verður stærra og íburðarmeira en á EM Skjáriinn verður settur upp fyrir framman ráðhúsið í Reykjanesbæ, rétt hjá frægri pulsusjoppu (Villa borgara) í hjarta bæjarins. Risaskjár var einnig settur upp þegar EM stóð yfir 2016 og að sögn Sveins voru þá 2–3.000 manns samankomnir þegar mest var. Sveinn býst við mun meiri aðsókn núna, til dæmis vegna þess að færri Íslendingar munu fara til Rússlands til að sjá leikina en fóru á EM í Frakklandi. Auk þess verður miklu meira tilstand í kringum sýningarnar núna: „Strákarnir í Tölfunni koma og keyra



upp stemninguna. Þá mun akstursíþróttafélagið hér á Suðurnesjum heimsækja okkur á fyrsta leiknum og

lofa gestum að skoða glæsilega bíla. Veitingasala verður á staðnum sem stelpurnar og aðstandendur kvennaliðs Keflavíkur sjá um, meðal annars verða pitsur frá Domino's, og björinn verður einhver sá ódýrasti sem sögur fara af, eða 500 krónur hálfur lítri,“ segir Sveinn og lofar okkur frábærri HM-stemningu í Reykjanesbæ í sum-ar.

ÁFRAM ÍSLAND!
Fjórið er rétt að byrja!
www.hmskjarinn.com



Sláðu í gegn á Skaganum

Golfklúbburinn Leynir á Akranesi á sér langa og merka sögu en klúbburinn var stofnaður árið 1965 og hélt upp á fimmtugsafmæli sitt árið 2015 með glæsilegu Íslandsmóti. Árið 2013 hófst nýtt og farsælt tímabil í starfi klúbbsins er hann tók að nýju yfir rekstur og umsjón golfvallarins Garðavallar á Akranesi eftir fimm ára samstarf við Golfklúbb Reykjavíkur árin 2008–2012. Guðmundur Sigvaldason hefur verið framkvæmdastjóri klúbbsins síðan 2013:

„Þessi síðustu fimm ár hafa verið farsæl og eitt af því sem mikil áhersla hefur verið lögð á er endurnýjun tækjakosts. Góður golfvöllur þarf góðan tækjakost og höfum við endurnýjað sláttuvélar og annan búnað sem þarf til að halda vellinum við. Í þetta hefur verið lögð mikil vinna og mikið fé en ómissandi þáttur í viðhaldi vallarins er hins vegar framlag félagsmanna sem hafa lagt fram mikla sjálfböðavinnu með einum eða öðrum hætti. Hér hefur verið lögð mikil áhersla á að efla félagsandann og án hans og sjálfböðavinnunnar værum við ekki á þeim stað sem við erum í dag,” segir Guðmundur.

Margir afreksmenn í golfi hafa vaxið upp á Akranesi og óhikað má segja að bærinn sé ekki síður golfbær en knattspyrnubær eins og hann er rómaður fyrir. Leynir hefur nú ráðið atvinnukylfinginn Birgi Leif Hafþórs-son til starfa en hann er uppalinn Skagamaður þó að hann keppi fyrir annan klúbb í dag, GKG. „Birgir Leifur verður íþróttastjóri hjá okkur og

yfirþjálfari en hann fær með sér í lið öflugra heimamenn til golfkennslu og nýtir sér þekkingu þeirra og reynslu,” segir Guðmundur.

Meðal margra þekkra kylfinga sem Leynir hefur alið af sér er Valdís Þóra Jónsdóttir atvinnukylfingur sem er ein af fremstu íslenskum kvenkylfingum í dag, og Birgir Leifur atvinnukylfingur. Þeir eru fjölmargir kylfingarnir sem hafa vaxið upp innan Leynis og er við hæfi að Garðavöllur er núna einn af betri keppnisvöllum landsins og fer klárlega í hóp þeirra fyrirbæra sem flokkast undir stolt Akraness.

Félagar í Golfklúbbum Leyni eru nú 450 en að sögn Guðmundar eru allir velkomnir í klúbbinn.

Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðunni leynir.is. Einnig eru góðfúslega veittar upplýsingar í síma 431 2711.





Skólahópur í Sjóminjasafninu.



Húsið á sumardeggi.

Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir.



Lýður Pálsson safnstjóri.

EYRARBAKKI:

Söguferð um safnaflóruna, áhugaverð og merk saga

ÁEyrarbakka er safnaflóra þar sem boðið er upp á nokkur fróðleg og merk söfn og fræðast má um sögu og daglegt líf fólks á fyrri tímum. Söfnin eru opin alla daga frá 1. maí til 30. september og því tilvalið að gera sér ferð á Eyrarbakka og líta á söfnin og kynna sér söguna.

Húsið: Þar er sögd saga þessa merka húss sem byggt var árið 1765 og er í hópi elstu húsa á Íslandi. Það var kaupmannssetur frá upphafi til ársins 1927 þegar Eyrarbakki var verslunarstaður Sunnlendinga. Hægt er að skoða þessa merku byggingu hátt og lágt og er sagan við hvert fótspor. Í borðstofunni eru sérsýningar safnsins haldnar. Í viðbyggingunni, Assistentahúsinu, eru valdir þættir úr

sögu héraðsins kynntir gestum og má þar meðal annars sjá nýlega sýningu um Vesturheimsferðir. Fyrir norðan Assistentahúsið er Eggjaskúrinn með áhugaverðri náttúrusýningu.

Kirkjubær: Kirkjubær er lítið bárujárnsklætt timburhús sem byggt var 1920 og var upphaflega heimili almúgafólks og sumarhús síðustu áratugina. Kirkjubær er nýjasta viðbótin við safnaflóruna á Eyrarbakka og þar er mjög áhugaverð sýning sem nefnist Draumur aldamótabarnsins og segir frá alþýðufólki á tímabilinu 1920 til 1940. Sjón er sögu ríkari.

Sjóminjasafnið á Eyrarbakka: Þar segir frá sjómennsku, handverksfólki og félagslífi Eyrbekkinga á tímabilinu 1850 til 1950. Stærsti og merk-

asti gripurinn á sjóminjasafninu er áraskipið Farsæll sem smíðað var á Eyrarbakka árið 1915 af Steini Guðmundssyni, afkastamiklum skipasmið. Í eigu Sjóminjasafnsins á Eyrarbakka er beitningaskúr sem stendur við aðalgötuna og er hann opin fyrir hópa eftir samkomulagi.

Sumarsýningin Marþræðir tileinkuð fullveldisárinu

Þann 4. maí síðastliðinn var opnuð sumarsýning Byggðasafns Árnesinga, Marþræðir, en hún er tileinkuð fullveldisárinu 1918 með nýstárlegu móti. Listamaðurinn Ásta Vilhelmina Guðmundsdóttir sýnir okkur fullveldisárið þar sem sjávargróður og önnur náttúra fyllir rýmið og listaverk hennar

samtinnast safneign og sýna okkur söguna á frumlegan hátt. Fjöruntjar eru mikilvægasti þráður sýningarinnar og hræfni eins og sjávargróður ásamt ullinni vísa í bjargræði fólks þegar illa áraði. Sýningin er opin á sama tíma og safnið allt og stendur til 30. september.

Opnunartími allra safna er kl. 11–18 alla daga til 3. september næstkomandi. Á veturna er opnað fyrir hópa eftir samkomulagi.

Aðgangseyrir er 1.000 kr., en 800 kr. fyrir hvern í hóp ef 10 og fleiri.

Allar upplýsingar má finna á heimasíðunni husid.com, netfanginu husid@husid.com og í sínum 483-1504, 483-1082 og hjá safnstjóra, Lýði Pálssyni, 891-7766.

ELDHESTAR HÓTEL OG HESTALEIGA:

Frábær kostur fyrir ráðstefnur og aðrar fyrirtækjasamkomur

Fyrtækið Eldhestar rekur meðal annars fallett og huggulegt sveitahótel á jörðinni Völlum í Ölfusi. Þar er frábær funda- og ráðstefnuaðstaða, veitingastaður, heitir pottar – auk þess sem hestaleiga er á staðnum sem býður upp á hestaferðir. Umhverfið er afar fallett þar sem fjallahringurinn í Ölfusi gleður augun og sálina. Hér ríkir friðsæld og sveitakýrrð sem gott er bæði að hvílast í og vinna í hóp að krefjandi verkefnum.

Hótelreksturinn hefur þróast út frá hestaleigu en Eldhestar hófu fyrst rekstur sem hestaleiga árið 1986. Síðan hefur starfsemin vaxið jafnt og þétt en tímamót urðu þegar hún fluttist á jörðina Velli: „Þetta var árið 1996 og upp frá þessu fórum við að hafa hestaleiguna opna allt árið í stað þess að vera bara með opið yfir sumartímann,” segir Hróðmar Bjarnason, framkvæmdastjóri og einn stofnenda Eldhesta. Meðfram hestaleigunni tók uppbygging gistingar að þróast hjá fyrirtækinu en gistingin opnaði á fjölbreyttari möguleika hvað varðar lengri hestaferðir.

Árið 2001 var tekin ákvörðun um að reisa Eldhestar Hótel og það var opnað árið 2002. „Við höfum lagt



aukna áherslu á hestaferðir og tengt þannig saman hótelið, veitingarekstur og hestaleigu. Við höfum það síðan

fram yfir ýmsa aðra aðila í þessum geira að við höfum yfir mjög mörgum hrossum að ráða sem gerir okkur kleift að þjónusta mjög stóra hópa jafnframt því sem við sinnum litlum hópum mikið og vel,” segir Hróðmar. Nánari upplýsingar er að finna á

vefsíðunni eldhestar.is og á Facebook-síðunni www.facebook.com/Eldhestar/. Einnig er gott að hringja í síma 480-4800 til að fá upplýsingar um gistimöguleika og fleira. Hér er sannarlega um áhugaverðan kost að ræða sem fyrirtæki og aðrir hópar ættu að kynna sér.

KOMDU HEIM Í BÚÐARDAL:

Fjölskylduvæn og heimatilbúin bæjarhátíð

Bæjarhátíðin Heim í Búðardal er haldin annað hvert ár í júlí og er vel sótt af heimamönnum og gestum þeirra, þar á meðal brottfluttum Dalamönnum. Áherslan er lögð á fjölskylduvæna og heimatilbúna dagskrá og viðburði.

„Hátíðin hefst á föstudeginum á kjötsúpurölti, það eru nokkur heimili sem opna dyr sínar fyrir gesti og fólk gengur á milli og myndast kósí stemning,“ segir Bjarnheiður Jóhannsdóttir, ferðamálafulltrúi Dalabyggðar.

„Á laugardeginum byrjum við daginn með „brunch“ sem er í boði fyrir alla, síðan hefst fjölskylduskemmtum og þar er kassabílarallíð og Lotta mætir á svæðið. KM í Búðardal stendur á bak við kassabílarallíð. Þeir eru með verkstæði og það passar því vel. Veitt eru umhverfisverðlaun og verðlaun í ljósmyndasamkeppni. Vestfjarðavíkingurinn fer fram sömu helgi og það fara alltaf 1–2 atriði fram hér í Búðardal. Stjórnin heldur síðan stórdansleik um kvöldið í Dalabúð, sem er hluti af dagskrá þeirra



Heimamenn eru metnaðarfullir í skreytingum.

þetta árið í tilefni af 30 ára afmæli hljómsveitarinnar.“

Á sunnudeginum verður dagskrá tengd landafundum Eiríks rauða og Leifs heppna, sem er hluti af aldar afmælisdagskrá fullveldis Íslands. Þann dag bjóða líka ferðapjónustuaðilar í Dölum gestum til sín að upplifa sveitastemningu og afurðir úr héraði.

Bæjarhátíðin er á Facebook: Bæjarhátíð í Búðardal.



Skoppa og Skritla að skemmta börnunum 2014.

Vestfjarðavíkingurinn 2014.



Kassabílarallí í fullum gangi árið 2014.



Velkominn!



Við bjóðum alla velkomna á bæjarhátíðina Blómstrandi daga í Hveragerði 16. til 19. ágúst

Skemmtileg stemning og fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna.

Sjá nánar á www.hveragerdi.is þegar nær dregur.



HVERAGERÐI
- blómstrandi bær!



Iceland Rentals: „Vatnasportið hefur vakið stormandi lukku“

VIÐBURÐAÞJÓNUSTA FYRIR ALLA: FRÁ MINNI HÓPUM TIL BÆJARHÁTÍÐA

Það sem við erum að gera er mjög viðfeðmt,” segir Þórarinn Árni Björnsson, verkefnastjóri hjá viðburðafyrirtækinu Iceland Rentals. „Við sjáum um allt frá árshátíðum fyrir fyrirtæki, skóla og bæjarfélög upp í sumar- og bæjarhátíðir fyrir sömu aðila. Við erum líka að leggja mikla áherslu á starfsmannafélög og þá bjóðum við upp á vatnasportsdag, þar sem ýmist vatnasport, grill og góð skemmtun sameinar hópinn.“

Iceland Rentals er viðburðar- og útleigu fyrirtæki sem býður upp á alhliða lausnir í viðburðum og öðrum uppákomum. Þar er einnig sportdeild sem leigir út allt sem flokkast undir sport og útivist. Fyrirtækið byggir á góðum grunni og reynslu Iceland Events, sem hefur starfað síðan 2003 og komið að fjölmörgum viðburðum stórum sem smáum.

„Við erum einnig í ferðaþjónustu og ákveðið var að skipta fyrirtækinu og þannig verður Iceland Rentals til, sem er einn hluti fyrirtækisins.“

Fyrirtækið fer hvert á land sem er og hefur tekið þátt í bæjarfélagshátíðum um allt land. „Við höfum komið að flestum bæjarhátíðum einhvern tímann, sem dæmi má nefna 17. júní í Reykjavík, Markaðsdaga í Bolungarvík og Mærudaga á Húsavík. Í gegnum árin þá höfum við einhvern tímann komið að öllum bæjarhátíðum á einhvern hátt.“

Eina fyrirtækið sem býður upp á vatnasport

Viðburðir Iceland Rentals skiptast eftir árstíðum, sumri og vetri og á sumrin er það vatnasportið sem er allsráðandi. „Vatnasportið hefur mælst mjög vel fyrir og það er sjaldan sem fólk kemst í slíkt hér heima. Þetta

hefur mælst vel fyrir og vekur alveg stormandi lukku hjá hópum, en margir starfsmannahópar koma til okkar.“

Fyrirtækið er það eina hér á landi sem býður upp á vatnasport af þessu tagi: vatnabolta, vatnatrampólín, að draga fólk á slöngu og jetski. „Við sjáum um allt fyrir daginn, förum með hópinn að vatni þar sem boðið er upp á ýmislegt vatnasport, hoppukastala, grill, tónlist, skemmtiatriði, allt eftir því hvað hópurinn kys að hafa.“

Enginn viðburður of litill eða of stór

Líkt og áður sagði hefur Iceland Rentals komið að fjölmörgum bæjarhátíðum. „Hefur þá tengiliður bæjarfélagsins samband og við gerum hugmyndapakka fyrir viðkomandi út frá fjármagni og þá einfaldar það mikið vinnuna fyrir viðkomandi. Öll vinna er á einum stað, í stað þess að leita til margra aðila. Við erum

með söluvagna, veitingavagna, hoppukastala og önnur leiktæki og hægt að afgreiða allt sem þarf á einum stað.“

Það skiptir ekki máli hver viðburðurinn er, við getum þjónustað hann, hvar sem fólk er að koma saman og gera sér glaðan dag. Við höfum séð um allt frá því að fara með eina fjölskyldu hefðbundinn ferðamannarúnt í að sjá um bæjarhátíðir sem þúsundir hafa sótt.“

Verð fer eftir umfangi og stærð, en er viðráðanlegt og Iceland Rentals getur þjónustað stóra sem smáa hópa, þakkar sem boðið er upp á eru miðaðir við fjármagn hvers og eins.

Netfang Iceland Rentals er iceland@icelandrentals.is, síminn: 893-0707 og 893-9933.

Heimasíðan er icelandrentals.is.



Myndir:
Heiða Dís

Sjóarinn síkátí í Grindavík: Fjölskyldu- væn og metnaðarfull bæjarhátíð

GRÉTAR ÖRVARSSON LEIÐIR EINVALA LIÐ SÖNGVARA Á STÓRTÓNLEIKUM

Bæjarhátíðin Sjóarinn síkátí í Grindavík er ávallt haldin fyrstu helgina í júní, 1.–3. júní, og markar hún upphaf bæjarhátíða sem fara fram víða um landið í sumar. Hátíðin er haldin í 23. skipti í ár og hefur alla jafna laðað til sín fjölda gesta, bæði brottflutta Grindvíkinga sem og aðra og margfaldast íbúafjöldi bæjarins um sjómannahelgina. Fjöldi viðburða við hæfi allrar fjölskyldunnar er í boði og ættu allir, heimamenn sem gestir, að finna eitthvað við sitt hæfi.

„Sjóarinn síkátí er fyrst og fremst fjölskylduhátíð, sem hefur verið haldin undanfarin ár með föstu sniði, en í ár ákváðum við að breyta aðeins frá fyrri hátíðum,“ segir Björg Erlingsdóttir, sviðsstjóri frístunda- og menningar sviðs Grindavíkurbæjar.

Hátíðin hefst að vanda á föstudegi með því að hverfin hittast og grilla saman. Bænum er skipt í fjögur hverfi sem hvert eiga sinn lit: rauðan, bláan, appelsínugulan og grænan, og er gestum bent á að klæða sig eftir hverfislit síns gestgjafa, ef þeir vilja. Eftir grill er síðan skrudganga frá hverju hverfi fyrir sig, þar sem allir sameinast síðan á einum stað og

ganga fylktu liði niður Hafnargötuna niður á hátíðarsvæðið við höfnina. Þar er dagskrá á sviðinu og Ingó veðurguð mun stjórna brekkusöng, en ekki verður bryggjuball eins og verið hefur. „Þetta er helsta breytingin á hátíðinni, að stytta kvölddagskrána á föstudagskvöldinu og leggja frekar áherslu á laugardagskvöldið,“ segir Björg.

Einvala lið söngvara flytur íslensk lög á stórtónleikum

Hefðbundin dagskrá er síðan að deginum til á laugardag, en kl. 20 á laugardagskvöld hefst dagskráin á því að rapparar stíga á svið, þar á meðal Viktor Örn Hjálmarsson, sem keppti í söngkeppni Samfés fyrir stuttu. Herra Hnetusmjör kemur síðan með sína félagu. Síðan kl. 21 tekur Grétar Örvarsson við, en hann leiðir stóra hljómsveit og fjöldi landspektra söngvara kemur fram. Áhersla er lögð á íslenska tónlist og nokkur sjómanna lög fá að fljóta með í tilefni sjómanna dagsins en miðað er við að lagavalið sé áheyrendum kunnuglegt og að góð stemning skapist. Friðrik Dór, Ágústa Eva, Sigga Beinteins, Eyþór Ingi, Pálmi Gunnarsson og Grind-

vikingarnir Tómas Guðmundsson og Íris Kristinsdóttir stíga á sviðið.

Sjómenn heiðraðir í hátíðardagskrá á sunnudag

Á sunnudag er síðan hátíðardagskrá. „Við höldum okkur við þá hefð að sunnudagurinn er hátíðlegur, byrjað er í Grindavíkirkirkju með hátíðarmessu, síðan gengið að minniskerkinu um látna sjómenn og loks að hátíðarsviðinu þar sem sjómenn verða heiðraðir fyrir störf sín.“

Fjöldi viðburða í aðdraganda sjómannahelgar

„Vikuna fyrir sjómannahelgina er einnig dagskrá í boði: í Kvikunni verða fyrirlestrar og kynning á verkefnum sem Grindvíkingar eru að vinna að, Strandminjar sem við vinnum í samstarfi við Minja- og sögufélagið, og á fimmtudagskvöld verður hún Berta Dröfn Ómarsdóttir með tónleika í kirkjunni, sem heita Klassik fyrir sjóara.“

Það ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi á Sjóar-

annum síkátá, hvort sem fólk gerir sér dagsferð suður með sjó eða dvelur í Grindavík alla helgina.

Upplýsingar um dagskrá Sjóarans síkátá má finna í heild sinni inn á heimasíðu Grindavíkur: grindavik.is.



SJÓARINN SÍKÁTÍ
GRINDAVÍK 1.-3. JÚNÍ 2018

4X4 ADVENTURES ICELAND
SÉR UM STARFSMANNAFERÐINA
ALLT AÐ 80 MANNS Í EINNI FERÐ!



www.atv4x4.is - atv4x4@atv4x4.is - 857-3001

Papa's Restaurant

www.papas.is

fiskur - pizza - steikur - borgarar

hafnargata 7a - 240 Grindavík

papas@papas.is 426-9955

Mæðradagurinn

11. maí 2018

Ábyrgðarmaður: Steinn Kári Ragnarsson / steinn@dv.is Umsjón: Ágúst Borgþór Sverrisson / agustb@dv.is

MI-ICELAND:

„Þrefalt meiri gæði miðað við tæki í sama verðflokk“

Mi Iceland er viðurkenndur endursöluaðili á Íslandi fyrir kínverska snjalltækja-framleiðandann Xiaomi, Mi. Þó að merkið sé ekki ýkja þekkt eru tækin gífurlega vinsæl. „Mi hafa verið að rokka frá 3. upp í 5. sæti sem stærstu farsímaframleiðendur í heiminum síðustu ár. Þeir hafa átt Asíumarkaðinn nokkurn veginn frá byrjun en í seinni tíð eru þeir einnig að verða mjög stórir í Evrópu og Bandaríkjunum,“ segir Örvar Blær Guðmundsson, framkvæmdastjóri Mi Iceland.

Mi framleiðir miklar gæðavörur en þar sem merkið er ekki jafnþekkt og til dæmis Samsung eða Apple þá eru þessar vörur yfirleitt mun ódýrari en þekktari merki í sama gæðaflokki: „Þú ert liggur við að fá þrefalt meiri gæði miðað við annað tæki í sama verðflokk,“ segir Örvar. Mi-snjallsímarnir nota Android-stýrikerfið eins og flestir aðrir snjallsímar í dag.

Mi framleiðir margar mismunandi vörur og er óhætt að segja að flestir geti fundið eitthvað við sitt hæfi. Snjallsímarnir eru í nokkrum verðflokkum og hægt er að fá mjög góðan snjallsíma fyrir aðeins 25.000 krónur. Með slíkum síma er hægt að gera allt sem maður notar hefðbundinn snjallsíma í, rafhlaðan er endingargóð og myndavélin er sérlega góð, sem er mjög eftirsóttur kostur í snjallsímum í dag.

Má þar nefna snjallsímann Redmi 5 Plus sem fæst í fjórum litum: svörtum, bláum, bleikum og gullituðum. Hönnunin á Redmi



5 Plus er afar nútímaleg, þar sem skjárin þekur stóran hluta símans. Redmi 5 Plus hefur mjög stóra rafhlöðu sem endist auðveldlega út daginn í mikilli notkun. Hann býður upp á tvö símkort og er mjög þægilegt fyrir þá sem eru með vinnu- og persónulegan síma að geta sameinað þá síma í einn síma. Redmi 5 Plus kostar frá 27.990 krónum.

Önnur frábær vara frá Mi er heilsuúrið Mi Band 2, sem er með nákvæman skrefa- og hjartsláttarmæli og fylgist þannig með skrefum og hjartslætti. Mi Band 2 er vatns- og rykvarið og hefur rafhlöðu sem endist í allt að 30 daga á einni hleðslu. Mi Band 2 getur sent notanda tilkynningar

þegar síminn hringir, fær sms, tölvupóst, Facebook-skilaboð o.s.frv. Mi Band 2 kostar 6.990 krónur.

Ein skemmtilegasta nýjungin hjá þeim er ryksugu-róbótinn Mi Robot Vacuum 2. Þetta ryksuguvélmenni hefur töluvert meiri sogkraft og stærri rafhlöðu en iRobot Roomba sem kostar allt að tvöfalt meira. Það má svo ekki gleyma því að ryksugan moppar einnig gólfíð sem er sjaldséð hjá slíkum vélmönnum.

Mi Iceland er vefverslun sem sendir hvert á land sem er og er enginn sendingarkostnaður.

Nánari upplýsingar eru á vefsíðunni www.mii.is.





CAMELIA.IS:

Toppgæði á hagstæðu verði

Við erum í samstarfi við tvær æðislegar heildverslanir í Bretlandi. Önnur þeirra er ein stærsta og fallegasta heildverslan Bretlands á sviði húsgagna og fylgihluta fyrir heimili og erum við eina verslunin á Íslandi með samning við hana. Vörurnar frá þeim eru mjög sérstakar og hreint út sagt æðislegar. Gæðin eru í toppklassa og verðið er einstaklega gott miðað við gæðin.

Þetta segir Katrín Einarsdóttir hjá netversluninni Camelia.is sem sérhæfir sig í fallegri gjafavöru og vöru fyrir heimilið.

„Hin heildverslunin er gjafavöruverslun með fylgihluta fyrir heimilið. Þar er að finna vinsælli vörur á góðu verði og eru vörurnar þeirra við flestra hæfi. Með þessu móti getum við bæði búið upp á ódýrari heimilis- og gjafavörur sem fylgja helstu tiskustraumum í innanhússhönnun hvers tíma, og einnig vandaðri og dýrari gæðavörur sem eru fágætari. Þetta er frábær blanda og ættu allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Við vorum einnig að taka inn vörur

frá danska merkinu Madam Stoltz, en vörurnar frá þeim eru handunnar, af miklum gæðum og á einstaklega góðu verði. En við erum sifellt að stækka við okkur og munum taka inn nokkur ný merki á næstunni, aðallega frá hinum Norðurlöndunum.

Okkar helsta aðalsmerki er þó veggmyndirnar okkar. Við semjum við listamenn alls staðar að úr heiminum og kaupum réttindi til dreifingar á hönnun þeirra hér á Íslandi. Við erum erum með mikið úrval af veggmyndum sem við látum prenta fyrir okkur og við svo römmum inn sjálf. Myndirnar okkar eru gríðarlega vinsælar allt árið um kring enda eru þær á góðu verði, og alveg einstakar þar sem þær fást ekki annars staðar hér á Íslandi og við seljum þær tilbúnar í römmum. Myndirnar eru mjög vinsælar í gjafir fyrir öll tækifæri og er stundum svo mikið að gera að við eigum erfitt með að anna eftirspurn.“

Ánægðir viðskiptavinir

„Það sem mér finnst skipta mestu máli, er ánægja viðskiptavina minna.

Ég þjónusta alla persónulega og legg mikið upp úr því að aðstoða viðskiptavinina mína eins vel og ég get. Verslunin stendur og fellur með ánægju kúnna minna og ég er virkilega þakklát fyrir alla viðskiptavinina, enda væri verslunin ekki til án þeirra.

Má til dæmis nefna að fyrir síðustu jól seldum við jólagjafir í hundradatali og eftir jólin fengum við aðeins tvær vörur til baka. Það má einnig nefna að við bjóðum upp á mjög rúman skilarétt, en það er hægt að skila vörum innan tveggja vikna og fá fulla endurgreiðslu við skil, en það veitir viðskiptavininum ákveðið öryggi þar sem það er jú verið að pantast í gegnum netið og fólk hefur ekki séð vörurnar berum augum.“

Að vanda valið

Katrín leggur mikla áherslu á ánægju viðskiptavina og að bjóða vörur sem njóta vinsælda:

„Hver einasta vara í versluninni er valin af mikilli kostgæfni og markmiðið er að allar vörur sem við tökum inn seljist vel. Við erum dugleg að fylgjast

með helstu tiskustraumum og kappkostum að bjóða það sem fólk sækist eftir hverju sinni. Á sama tíma reynum við þó að vera öðruvísi og reynum að bjóða ekki upp á mikið af vörum sem fást annars staðar á Íslandi.

Vinsælustu vörurnar í Camelia.is núna í vor eru Eucalyptus-gervi-grænar sem eru afskaplega fallegar, ásamt glervasa frá Madam Stoltz.

Einnig má nefna veggmyndirnar frá Moods og króm-gólflampann okkar.“

Camelia.is sendir um allt Ísland og allar pantanir yfir 12.000 kr. eru sendar frítt heim að dyrum.

Sjá nánar á camelia.is. Camelia.is er einnig á Facebook, Instagram (camelia.is) og Snapchat (camelia.is).

Í tilefni Mæðradagsins verður Camelia.is með Netkast dagana 11.–16. maí með flottum tilboðum á sérvöldum vörum!



TARAMY.IS:

Skemmtilega lítið af mörgu

Gífurleg fjölbreytni einkennir verslunina Taramy, sem er hvort tveggja vefverslun og verslun, að Jöklafold 26, Reykjavík. „Slagorðið hjá mér er eiginlega orðið „Skemmtilega lítið af mörgu“,“ segir eigandinn, Guðrún Þorbjörg Kristjánsdóttir, en auk þess sem afar margra grasa kennir í versluninni þá gætir Guðrún þess að sitja ekki uppi með of stóran lager, sérpantar fremur það sem viðskiptavininn vanhagar um og ekki er til á staðnum.

Meðal þess sem Taramy býður upp á eru gervibrjóst en til þeirra rekur fyrirtækið jafnframt upphaf

sitt: „Móðir mín stofnaði þetta fyrirtæki árið 1978 vegna þess að hún greindist með brjóstakrabbamein. Á þeim tíma voru ekki til nein gervibrjóst fyrir konur sem urðu að gangast undir brjóstnám og engin umræða var um sjúkdóminn – hann var tabú. Þetta hefur sem betur fer breyst mikið.“

Taramy býður auk þess upp á mjög falleg nærföt og undirföt fyrir konur undir merkinu Anita, gjafir sem hæfa vel á konudeginum, auk margra annarra heppilegra gjafa. Til dæmis eru í boði fallegar handtöskur fyrir konur.

Sérstaka athygli vekja skemmti-

legar og mjög smekklegar postulinsvörur frá Þýskalandi. Um er að ræða skálar og bolla með svipi, það er, að greinileg ásjóna er grafin í hvern hlut og gefur þetta vörum mjög smekklegan og skemmtilegan svip.

Handskornir fuglar frá Dcuk eru í miklu úrvali, endur, uglur, mörgæsir o.fl., en þar eru engir tveir fuglar eins. Fuglarnir eru settir í mörg hlutverk og það endurspeglar litskrúðug föt þeirra.

Ýmislegt annað er á boðstólum eins og leðurveski, akstursgleraugu, veiðigleraugu, kortaveski með RFID-vörn og tvær áhugaverðar bækur; Skipulag kennarans – skipulagsbók og

Gaddakylfan, sérstæð ævisaga eftir Kristján S. Guðmundsson.

Vefverslun Taramy, á slóðinni <http://taramy.notando.is/>, sendir vörur hvert á land sem er en fólk á höfuðborgarsvæðinu sækir vörurnar oftast í Jöklafold 26. Verslunin þar er opin eftir samkomulagi og skal hringja í síma 699-2355 eftir klukkan 14 og panta tíma.

Að sögn Guðrúnar er skemmtilegast að skoða vefinn fyrst og koma síðan á staðinn. „Oft sér maður þá eitthvað sem maður hafði ekki tekið eftir á vefnum,“ segir Guðrún. Sjá nánar á taramy.is.


LÍN DESIGN – ÍSLENSK HÖNNUN:

Umhverfisvænar hágæðavörur á hagstæðu verði

Lín Design á Smáratorgi fagnar eins árs afmæli og verður af því tilefni með 30% afslátt af öllum vörum til 13. maí í öllum verslunum og vefverslun fyrirtækisins.

„Við hönnum allar okkar sölvörur sjálf og kappkostum að nota eingöngu hágæðafni og gætum þess að framleiðslan sé umhverfisvæn. Mikil hugsun og vinna býr að baki öllum okkar vörum og við seljum eingöngu hágæðaframleiðslu. Vörurnar eru hannaðar hérna heima af hönnunarteymi okkar en framleiddar í Kína og við heimsækjum verksmiðjurnar þar reglulega til að fylgjast með framleiðsluferlum og gæta þess að okkar kröfur um gæði og umhverfisvæna framleiðslu séu uppfylltar,“ segir Ágústa Gísladóttir, annar eigenda Lín Design. Ágústa rekur fyrirtækið ásamt systur sinni, Guðrúnu Gísladóttur.

„Við leggjum mikla áherslu á íslenska menningu, arfleifð og náttúru í okkar vörum og er markmið okkar að hanna vöru sem gleður og veitir vellíðan. Ný vörulína kemur að jafnaði þrisvar til fjórum sinnum á ári. Flestum vörum Lín Design er pakkað í bómullarumbúðir sem eru endurnýtanlegar. Nýjasta pakkningin okkar er þannig að rúm-fötunum er pakkað inn í glæsilegt púðaver (40x40) sem eykur fegurð og notagildi. Eigandinn er því að fá þrjá hluti í rúmið í stað tveggja áður. Eitt af markmiðum okkar er að láta nátt-



úrna njóta vafans og henda engu. Umbúðirnar utan um barnarúmfatnaðinn frá Lín Design eru hannaðar sem dúkkurúmföt. Í rúmfötunum notum 100% píamabómull sem er ein vandaðasta gerð bómullar á markaðnum. Við notum aldrei gerviefni og leggjum alltaf höfuðáherslu á gæði. Sængur og koddar eru úr 100% andadúni, og ekkert fiður, eingöngu vistvænar sængur.“

Kósiföt sem láta þér líða vel

Velliðan, mykt og gæði einkenna fatalínuna frá Lín Design. „Þessi föt eru hönnuð með það að markmiði að fólki líði vel í þeim,“ segir Ágústa, en fötin í kósílinunni eru í senn afar þægileg og afskaplega smekkleg. Lín Design býður kósíföt fyrir börn, unglunga og fullorðna af báðum kynjum.

Heildverslun

Veigamikill þáttur í starfsemi Lín Design er heildverslunin. „Við seljum



mikið til hótela og ferðapjónustuaðila. Í þeim geira eru sængurnar og sængurverin okkar mjög eftirsótt vegna góðrar endingar, enda mikil gæði í þeim,“ segir Ágústa. Sængurverin eru afskaplega falleg og mynstrin eru sött í heim íslenskrar náttúru. Fyrirtækjapjónusta Lín Design þjónustar fyrirtæki með jólagjafir, tækifærissgjafir, hvatagjafir, og við getum látið framleiða og merkja vörur með lógói fyrirtækja og séð um innpökkun á vörum allt eftir óskum fyrirtækja.“

Netfang fyrir þá sem vilja panta úr

heildversluninni eða senda fyrirspurn er sala@lindesign.is.

Lín Design er með verslun á Smáratorgi í Kópavogi, í Kringlunni og á Akureyri. Öflug vefverslun er síðan rekin á vefsíðunni lindesign.is og er sent fritt á næsta pósthús hjá viðtakanda.

Viðskiptavinir Lín Design eru ánægðir en Facebook-síða verslunarinnar hefur yfir 43.000 fylgjendur. Lín Design gerði skoðanakönnun meðal þeirra fyrir skömmu og kom í ljós að 95% eru ánægð eða frekar ánægð með vörur fyrirtækisins.



FERSK ÍSLENSK BLÓM Í PÖNTUN EÐA ÁSKRIFT:

„Gleðja hjartað og lyfta andanum“

Stærsti viðskiptavinahópurinn hingað til er hótél og fyrirtæki sem leggja áherslu á aðlaðandi móttöku og vilja bæði bjóða viðskiptavinum og starfsfólki upp á að hafa í kringum sig ný og fersk blóm. Það er nú yfirleitt starfsfólkið sem fær mest út úr þessu, það nýtur þess að vinna innan um lifandi blóm og það er mikil upplýfting þegar skipt er um blóm hverju sinni. Það er eitthvað einstakt við lifandi blóm, þau snerta við einhverju í sálinni, gleðja hjartað og lyfta andanum,” segir Eva Sæland sem rekur þjónustufyrirtækið Reykjavík Gift Shop. Eva býður bæði fyrirtækjum og einstaklingum upp á að panta fersk blóm sem keyrð eru til viðtakenda.

Blómin eins fersk og þau geta verið Viðskiptavinir sem eru í áskrift hjá Reykjavík Gift Shop fá eingöngu ísleensk blóm og alveg sérstaklega ný og fersk, því fyrirtækið er ekki með lager heldur kaupir blómin jafnóðum inn og pantanir berast. Blómin eru skorin degi áður en þau eru afhent og hefur þessi ferskleiki í för með sér að blómin lifa mun lengur en ella. Þó er ávallt hægt að sérpanta blóm að utan ef viðskiptavinur óskar eftir.

Sjálf er Eva af þriðja ættlið úr fjölskyldu blómabænda og grænmetis-

ræktenda sem hefur sinnt þeirri iðju í 70 ár og hefur hún því mikla þekkingu af öllu ræktunarferli blómanna, allt frá græðlingi að fullbúnum blóm-vendi, tilbúnum til afhendingar. Hún veit því hvað það er mikilvægt að koma blómum hratt og vel til viðskiptavina til að tryggja mestu mögulegu gæði og lengstu endingu.

Reykjavík Gift Shop þjónar Stór-Reykjavíkursvæðinu og innan þess svæðis er heimsending innifalín í verði blómanna á virkum dögum. Blóma-verðið er auk þess hagstætt þar sem yfirbygging á starfsemi er í lágmarki.

Bæði áskrift og stakar blómasendingar

Blómin er hægt að kaupa bæði fyrir stök tilefni og í áskrift. Eins og getið var um hér í upphafi hefur fyrirtækjaáskriftin gert stormandi lukku en hægt er að velja milli þess að fá ný blóm vikulega, á tveggja vikna fresti eða mánaðarlega svo dæmi séu tekin. Eva kemur þá á staðinn og skiptir bæði um blóm og vasa. Fimm prósentu afsláttur er af blómaverði fyrir þá sem eru með blóm í áskrift og hærri afsláttur gefinn viðskiptavinum sem kaupa meira magn hverju sinni.

„Þegar fer að vanta ný blóm byrjar starfsfólkið að sakna mín,” segir Eva

og bætur við að starf hennar sé mjög gefandi og hlaðið góðri upplifun: „Það fer nefnilega enginn í fylu við að fá ný blóm.“

Fyrirtæki kaupa einnig blóm fyrir sérstök tilefni, til dæmis þegar þau vilja gleðja viðskiptavini eða starfsmenn vegna tímamóta í lífi þeirra.

Fyrirtækjaþjónustan vegur enn mun þyngra í starfsemi, en Eva finnur fyrir auknum áhuga einstaklinga á að nýta sér þessa þjónustu: „Það á ekki síst við fólk sem vegna anna og tímaleysis kaupir sér sjaldan blóm.“ Því hef ég tekið upp á þeirri



nýjung að bjóða einstaklingum einnig upp á áskriftarþjónustu og fólk finnst það alveg hreint frábært.“

Á vefnum reykjavikgiftshop.is er að finna ítarlegar upplýsingar um þjónustuna og blómaúrvalið. Þar er enn fremur hægt að ganga frá pöntunum. En það er líka hægt að ganga frá öllum viðskiptum og fá allar upplýsingar í síma 777-0311 enda leggur Eva áherslu á persónulega þjónustu.

Einnig eru upplýsingar á Facebook-síðunni [facebook.com/reykjavikgiftshop](https://www.facebook.com/reykjavikgiftshop) og þar vekur athygli hvað umsagnir viðskiptavina eru lofsamlegar.



NÝJA SÚKKULAÐIÐ FRÁ OMNOM ER MÖGNUM UPPLIFUN:

„Ég hef aldrei bragðað neitt þessu líkt“

Sumir fá sér súkkulaði bara til að finna sætt bragð í munnum en þeim fer sífellt fjölgandi sem vilja fá ríkulegri upplifun af súkkulaðismakki en það. Súkkulaðiframleiðsla er í metnaðarfullri þróun hér á landi, ekki síst hjá handverks-súkkulaðismiðjunni Omnom sem hefur unnið til fjölda alþjóðlegra gæðaverðlauna.

Omnom hefur verið framarlega í þróun á hvítu súkkulaði, sem vel að merkja er ekki endilega hvítt í útliti: „Hvitt súkkulaði er sérstakur flokkur innan súkkulaðigeirans þar sem yfirleitt er notast við kakósmjör, mjólkurduft og sykur, oftar en ekki bragðbætt með með vanillu. Hvíta súkkulaðið sem við höfum verið að gera í gegnum tíðina er frábrugðið hefðbundnu súkkulaði að því leyti að við notum kakósmjórið sjálfst en ekki nibburnar eða massann, og því kemur ekki þetta hefðbundna súkkulaði-bragð heldur fremur súkkulaði-áferðin,“ segir Kjartan Gíslason, einn stofnenda Omnom.

Af hvítu súkkulaði frá Omnom hingað til eru frægustu tegundirnar líklega lakkrissúkkulaði þar sem notast er við lakkrísrot, og kaffisúkkulaðið sem er með kaffibaun. Núna er Omnom búin að setja á markaðinn afar óvenjulega afurð sem veitir mjög sérstæða og eftirminnilega upplifun: Black N' Burnt Barley.

„Þetta varð til upp úr tilraunum okkar með hvítu súkkulaði sem átti að hafa maltkeim og þess vegna notuðum við ristað maltduft. Bruggverksmiðjan Ölvisholt hefur oft verið með súkkulaði-pörunarkvöld með okkur og þeir eru með brennt maltað bygg. Sú hugmynd varð til að prófa að setja það saman við þessa blöndu sem var langt komin hjá okkur.“

Brennda maltbyggði fór með bragðblönduna á alveg nýjar slóðir, bragðið er svo óvenjulegt að Omnom gaf sér lengri tíma en ella til að prófa vöruna áður en hún var sett á markað. Viðbrögðin hjá þeim sem hafa smakkað hafa hins vegar verið

á þann veg að það er ekki lengur eftir neinu að bíða og núna er Black N' Burnt Barley komið í verslanir. „Ég hef aldrei bragðað neitt þessu líkt,“ hefur verið algengt viðkvæði hjá þeim sem hafa gætt sér á vörunni. Hvað er það sem gerir þetta súkkulaði svona sérstakt?

„Fyrir utan brennda maltbyggði og annað áður nefnt sem komið var í blönduna hjá okkur þá notum við salt frá Saltverki. Þeir eru að framleiða hraunsalt með viðarkolasvertu, sem er náttúrulegt litarefni og er mikið notað í matvælaframleiðslu, en hún gefur léttan svartan lit – ýkir svertuna. Við notum síðan bygg frá Móður Jörð í Vallarnesi. Við poppum Stjörnupopp og stráum yfir súkkulaðið. Þannig verður til skemmtileg, stök áferð,“ segir Kjartan.


Black N' Burnt Barley er selt í verslunum Hagkaupa, Melabúðinni, Vínberinu við Laugaveg og ýmsum öðrum verslunum – að ógleymdri súkkulaðiverslun Omnom að Hólmaslóð 4.

Sjá nánar á omnomchocolate.com.

omnom



CHOCOLATE
REYKJAVÍK



BLACK BEACH TOURS:

Ógleymanleg upplifun í Þorlákshöfn

Það er fátt skemmtilegra en fjórhjóliferð eða RIB-bátaferð í heilandri umhverfi. Fyrirtækið Black Beach Tours býður upp á slíkar ferðir í Þorlákshöfn. Fjaran þar er einkar falleg, um 10 kílómetra löng sandströnd (eldfjallaströnd) sem nær frá Ölfusá að bænum og mætir þar tilkomumiklum klettaveggjum að vestanverðu. Ógleymanlegt er að fara þarna um á fjórhjól eða RIB-báti.

Black Beach Tours býður upp á þessar fjórhjóliferðir allt árið um kring. Annars vegar eru í boði klukkustundarlangar ferðir eftir ströndinni og hins vegar þriggja tíma ferðir þar sem farið er um hraun með viðkomu í helli á leiðinni.

RIB-bátaferðir eru í boði á tímabilinu apríl–október og er þar hægt að velja á milli 30 mínútna adrenalinferðar, klukkustundarlangrar ferðar og

tveggja tíma ferðar, en sú síðastnefnda liggur vestur í Krýsuvíkurbjarg. Einnig er hægt að splæsa saman fjórhjóliferð og RIB-bátaferð sem er afar skemmtileg og vinsæl blanda.

Black Beach Tours er með mjög góða aðstöðu fyrir starfsmanna- og vinahópa þar sem hægt er að bjóða upp á veitingar eftir ferðir, allt eins og hentar hverjum hópi.

Á www.blackbeachtours.is er að finna nánari upplýsingar um allar ferðir og verð þeirra. Ef um hópa er að ræða er best að óska eftir tilboðum með tölvupósti á info@blackbeachtours.is eða með því að hafa samband í síma 625-0500.



BJARKARBLÓM:

Fallegir vændir og gjafavara til að gleðja mömmu

Hjá Bjarkarblómum er lögð mikil áhersla á framúrskarandi úrval af ferskum blómum auk fjölbreyttrar gjafavöru þar sem íslensk hönnun skipar stóran sess.

„Sumarlegir blómvændir eru vinsælastir fyrir mæðradaginn, það er enginn einn litur sem er alls ráðandi. Bleiku blómin hafa oft staðið upp úr, en ekki algilt samt,“ segir Bergþóra Björg Karlsdóttir, eigandi Bjarkarblóma sem staðsett er við nýja innganginn í Smáralind og í Þorlákshöfn.

„Það er algengt að fedur komi með börn sín alveg frá 1–2 ára aldri að velja blóm handa mömmu. Dagurinn er orðinn stærri í blómum en konudagurinn og mömmur eru á öllum aldri. Það eiga flestir mömmu, en það eiga ekki allir konu eða kærustu.“

Bergþóra byrjaði í blómabransanum í mars 2010 hjá fyrri eiganda Bjarkarblóma. „Það leiddi til þess að ég fór í garðyrkjuskólann og í verknað hjá henni og ég útskrifaðist sem blómaskreytir 2014. Þá flutti ég til Þorlákshafnar og opnaði búðina þar, síðan í fyrri ákvað fyrri eigandi að selja fyrirtækið og ég ákvað að kaupa minn gamla vinnustað.“

Gjafir sem henta vel með handa mömmu

Margir velja að láta litla gjöf fylgja með blómvendingum og hjá Bjarkar-

„Sumarlegir blómvændir eru vinsælastir fyrir mæðradaginn“

blómum fæst ýmis gjafavara sem hentar vel með: til dæmis hjórtu sem á stendur „mamma er besta mamma í heimi,“ bollar, súkkulaði og púðar.

„Hjá okkur fást púðar frá J B art sem eru mjög vinsælir með kvenkynsstikkorðum, eins og einstök, falleg, frábær, æðisleg, kærleiksrik og svo framvegis sem segir allt sem segja þarf um mömmu manns. En blómin eru samt númer 1, 2 og 3 á mæðradeginum.“

Bjarkarblóm er með heimasíðuna bjarkarblom.is og er einnig á Facebook, Instagram og Snapchat. Síminn er 578-5075 og netfangið bjarkarblom@bjarkarblom.is. „Á Snapchat má fylgjast með blómum, tilboðum og eins þegar ég er að útbúa blómaskreytingar.“



Opnunartími:

Mánudaga–miðvikudaga kl. 10–19

Fimmtudaga kl. 10–21

Föstudaga kl. 10–19

Laugardaga kl. 10–18

Sunnudaga kl. 12–18

Bjarkarblóm í Þorlákshöfn er opin frá kl. 13–17 miðviku-, fimmtu- og föstudaga.





Skata-stóllinn er bæði klassískur og splunkunýr

Mikil gróska er í íslenskrri hönnun þessa dagana og hún farin að vekja æ meiri athygli erlendis. Þetta á ekki síst við um húsgagnahönnun sem nú virðist vera að vakna til lífsins á ný. Fáir vita hins vegar að íslensk húsgagnahönnun átti sér mikið blómaskeið á 6. og 7. áratugnum þar sem íslensk húsgögn vöktu jafnvel athygli á sýningum erlendis. Sum þessara húsgagna eru að fara í framleiðslu á ný og ættu að vera sjálfsagðir hlutir á íslenskum heimilum í bland við það nýjasta og besta.

Tvö þessara húsgagna eru stólararnir Skata og Þórshamar, sem voru hannaðir árið 1959 og 1961 og voru þá fyrstu íslensku stólararnir úr form-

beygðum krossvið. Báðir státa þeir síðan af því að vera elstu íslensku stólararnir sem enn er í framleiðslu, en framleiðslan á þeim hófst að nýju árið 2007 eftir 35 ára hlé.

Hönnuður stólanna var Halldór Hjálmarsson, húsgagnahönnuður og innanhússarkitekt, en sonur Halldórs, arkitektinn Örn Þór Halldórsson, hóf framleiðsluna að nýju og hefur auk þess verið að þróa útfærslu á þessari klassísku hönnun föður síns í takt við samtímann. Örn segir að Skata sé tímalaus hönnun, þó að grunnformin séu klassísk sé stóllinn líka viðfangsefni nýjustu strauma í húsgagnahönnun:

„Ýmsir arkitektar og hönnuðir hafa auk þess komið að máli við mig

og viljað aðlaga stólana að sínum verkefnum. Þetta hefur fætt ýmislegt skemmtilegt af sér og má meðal annars nefna að hönnunar- og arkitektastofurnar Tvihorf og Gagarin hafa þróað sérstaka útfærslu fyrir sín verkefni, meðal annars fyrir sameiginlegu kaffistofuna sína. Sú útgáfa er afskaplega skemmtileg og talar beint inn í nútímann með sínum fjölbreytileika og ætti eiginlega að heita Gagarin- og Tvihorf-stólararnir.“

Skata og Þórshamar eru því til í mörgum útgáfum og nýjustu útgáfunar er hægt að skoða og kaupa í nýrri verslun Geysis-heima að Skólavörðustíg 12. Allar útgáfunar af Skötu og Þórshamri, bæði nýjar og gamlar, eiga þó enn sitt sameiginlega

útlit, sem er í senn stílhreint og listrænt og segir Örn að þetta séu ljóðrænar stólar: „Þetta ljóðræna kemur ekki síst fram í því að festingarnar undir Skötustólnum minna á „egg“, en fiskurinn skata verpir einmitt eggjum.“

Fyrir áhugasama þá er best að hafa samband við Örn beint með því að senda skilaboð í gegnum heimasíðuna <http://skata.is/>, á netfangið info@skata.is. eða senda skilaboð á Facebook-síðunni Skata.

„Í kjölfarið kemur fólk í heimsókn á verkstæðið mitt hérna í Vesturbænum og kaupir stólana beint frá býli,“ segir Örn.

Þess má að lokum geta að stóllinn er á leiðinni á sýningu hjá Illums Bolighus í Kaupmannahöfn í lok maí.

SUMAC:

Miðjarðarhafsstemning á Valentínusardaginn



Veitingastaðurinn Sumac, Laugavegi 28, heitir eftir djúpraudum villiberjum sem vaxa víða í Miðausturlöndum og við Miðjarðarhaf. Matseldin á Sumac er innblásin af seiðandi stemningu frá Beirút í Líbanon og tælandi áhrifum frá Marokkó. Á staðnum er ferskt hráefni úr íslenskrri náttúru, matreitt undir áhrifum Miðausturlanda og á matseðlinum eru eldgrillaðir réttir með framandi kryddi.

Á barnum er Miðjarðarhafsstemning og í boði eru ferskir, fjölbreyttir

og freistandi kokteilar. Á vinsæðlinum blandast saman innblástur frá Evrópu, Marokkó og Líbanon.

Sumac er kjörinn staður til að gleðja móður sína með á mæðradaginn og fá í leiðinni Miðjarðarhafshita í sálina. Borðapantanir eru á heimasíðunni sumac.is og í síma 537-9900. Einnig er kjörið að gefa gjafakort frá Sumac á Valentínusardaginn en þau er hægt að kaupa á sumac.is eða á staðnum, að Laugavegi 28.

Mæðradagsmatseðill á Sumac →

sumac

Mæðradagsmatseðill

Freyðivinsglas
Lambertli Prosecco, Extra Brut NV

Bleikja
Kúmkvat + koriander + fingurkál

Grillað flatbrauð za'atar
Hummus + mündlu paprikukrem

Stökkar falafel
Kryddjurtakrem



Bakað blómkál
Gránatepli + mündlur + kúmen jógurtsósa

Grillaðar lambarifjur
Linsubauur + vínber + mündlur

Döðlukaka
Engifer karamella + tahini ís + engifer braun

6300kr. á mann

* Byðum upp á Grétta vegan eða grænmetismatseðill.



HEFUR ÞÚ ÞÖRF FYRIR ÞRIF

Fyrirtæki og húsfélög, gerum
tilboð ykkur að kostnaðarlausu

Þjóðum sérhæfða þjónustu fyrir
íbúðir í skammtímaleigu



LIION
technology

GÆÐI OG ÞJÓNUSTA



PON er umboðsaðili

JUNGHEINRICH



Hillulyftari



Þrönggangalyftari



Dráttartæki



Staflari



Tínslutæki



Dráttartæki



Díselyftari



Rafmagnslyftari



Brettatjakkur



Rafmagnsbrettatjakkur

Við bjóðum alla Jungheinrich eigendur velkomna!

PON Pétur O. Nikulásson ehf. | Melabraut 21, 220 Hafnarfjörður | Sími: 580 0110 | pon.is

PON
GÆÐI OG ÞJÓNUSTA

KYNGDI MUNNTÓBAKINU NIÐUR MEÐ SVÖRTU KAFFI

■ Reykti í 56 ár ■ Hægt að gera Ísland reyklaust ■ Villandi niðurstöður Krabbameinsfélagsins

Kristjón Kormákur Guðjónsson
kristjon@dv.is



Snjólfur Gunnlaugsson er 73 ára gamall fyrrverandi sjómaður og leigubílstjóri sem búsettur er á Blönduósi. Snjólfur byrjaði að reykja sígarettur þegar hann var einungis þrettán ára og gerði hann það daglega eftir það í 56 ár. „Þegar ég hætti að reykja var ég búinn að reykja í 56 ár og búinn að reyna allt. Ég keyrði leigubíl bæði í Reykjavík og Keflavík og til þess að geta hætt að reykja í vinnunni keypti ég mér neftóbak. Það varð til þess að á meðan ég var að keyra þá reykti ég ekkert en um leið og ég kom heim sat ég og keðjureykta til þess að vinna upp glataðan tíma,“ segir Snjólfur í viðtali við DV.

Kyngdi munntóbakinu niður með svörtu kaffi

Þegar Snjólfur flutti á Blönduós tók hann þá ákvörðun að leggja frá sér sígarettarnar. „Það varð til þess að ég jók munntóbakið um helming. Ég var farinn að moka tveimur dósnum upp í kjaftinn á mér á viku og kyngdi þessu svo niður með svörtu kaffi. Þá var mér öllum lokid og áttaði mig á því hvað ég var að gera mér. En ég gat ekki hætt, ef ég skildi dósina eftir heima þegar ég fór út þá keyrði ég strax í næstu sjoppu og keypti mér nýja.“

Dag einn var Snjólfur staddur á Akureyri hjá tannlækni þegar hann rakst á skilti sem vakti áhuga hans. „Ég rakst á lítið merki sem á stóð Djákninn og ég var forvitinn af því að bíllinn minn hét Höfðingi. Ég fór þarna inn og gekk svoliðis inn í gufuský. Ég ákvað að leggja allt í hendurnar á þeim sem afgreiddi mig og valdi hann fyrir mig græju og vökva. Ég gekk út úr þessum kofa algjörlega frelsaður maður,“ segir Snjólfur sem í dag, þremur árum seinna á enn sömu tóbaksdöllum uppi í hillu. „Ég hef

Snjólfur Gunnlaugsson
Byrjaði að reykja 13 ára.



ekki tekið reyk inn fyrir mínar varir síðan og ekki tóbakskorn upp í kjaftinn á mér. Mér líður miklu betur og fann svo mikinn mun á mér strax.“

Sannfærður um skaðleysi veipsins

Blaðamaður hafði samband við Gunnar Viðar Þórarinnsson sem ásamt Adolphi Braga Austfjörð stofnaði og rekur veipverslunina Djáknann. Hver veipbúðin hefur sprottið upp á fætur annarri en á annan tug verslana er að finna á höfuðborgarsvæðinu. DV hefur áður greint frá því að á Facebook sé að finna þrjátíu þar sem íslenskir veipparar sem reyktu áður tilkynna hversu mikið þeir spara á mánuði eftir að þeir byrjuðu að veipa. Flestir þar segja að kostnaðurinn nú sé um þriðjungur eða fjórðungur af því sem þeir eyddu áður. Stærstu verslanirnar á höfuðborgarsvæðinu eru Fairwape, Póló, Drekkinn og svo Djákninn. Í vetur var rapparinn Garðar

Eyfjörð í viðtali við DV en hann var þá í samstarfi við Djáknann. Þá sagði rapparinn: „Veip er tiskubóla fyrir fólk sem hefur ekki reykt, en þetta bjargar mannlífum. Án gríns. Þetta er 95 prósent minna skaðlegt en sígarettutóbak og reykingar hafa minnkað heilmikið á landinu vegna þess. Þetta er ekki alveg skaðlaust en þú þarft ekki að vera kjarneðlisfræðingur til að sjá að þetta er mun betra en að reykja tóbak.“

Gunnar Viðar, annar stofnandi Djáknans, kveðst aldrei hafa reykt en hann er einn af þeim sem veipar. Gunnar segir að algengustu viðskiptavinir þeirra sé fólk sem er að hætta að reykja. Hann bætir við að nikótínið sem notað er í vökvana sé unnið úr tómátplöntum en ekki tóbakspöntum.

„Það er auðveldara að líkja saman sígarettum og kaffi en sígarettum og veipi út af innihaldsefni. Við gerð tómatósu til dæmis er nikótínið tekið frá af því að það

er vont bragð af því. Það nikótín er notað bæði fyrir nikótíntyggjó og vökva fyrir veip. Nikótíntyggjó virkar auðvitað að einhverju leyti en málið er að nikótínið hjá allflestum hefur átt upptök sín í gegnum lungun og þar af leiðandi virkar það miklu hraðar með veipi en með því að fá það í gegnum meltingarveginn. Það er þess vegna sem veipið er að virka svona vel fyrir fólk sem er að hætta að reykja, af því að nikótínið er að koma inn á sama stað.“

Halda utan um þá sem hætta að reykja

„Örugglega yfir 90% af viðskiptavinum okkar er fólk sem hefur ánetjast tóbaki áður fyrr. Það hleypur á hundruðum ef ekki þúsundum einstaklinga sem hafa leitad til okkar til þess að geta hætt að reykja og við höldum utan um það fólk.“

Gunnar segir að þegar hann sjái fólk í dag sem enn reykir þá vorkenni hann því.

„Það er loksins búinn að finna góða afgerandi lausn á þessu stærsta heilsufarsvandamáli síðustu áratuga. Veip er lausn gegn sígarettuvandamálinu og að líkja þessu saman er algjörlega út í hött.“

Gunnar segir að því miður komi helstu fordómarnir í samfélaginu frá Krabbameinsfélaginu.

„Þau hafa verið að tala niður til veipa án þess að hafa fulla þekkingu á því hvað þau eru að tala um. Þeirra umræða hefur skaðleg áhrif á alla hér á landi, þetta er mjög alvarlegt mál þar sem þeir eru vísitandi að veita rangar upplýsingar. Í einni rannsókn voru upplýsingar teknar algjörlega úr samhengi við raunverulega niðurstöðu. Þessi rannsókn var framkvæmd í Bretlandi og þá var tekinn veipgræja og hún látin ganga á fullum hita í heilar tvær mínútur. Þá fóru þeir að finna krabba-



Adolf Bragi Hermannson (t.v) og Gunnar Viðar Þórarinnsson (t.h) eigendur Djáknans

meinsvaldandi efni þar sem jú auðvitað allt innvolts græjunar var byrjað að brenna. Það er auðvitað engin sem sýgur í sig gufu í tvær mínútur, þetta eru í mesta lagi um tvær sekúndur. En til gamans, ef við tókum samt þetta efni sem þeir fundu eftir tvær mínútur af bruna í veipi, þá var það samt 800 sinnum minna magn af því þar heldur en er nú þegar í sígarettum. Þú getur farið upp á Vatnajökul og fundið krabbameinsvaldandi efni þar. En þetta er allt spurning um magn. En það hefur þó enginn orðið veikur af þessu efni sem þeir fundu af því að hin efnin sem eru í sígarettunum eru svo miklu skaðlegri.“

Gunnar telur að rafretturnar séu hjálparhönd sem muni gera Ísland reyklaust.

„Þegar við stofnuðum Djáknann þá var það fyrst og fremst til þess að hjálpa fólki til þess að hætta að reykja, við vildum að viðskiptavinurinn fengi besta möguleikann á að bjarga lífi sínu. Þetta er leið út úr tóbakinu. Þetta virkar fyrir alla. Fólk þarf bara að koma í næstu veipverslun og fá hjálp við að velja græju, því sumt virkar fyrir einn en ekki annan. Það er mismunandi hvernig veip virkar fyrir hvern. Ef þetta yrði leyft með öllu, þá gætum við gert Ísland reyklaust.“ ■

Sjálflímandi hnífaparaskorður

Hjálpa þér að halda öllu í skorðum í skúffum. Einnig sjálflímandi filt til að klæða skúffur og filt með verjandi efni svo ekki falli á silfur og silfurplett. Við eigum líka fægilög, fægiklúta og ídýfulög til að hreinsa.

Gullkistan

Frakkastíg 10 | Sími 551 3160 | gullkistan@vortex.is | www.thjodbuningasilfur.is

SENDUM
Í PÓST-
KRÖFU





„Hef alltaf vitað að ég er öðruvísi“

Alexandra gæti orðið fyrsta transkonan í borgarstjórn

Bjartmar Oddur Peyr Alexandersson
bjartmar@dv.is

Alexandra Briem gæti orðið fyrsta transkonan sem verður kjörin fulltrúi á Íslandi í kosningum, ef marka má nýjustu skoðanakannanir um fylgi stjórnmálaflokkana til sveitarstjórnarkosninga í Reykjavík. Hún er í þriðja sæti hjá Pírötum og ein af fimm konum sem sitja í fimm efstu sætum fyrir hönd Pírata.

Hefur aldrei verið eins upptekin á ævinni

Alexandra er ekki nýgræðingur þegar kemur að stjórnmálum, hún hefur verið viðriðin Pírata síðan 2014 og var til dæmis í kosningastjórn Pírata fyrir alþingiskosningarnar árið 2017. Vegna anna hefur hún þurft að taka sér frí frá vinnu sinni hjá Símanum, þar sem hún vinnur sem þjónustufulltrúi, til þess að geta einbeitt sér algjörlega að sveitarstjórnarkosningunum í ár. „Ég

hugsaði að þriðja sætið væri alveg nógu sennilegt og ég vildi geta sett mig hundrað prósent í þetta. Ég einsetti mér að mæta á alla viðburði og hef verið með í þessu af heilum hug. Ég hef aldrei verið svona upptekin á ævinni.“

Hrædd við að fylgið skili sér ekki á kjörstað

Samkvæmt könnunum mælast Píratar með fjóra borgarfulltrúa í Reykjavík og bæta við sig umtalsverðu fylgi frá kosningunum

Ég var bara ákveðin í að sjá hvort ég gæti ekki hunsað þessar tilfinningar. Ég hélt að það yrði minna vesen

árið 2014. Í dag eru Píratar með einn fulltrúa og sitja í meirihluta borgarstjórnar. „Við mælumst með fjóra samkvæmt könnunum og ég er í skýjunum með það.“ Hún er hins vegar örhlítuð smeyk við að fylgið sem Píratar mælast með í dag í könnunum, skili sér ekki endilega allt á kjörstað. Ástæðan er sú að margt ungt fólk styður Pírata og það er líklegra til þess að mæta ekki í kjörklefana.

Vanvirðing í garð ungs fólks

Alexöndru finnst að stjórnmálamenn hafi of lengi talað niður til ungs fólks. „Þegar verið var að ræða á Alþingi núna um daginn hvort það ætti að lækka kosningaaldurinn í sveitarstjórnarkosningum niður í 16 ára, sem við erum hundrað prósent fylgjandi, þá voru margir stjórnmálamenn að segja að við ættum að leyfa þeim bara að vera börn og ekkert að ýta stjórnmálunum inn á þau. Mér finnst þetta svo yfirgengileg vanvirðing í þessu. Því fyrr sem við byrjum að kjósa, því fyrr sem við upplifum að það sé hlustað á okkur, því fyrr venjumst við að kosningaþáttaka skipti okkur máli. Ef við erum tilbúin að taka skattpeninga frá 16 ára gömlu fólki, þá ættum við að leyfa því að kjósa líka.“

Þegar hún er spurð hvort það fylgi einhver ábyrgð því að verða mögulega fyrsta transkona til að verða borgarfulltrúi í Reykjavík kemur vel fram hversu stolt hún er að hafa fengið þetta tækifæri. „Eftir því sem ég verð meira áberandi í pólitíkinni þá er ég mjög meðvitund um að fólk mun horfa til mín sem dæmis um hvernig transfólk sé. Það skiptir mig því miklu máli að vera fagleg í minni vinnu, heiðarleg í tilsvörum, vingjarnleg og kurteis. Það hef ég svo sem alltaf verið, ég hef aldrei verið dóni.“

„Mér hefur verið tekið frábærlega vel“

Samtalið berst að því hvernig það sé að vera transkona á þeim vígvelli sem pólitík getur stundum

verið, og sú spurning vaknar hvort hún hafi orðið fyrir einhvers konar mótlæti eða fordómum með kosningaþátttöku sinni. „Það hefur komið mér á óvart hvað aðrir flokkar hafa verið jákvæðir, þá er ég ekki bara að tala um vinstri flokka, Samfylkingu eða VG, þau eru bara mjög fin. En ég hef líka tekið eftir því að önnur framboð sem maður hafði haldið að væru íhaldssamari, þau eru allavega ekki íhaldssöm hvað þetta varðar, allavega ekki við mig. Ég hef ekki fengið nein leiðindi frá neinum, mér hefur bara verið tekið frábærlega vel.“

Fagnar hverju jákvæðu skrefi

Réttindi transfólks skipta Alexöndru miklu máli og hefur hún fylgst vel með baráttunni hérlendis. Sú barátta hefur skilað sér að einhverju leyti til að tryggja transfólki aukin réttindi í samfélaginu. Þrátt fyrir það telur Alexandra að enn sé langt í land en að fagna þurfi hverju jákvæðu skrefi.

„Það er mjög mikilvægt að við fögnum öllum þeim jákvæðu skrefum sem stigin hafa verið. Ég bý að því að aðrir frumkvöðlar hafa rutt þessa braut fyrir mig. Ég á því baráttufólki mikið að þakka og ég vona innilega að ég geti gert sama gagn og það fyrir komandi kynslóðir.“

Var í afneitan til átján ára aldurs

Fjölskyldan stóð þétt að baki Alexöndru þegar hún var að ganga í gegnum þessar breytingar og tekur maður mjög vel eftir því að henni þykir afar vænt um fjölskyldu sína og þakkar henni mikið að hafa verið svona stuðningsrík og elskuleg.

„Frá því að ég var barn þá hef ég vitað að ég væri öðruvísi. Ég man vel eftir draumum þegar ég var á leikskólaaldri og get ekki útskýrt. Ég fattaði eiginlega ekki hvað þetta var fyrir en ég varð svona níu eða tíu ára. Þá var ég alltaf að passa hegðun mína, að það væri ekki of augljóst að ég vildi leika með stelpunum en ekki strákonum. Í rauninni var ég í mikilli afneitan þangað til ég varð 18 ára. Afneitan er ekki einu sinni rétta orðið. Ég var bara ákveðin í að sjá hvort ég gæti ekki hunsað þessar tilfinningar. Ég hélt að það yrði minna vesen. Sennilega óttaðist ég líka að ég yrði ekki sátt við lokaniðurstöðuna. Mér óx líka í augum að taka samtalið við vini og vandamenn.“

Alexandra tók þó skrefið að lokum og sér ekki eftir því. Hún segist aldrei hafa verið hamingjusamari. ■

VENEDIKTSSON

„LÍKLEGA
BESTI
TIPPLEIKUR
Í HEIMI“



FIFA WORLD CUP
RUSSIA 2018

Suberbooth í Berlín

Stærsta tækjahátíð raftónlistarheimsins

Guðni Einarsson
gudnieinarsson@dv.is

Fyrstu helgina í maí var vörusýningin Superbooth haldin í Berlín, í stærstu ungmenna- og fjölskyldumiðstöð í Evrópu, FEZ Berlin. Sýningin er sú stærsta sinnar tegundar í Evrópu þar sem allt það nýjasta í heimi elektrónískra hljóðfæra er sýnt. Yfir tvö hundruð fyrirtæki taka þátt í sýningunni.

Fólk frá öllum heimshornum flykkist til Berlínar ár hvert til að sækja sýninguna heim, en hún hefur skipað háan sess hjá raftónlistarmönnum og áhugafólki um raftónlist úti um allan heim. Þekktir raftónlistarmenn og plötusnúðar innan geirans mæta og prófa það nýjasta sem er í boði. Haldnir voru 30 tónleikar á dag alla daga sýningarinnar ásamt fjölda námskeiða og fyrirlestra. Íslenska raftónlistarsveitin GusGus hélt eina tónleika á sýningunni.


Guðni Einarsson fór á Superbooth og kynnti sér sýninguna og tók viðtal við forsvarsmenn íslenska frumkvöðlafyrirtækisins Genki Instruments.

Upphafsmáður sýningarinnar er frumkvöðullinn og athafnamaðurinn Andreas Schneider, en hann rekur eina virtustu hljóðgervlabúð í heiminum í dag, Schneidersladen. Schneider byrjaði fyrst á því að kynna vörur frá litlum hljóðgervlaframleiðendum og með tímanum myndaði hann öflugt net fyrirtækja og smásala. Hann hjálpaði litlum fyrirtækjum að koma sér á framfæri með því að kynna þau fyrir stærri viðskiptavinahópum með því að fara á vörusýningar líkt og NAMM í Kaliforníu. Verslunin sem hann rekur, Schneidersladen, gegnir þessu hlutverki enn í dag. Superbooth er hans eigin vörusýning.

Stemningin á sýningunni var vægast sagt mögnuð þar sem nördismi og tækjafíkn er á háu stigi. Sérstaða Superbooth-sýningarinnar og það sem gerir hana frábrugðna öðrum sambærilegum sýningum er áhersla á svokallaða einingahljóðgervla (e. modular synthesizer).

Við fyrstu sýn lítur einingahljóðgervill út eins og gömul símtöð þar sem símtöl eru tengd saman með snúrum á skiptiborði. Hljóðgervillinn er settur saman úr mörgum mismunandi einingum sem hafa mismunandi tilgang og virkni, tengdar saman með „patch“-snúrum. Með þessu móti getur hver og einn sett saman sinn eigin hljóðgervil, og um leið skapað sinn eigin hljóð. Einingahljóðgervlar hafa verið til í áratugi, en á síðustu árum hafa vinsældir þeirra vaxið gríðarlega innan raftónlistarsenunnar. GusGus er ein fyrsta hljómsveitin hér á landi sem notar einingahljóðgervla í tónlistarsköpun sinni og einkennist hljóðheimur hljómsveitarinnar að

Námskeið fyrir börn og unglínga á Superbooth.



Biggi Veira (GusGus) og Dieter Döpfer, eigandi Doepfer.



Raftónlistarmaðurinn Richard Devine var ánægður með Wave frá Genki Instruments.



Íslensku frumkvöðlarnir hjá Genki Instruments

hluta til af öflugum hljómi einingahljóðgervlana.

Á sýningunni var íslenska frumkvöðlafyrirtækið Genki Instruments. Fyrirtækið varð til þegar stofnendur þess, Ólafur Bjarki Bogason og Daníel Grétarsson, voru í námi. Þeir voru að leita að lokaverkefni í rafmagnsverkefni og fóru að grúfla í vanda málum á skilum tækni og tónlistar. Þeir fóru með hugmyndir sínar í Startup Reykjavík sumarið 2015. Í framhaldinu töluðu þeir við raf-

tónlistarmenn og reyndu að komast að því hvað það væri sem maetti fara betur í lifandi flutningi á tónlist þeirra. Flestir vildu losna við fartölvuna.

Hvað varð til þess að þið ákváduð að taka þátt í Superbooth?

„Við ákváðum að nýta þann frábæra vettvang sem Superbooth er til þess að kynna nýja vörur sem við höfum verið með í smíðum undanfarið. Varan ber nafnið Wavefront og gerir Wave aðgengilegt

fyrir tónlistarmenn sem kjósa að nota modular-hljóðgervla.“

Segið okkur aðeins frá Wave.

„Wave er hringur sem gerir tónlistarfólki kleift að hafa áhrif á tónlistarsköpun og flutning í rauntíma með hreyfingum handarinnar. Wave nemur afstöðu handarinnar, snúning og slátt og gerir þannig tónlistarfólki kleift að stjórna hljóði, effektem eða senda skipanir á náttúrulegan og einfaldan máta. Hringurinn tengist með Bluetooth MIDI og getur þannig tengst við flestar tölvur og snjalltæki sem eru á markaðinum í dag.“

Fenguð þið góðar undirtektir á sýningunni?

„Við fengum alveg ótrúlega góðar undirtektir frá tónlistarfólki, fjölmiðlum og áhrifavöldum innan senunnar, sem margir hverjir höfðu heyrt af okkur áður. Þó nokkrir vildu meira að segja kaupa vöruna á staðnum.“

Hvað fannst ykkur standa upp úr á sýningunni?

„Það var alveg hrikalega skemmtilegt að taka þátt í sýningunni og finna fyrir þeirri jákvæðu athygli og áhuga sem við fengum frá sýningargestum. Persónulega þótti mér líka mjög



Andreas Schneider Stofnandi Superbooth og eigandi Schneidersladen.

gaman að hitta japanskt tónlistartæknifyrirtæki sem hefur mikinn áhuga á því að dreifa Wave og Wavefront í Japan. Orðið Genki er einmitt dregið úr japönsku en ég var skiptinemi þar sem unglíngur og sú reynsla hafði mikil mótunaráhrif á mig,” segir Ólafur Bjarki. ■

Nánari upplýsingar um sýninguna má finna á superbooth.com.

GAR! LOKADAGAR! LOKADA

ÚTSALA!

Allt að

60%

Afsláttur

HEIMILISTÆKI · ÞVOTTAVÉLAR · KÆLISKÁPAR · UPPÞVOTTAVÉLAR
SJÓNVÖRP · HLJÓMTÆKI OG SVO MARGT FLEIRA!

BETRA BORGAR SIG


Opið virka daga 10 – 18 og laugardaga 11 – 16



RAFLAND

Síðumúla 2-4 | 520 7900 | rafland.is

SAKAMÁL



40 sjúklinga, eða þar um bil, sendi ungerska hjúkrunarkonan Tímea Faludi inn í eilífðina frá maí árið 2000 til febrúar árið 2001. Reyndar voru fórnarlömb Tímeu flestöllum dauðvona og sagðist hún hafa viljað líkna þeim. Tímea fékk níu ára fangelsisdóm í desember árið 2002.

Greifynjan
Varð auðugasta
ekkja Moskvu
26 ára að aldri.

Einu sinni, fyrir langa, langa löngu, var uppi greifynja í Rússlandi. Greifynjan hét Darya Nikolayevna Saltykova, en var kölluð Saltichikha.

Saltichikha, sem tilheyrði rússneska aðlinum, fæddist 3. nóvember árið 1730 en árið 1757 umbreyttist þessi hefðarfrú svo um munaði og verður það reifað hér síðar.

Víkjum fyrst örlítið að forsögunni. Ættarnafn Daryu var Ivanova og fjölskylda hennar var vel tengd inn í efstu stéttir Rússlands þess tíma. Ung að aldri giftist Darya Gleb nokkrum Saltykov sem vissi ekki aura sinna tal. Þegar Darya var 26 ára féll Gleb frá og varð hún þá auðugasta ekkjan í Moskvu. Á meðal þess sem féll Daryu í skaut var Troitskoe, ægiefagurt óðal ekki langt frá Moskvu, og þar bjó greifynjan ásamt tveimur ungum sonum sínum. Undir hæl hennar voru yfir 600 leiguliðar.

Um svipað leyti varð þessi auðuga greifynja að blóðþyrstum og miskunnarlausum morðingja.

Ungur elskhugi

Áður en eiginmaður Daryu safnaðist til feðra sinna hafði hún í sjálfu sér ekki vakið mikla athygli, en eftir því var tekið að hún virtist niðurdregin flestum stundum. Hún var afar trúuð og hafði látið heilmikið fé af hendi rakna til hvort tveggja kirkja og klaustra.

Einn góðan veðurdag hitti Darya ungan og myndarlegan mann, Nikolay Tyutchev, og tóku þau upp samband. Léttist þá brúnin á greifynjunni sem hafði fundið til einmanaleika og að auki fundist sem aldurinn væri að færast yfir hana.


En Nikolay var ekki allur þar sem hann var séður því innan skamms komst Darya að því að hann hafði hitt aðra, og yngri, konu og gott betur, því þau höfðu gengið í hjónaband á laun.

Reið og smáð ekkja

Nú, Darya hreinlega trompaðist og gekk nánast af Nikolay, þeim ótrygga elskhuga, dauðum. Hann slapp með lífstórana og ungu hjónin flúðu til ættingja sinna í Moskvu. Sennilega fannst þeim þau þó ekki nógu langt frá Daryu því þau biðu ekki boðanna og yfirgáfu landshlutann. Ljóst var að Darya gat ekki látið bræði sína bitna á þeim þaðan í frá.

Einhvers staðar varð ekkjan smáða að fá útrás og hún leitaði ekki langt yfir skammt. Leiguliðar Daryu fóru nú margir hverjir að finna fyrir reiði hennar og sérstaklega konur. Því yngri sem konurnar voru þeim mun meira hataði greifynjan þær.

Engrar miskunnar var að vænta af hálfu Daryu sem leit á allar konur sem keppinauta sína.



GREIFYNJAN GRIMMA

■ Darya Nikolayevna Saltykova varð ekkja ung að árum ■ Leiguliðar hennar fengu að finna fyrir takmarkalausri grimmd hennar

Barsmíðar og beinbrot

Jafnvel börn kvennanna fóru ekki varhluta af takmarkalausum hatri Daryu. Hún pyntaði börn og barnshafandi konur til dauða með barsmíðum. Bein voru brotin og konum og börnum hent nöktum út í brunagadd. Darya hellti sjóðandi vatni á fórnarlömb sín og virtist sem

hugmyndaauði hennar varðandi pyntingar engin takmörk sett.

Karlmenn virtust hólpnir því Darya, nánast fyrir slysi, varð aðeins þremur að bana. Þeir voru þó einnig útsettir fyrir pyntingum og áttu helst á hættu að missa konur og börn sem þeir elskuðu. Segir sagan að einn

„ Síðan færðist vonska Daryu upp á annað stig og hún greip til svipunnar og pyntaði stúlkur og konur til dauða



1929 í nóvember nánar tiltekið, hengdi ungversk kona að nafni Júlía Fazekas sig í fangaklefa. Júlía hafði farið fyrir hópi kvenna í borpinu Nagyrév í Ungverjalandi. Englasmiðunum í Nagyrév, sem fyrirkom hátt í 50 karlmönnum á árunum 1914–1929. Konurnar leituðu ekki langt yfir skammt því karlmenningar sem um ræddi voru annaðhvort eiginmenn þeirra, feður eða bræður. Konurnar notuðu arseník til morðanna.

Leiguliðar Daryu fóru nú margir hverjir að finna fyrir reiði hennar og sérstaklega konur. Því yngri sem konurnar voru þeim mun meira hataði greifynjan þær.

leiguliði hafi misst þrjár eigin konur sínar, eina af annarri, í gegnum tíðina.

Pyntingar og dauði

Erfitt var að henda reiður á Daryu og grimmd hennar og hvað hugsanlega myndi trylla hana. Til að byrja með virtist henni nægja að kasta eldivið í þjónustustúlkurnar og ástæðan var kannski sú að hún var óánægð með hvernig þær sinntu vinnu sinni, við þrif eða annað.

Síðan færðist vonska Daryu upp á annað stig og hún greip til svipunnar og pyntaði stúlkur og konur til dauða. Virtist hún fá mikla ánægju út úr því að beita taumlausu líkamlegu ofbeldi.

Vissulega bárust yfirvöldum fréttir af tíðum dauðsföllum á setri Daryu og leiguliðar lögðu fram kvartanir. Það eina sem þeir sem kvörtuðu höfðu upp úr krafsinu var refsing þeim sjálfum til handa, enda var greifynjan vel tengd valdhöfum.

Katrín mikla grípur í taumana

Sumarið 1762 flúðu tveir leiguliðar, Sakhvely Martynov og Ermolay Ilyin, og komust til St. Pétursborgar. Ermolay Ilyin var einmitt sá leiguliði sem misst hafði þrjár eigin konur vegna grimmdar Daryu, eins og drepið er á framar í greininni.


Þeim tókst að koma umkvörtunum sínum á framfæri við Katrínu II keisaraynju, gjarna nefnd Katrín mikla, sem skoraðist ekki undan því að láta rannsaka málið. Þetta sama ár var Darya Saltykova handtekin og var í haldi í um sex ára skeið á meðan yfirvöld fóru í saumana á því sem hafði gengið á á setri hennar.

Engin iðrun

Rannsóknin var þungur róður fyrir þá sem sáu um hana því leiguliðar Daryu voru of hræddir til að tjá sig, en rannsakendur gáfust ekki upp. Strax var talið ljóst að Darya var ekki veik á geði, en hún iðradist ekki gjörða sinna og jafnvel



Svipan á lofti
Konum og stúlkum úr röðum leiguliða Daryu varð ekki öllum lífs auðið.



Í þrísund
Teikning af Daryu Saltykova í dýflissunni.



Ivanovski-klaustrið Dyflissa í klaustrinu var þrísund Daryu.

prestur einn sem átti að fá hana til að játa á sig glæpina fékk ekki orð upp úr henni.

Á öllu fasi Daryu var ljóst að hún var þess fullviss að henni yrði ekki refsað. Þegar upp var staðið var Darya ákærð fyrir morð á aðeins 38 konum og stúlkum.

Reyndar var það niðurstaða rannsakennda að Darya hefði á sex til sjö ára tímabili myrt með hinum ýmsu aðferðum 139 manns, þar af þrjú karlmenn. Yngstu fórnarlömbin voru 10–12 ára stúlkur.

Alræmt klaustur

Réttarhöldin yfir Daryu voru opin enda vildi Katrín mikla undirstrika að lög og réttur voru henni mikilvæg. Þegar upp var staðið var Darya sakfelld fyrir 38 morð þrátt fyrir að víst væri að þau hefðu verið 100 fleiri.

Katrínu miklu var þó vandi á höndum því dauðarefsing hafði

verið afnumin í landinu 1754 og hún, sem nýbúin var að taka við stjórnaumunum, þarfnadist stuðnings aðalsins. Niðurstaðan var að Darya Saltykova fékk lífs-tíðardóm sem hún skyldi aflána í Ivanovskiy-klaustrinu í Moskvu, sem reyndar var alræmt enda oft notað sem þrísund fyrir konur úr aðalstétt, sem höfðu vakið athygli leyniþjónustunnar fyrir óæskilegar stjórnmálaskoðanir eða glæpi. Voru þær þá sendar í klaustrið undir því yfirskini að þær væru geðsjúkar. Naut klaustrið góðs af þessu hlutverki enda létu ættingjar umræddra kvenna ríkulegar gjafir renna til þess fyrir vikið.

Eilíft myrkur

Í kjölfar dómsuppkvaðningar var greifynjan færð út á Rauða torg þar sem hún var hýdd og hánuð. Um háls hennar hékk skilti sem á stóð: Þessi kona hefur pyntað og myrt.

Síðan var farið með Daryu í klaustrið og dvölin þar var enginn dans á rósum. Henni var úthlutað gluggalaus dýflissa í iðrum klaustursins og var hennar gætt allan sólarhringinn. Henni var færður matur og fékk að njóta tíru frá logandi kerti á meðan hún mataðist en að máltíð lokinni tók myrkríð við á ný.

Í dómnum var einnig tekið


fram að heimilt væri að færa hana úr dýflissunni þannig að hún gæti hlýtt á messu, en þó þannig að hún stigi ekki fæti inn í kirkjuna. Þannig liðu nú ellefu ár.

33 ára einangrun

Árið 1779 var Darya Saltykova flutt í eina af byggingum klaustursins og höfðu nýju hífýlin glugga. En Darya var þegar þarna var komið sögu heillum horfin. Hún hrækti á fólk sem gekk fram hjá glugganum, jós það fúkyrðum og otaði að því priki.

Darya dó í klefa sínum 27. nóvember, 1801, 71 árs að aldri og hafði þá verið í einangrun í 33 ár. ■

Helgarkrossgátan



		Teikning: Halldór Andri eftirprentun bönud		varma		barefli	eira	tuggðar	fugl
		nált-fiðrildið							
		borgar							
		seinka bönina							
		7		↑					spottana
		hnútur					5		
krossgátugerð: Bjarni sími: 8452510	↓	2 eins	ávöxtur	vistarveru	ílát		storm samtök		
							öskur álitinn		
					tóntákn				nudd
		2 eins rándýr			elg áverki		2 eins		
				sæg	3 mála	↑	sögu-persóna		
	↓		gáskinn vaggar				6		bæta
							49 fuglinn		
	↓	kvendýr súld			krúsina stæðið				
				flugfélag keyrt			3 eins tvílir		
			geimvera greinileg		krókna				4 rumpur
					hærra				maður
		afkvæmi brot			slakar vitund				
	↘					↗	1	hún grimmd	
			uppfylltist gelt				8		
	karldýr	9	máta kroppa		dá				2 árfaðirinn
	ávextir						kassi liðug		
		elska pikk			áfergja öfug röð				skálm
	blossa			steikjast					
	skítugur				karl				

1	2	3	4	5	6	7	8	9
---	---	---	---	---	---	---	---	---

Sudoku

Auðveld


6		9	1	3		2		5
					5		4	
				7				
	9	3				5	1	
			7	8			3	
1	4		9				8	
	7	5			8			
3	6	1		4		9		
			6	1				

Erfið

		9					6	1
5		3			4	2		9
7			9				5	4
		4			5			
			4	9		6		
	3			7		1		
	8							3
2	4		8	5				
							2	

Verðlaunagáta

Helgarkrossgátan inniheldur lausnarorð.
Lausnarorð skal senda ásamt nafni og símanúmeri á netfangið krossgata@dv.is



Vinningshafi krossgátu síðustu helgar er...

María Hjálmdís Þorsteinsdóttir

Bræðraborgarstíg 21

101 Reykjavík

Lausnarorðið var **SKÓGARPRÖSTUR**

María hlýtur að launum bókina Pitt annað líf

Verðlaun fyrir gátu Helgarblaðsins eru Elín, ýmislegt

Elín, ýmislegt
Höfundur: Kristín Eiríksdóttir
Elín býr til leikmuni og gervi fyrir kvikmyndir og leikhús og þó hún sé komin yfir sjötugt lifir hún enn fyrir vinnuna. Hún býr ein og veit ekki af fortíðinni sem leynist í kóssum úti í bæ. Dag einn birtast þeir á stofugólfinu hennar.
Þegar Elín fer að vinna við sýningu á nýju leikriti eftir unga vonarstjörnu, Ellen Álfisdóttur, vitjar fortíðin hennar á ný. Leiðir þeirra tveggja hafa áður legið saman við hræðilegar kringumstæður, þó að önnur muni ekki eftir því og hin sé í þann veginn að gleyma því.
Elín, ýmislegt er margslungin og listavel ofin saga um mæður og dætur, ofbeldi og áföll, vald og gleymsku. Kristín Eiríksdóttir hefur áður sýnt, í Doris deyr og Hvítfeld, hversu slyng hún er að flétta magnaðar sögur sem grípa lesandann föstum tókum og sitja lengi í honum eftir lesturinn.



saman



&



Gómsætir veislubakkar,
sem lífga upp á öll tilefni.
Er kannski heilsuáttak
framundan?




Ávextir í áskrift kosta um 550 kr.
á mann á viku og fyrirhöfn fyrirtækisins
er engin.



www.avaxtabillinn.is • avaxtabillinn@avaxtabillinn.is • 517 0110

Tímarvélín



FISKABÚR — SJÓNVARP

Til sölu 115 l. fiskabúr með stórum og fallegum fiskum. Til greina kæmi að skipta á sjónvarpi. Uppl. að Hverfis-
ötu 42. 4. hæð til hægri.

Gamla auglýsingin

Vísir 15. nóvember 1967



Fengu enga myndlykla

Fyrstu hugmyndir að Stöð 3 komu fram árið 1988 þegar fyrirtækið Ísfilmi vildi koma henni á legg. Í nóvember varð stöðin loks að veruleika en þá á vegum Íslenska sjónvarpsins hf. í eigu Árvakurs, Japis, Sambíóanna og fleiri. Illa gekk að finna nothæfa myndlykla fyrir starfseminu sem þýddi að stöðin fékk engar áskriftartekjur. Dagskrá Stöðvar 3 byggði á erlendu, aðallega bandarísku, skemmtiefni, en auk þess sendi hún út erlendar stöðvar á borð við CNN, MTV, Discovery Channel og Eurosport. Í október árið 1996 óskaði Íslenska sjónvarpið eftir nauðasamningum og Íslensk margmiðlun hf. tók yfir reksturinn. Í janúar árið 1997 virtust málin vera að leysast. Réttu myndlyklarinnir fundust í Sviss og fimm starfsmenn Stöðvar 2 voru ráðnir, sem reyndar voru sakadír um að hafa stolið trúnaðargögnum. Mánuði síðar rann Stöð 3 inn í Stöð 2 og hættu þá útsendingarnar.



Vildu verða eins og CNN eða Sky

Nýja fréttastofan, NFS, er áreiðanlega eitt bjartsýnasta verkefni sem Íslenskir fjölmiðlamenn hafa farið út í. NFS tók við af fréttastofu Stöðvar 2 og Bylgjunnar í nóvember árið 2005 og miðlaði fréttæfni næstum allan sólarhringinn líkt og risastöðvar úti í heimi, á borð við CNN og Sky News, gera. Þarna voru líka þungvigtar fréttaskýringa- og umræðubættir á borð við Kompás og Silfur Egils. En fljótlega fór að halla undan fæti vegna þess að Ísland er einfaldlega of lítið mengi fyrir slíka stöð. Sömu fréttirnar voru því síendurteknar allan sólarhringinn í sömu sviðsmynd og dagskráin varð fyrir vikið hundleiðinleg. Í september árið 2006 skrifaði Róbert Marshall, forstöðumaður NFS, opið bréf til eigandans, Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, titlað „Kæri Jón“ þar sem hann bað um að fá að halda stöðinni gangandi áfram. Þann 22. september sama ár var NFS lokað.

Brutust inn í Kanasjónvarpið og sprengdu á vegg þess

Ekki voru allir sáttir við stofnun stöðvarinnar

Kristinn Haukur Guðnason
kristinn@dv.is



Kanasjónvarpið er það sem Íslendingar kölluðu sjónvarpsstöð bandaríska hersins á Keflavíkflugvelli. ARFTS Keflavík, eða Armed Forces Radio and Television Service Keflavík, hét hún fullu nafni og var starfrækt í rúma hálföld. Sumir tóku því fagnandi að fá ókeypis útsendingar á góðu bandarísku efni en aðrir töldu stöðina ógna menningu og þjóðerni Íslendinga.

Fréttir og skemmtun fyrir dátana

Árið 1941 var samið um að Bandaríkjamenn tækju við vörnum Íslands af breska hernámssliðinu og tugþúsundir amerískra dáta streymdu til landsins. Árið 1943 var Keflavíkflugvöllur byggður og undir lok stríðsins var hann gerður að aðalbækistöð hersins. Í stríðinu kom herinn upp tímabundinni útvarpsstöð til að miðla fréttum, áróðri og skemmtiefni. Þegar Íslendingar sömdu um áframhaldandi varnir Bandaríkjahers árið 1951 var hafist handa við að koma á fót varanlegum ljósvakamiðlum fyrir dátana.

Útvarpið kom fyrst, í nóvember sama ár og varnarsamningurinn var undirritaður, en styrkur útsendingarinnar var lítill. Hálfu ári síðar fékkst leyfi frá íslenskum stjórnvöldum fyrir tífoldun útsendingarstyrksins og náðist þá útsending um allt land. Jafn framt fékkst leyfi fyrir því að útvarpa allan sólarhringinn.

Stefna hersins var að koma upp sjónvarpsstöð í Keflavík líkt og í öðrum herstöðvum en það reyndist mun viðkvæmara. Leyfi frá íslenskum stjórnvöldum fékkst árið 1954 með skilyrðum um takmarkaða útbreiðslu og fyrsta sjónvarpsstöðin á Íslandi hóf útsendingar 4. mars árið 1955.



Helga Kress
Stúdentablaðið
mars 1966

Bonanza, Perry Mason og Roy Rogers

Þó að leyfi stjórnvalda hafi verið bundið því að reynt yrði að beina útsendingum aðeins að Keflavíkurstöðinni þá náðust útsendingarnar á öllum Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu. Á sumum heimilum var keypt inn sjónvarp og varð þá yfirleitt mjög gestkvæmt því allir vildu sjá dagskrána. Tækin voru dýr en þó nokkuð blómlegur endursölumarkaður ef marka má þann

fjöldi sem var auglýstur í smáauglýsingum dagblaðanna.

Til að byrja með skildu ekki allir Íslendingar hvað fór fram enda var enskukunnátta á sjötta áratugnum ekki jafn útbreidd og í dag. En Íslendingar vöndust þessu efni í síauknum mæli og „Kanasjónvarpið“ eða „Kaninn“ festi sig í sessi. Árið 1962 fóru íslensk dagblöð meira að segja að birta dagskrána.

Dagskráin hófst klukkan 17 virka daga og stóð fram að mið-

„Mér finnst það vera hrein og bein skömm, að við skulum ekki sjálf fá að ráða hvaða sjónvarpsefni við horfum á.

nætti. Þarna voru sýndir margir af þekktustu sjónvarpsþáttum þess tíma eins og Bonanza, Ozzie and Harriet, Perry Mason, The Real McCoys, Peter Gunn og spjallþáttur Bobs Hope. Á laugardögum hófst dagskráin klukkan 10 um morgun með barnaefni á borð við Kiddie's Corner og Roy Rogers. Á sunnudögum hófst dagskráin um hádegi með messu. Auk þess var stöðin með sína eigin fréttatíma og fréttaskýringarþætti sem oft og tíðum báru keim þess að vera áróður.

Tveir forsetar mótmæltu

En ekki voru allir sáttir við innreið bandarískis fréttá- og menningar-efnis á íslensk heimili. Dagblaðið Frjáls þjóð var stofnað til höfuðs þessum áhrifum og Sósíalistar, og síðar Alþýðubandalagsmenn, börðust hart gegn því. Talað var um ómenningu sem myndi tortíma íslensku tungu og menningu. Það var heldur alls ekki eldra fólk- ið sem lét í sér heyra því stúdentar við Háskóla Íslands voru sennilega einn háværaasti hópurinn og fremst í flokki fór Helga Kress, síðar prófessor. Í Stúdentablaðinu árið 1966 skrifaði hún:

„Það má telja eðlilegt, að bandarískir hermenn vilji hafa sitt sjónvarp. En það er ekki eðlilegt, að íslenskir ráðamenn leyfi ótilkvaddir, að áhugi þjóðarinnar á andlegum verðmætum sé slævður með smekklausri hermanna-skemmtun.“

Með greininni fylgdi áskorun

Skjáreinn var rekinn me

Stöðin Skjáreinn var stofnuð árið 1999 og var í opinni dagskrá allt til ársins 2009 þegar hún varð að áskriftarsjónvarpi og árið 2016 rann hún loks inn í Sjónvarp Símans. Skjáreinn var ein umtalaðasta og vinsælasta stöð landsins í upphafi aldarinnar en maður reyndist í mysunni því að hún var rekin fyrir stolið fé úr Landssímanum.

Partistöðin

Upprunalegir eigendur voru Hólmgeir Baldursson og Róbert Árni Hreiðarsson (nú Robert

Downey) en eftir aðeins nokkra mánuði var hún seld til Eyþórs Arnalds og fyrirtækisins Alvöru lífsins sem stofnað var í kringum sýningu Bjarna Hauks Þórssonar á Hellisbúanum. Forsvarsmenn Alvöru lífsins voru þeir Árni Þór Vigfússon og Kristján Ra Kristjánsson, æskufélagar úr Verzlunarskólanum sem höfðu meðal annars sett upp sýninguna Cats við góðan orðstýr.

Gullöld Skjáseins var á fyrstu árum aldarinnar þegar vinsælir íslenskir þætti á borð við Djúpu laugina, Allt í drasli og Poppunkt

voru sýndir. Þá skapaði Erpur Eyvindarson hinn ódauðlega Johnny Naz í þáttunum Íslenskri kjötsúpu sem margir muna eftir. Skjáreinn var partistöð og margir af þeim sem störfuðu þar hafa lýst því að þeir hafi eytt nánast öllum sínum launum á Prikínu, skemmtistað sem var þá einnig í eigu Árna Þórs og Kristjáns Ra.

Landssímamálið

En reksturinn stóð ekki undir sér og fljótlega fór Skattranssóknarstjóra að gruna að ekki væri allt með felldu í bókhaldi fyrirtæk-

isins. Höfðu þá stórar upphæðir runnið inn á reikninga félagsins frá Landssímanum og varð það upphafið að hinu þekktu Landssímamáli.

Aðalféhirðir Landssímans var Sveinbjörn Kristjánsson, bróðir Kristjáns Ra, og játaði hann samtundis að hafa tekið 261 milljón króna út úr fyrirtækinu og lánað Kristjáni og Árna Þór. Sveinbjörn sagðist einn hafa borið ábyrgðina og að þeir hefðu verið grunlausir um að féð væri illa fengið en engu að síður voru þeir allir kærðir, auk tveggja annarra einstaklinga sem



Tíminn 18. nóvember 1969


600 stúdenta til stjórnvalda um að stöðva útsendingar Kanasjónvarpsins utan herstöðvarinnar. Meðal þeirra voru Ólafur Ragnar Grímsson, Vigdís Finnbogadóttir, Svavar Gestsson, Ragnar Arnalds og Ellert B. Schram.

Ungmennirnir lögðu undir sig stöðina

Þetta ár, 1966, tók hóf Ríkisútvarpið eigin sjónvarpsútsendingar og sífellt fleiri landsmenn eignuðust sjónvarpstæki. Upp úr því komu fram kröfur frá framleiðendum bandaríks skemmtiefnis að varnarliðið ætti að greiða hærra gjöld þar sem útsendingin nærðist langt út fyrir herstöðina. Brugðist var við þessu haustið 1967 með því að minnka styrk útsendingarinnar. Áttu þær þá að ná einungis yfir Suðurnesin og syðsta hluta Hafnarfjarðar en í raun náðist stöðin enn þá í Reykjavík.

Unga fólkíð var enn þá reitt og vildi Kanasjónvarpið burt. Sunnudagskvöldið 16. nóvember árið 1969 brutust tuttugu mótmælendur gegn stríðinu í Víetnam inn á sjónvarpsstöðina og lögðu hana undir sig. Meðal þeirra sem stóðu að aðgerðunum voru Birna Þórðardóttir og Róska, þekktir aðgerðasinnar.

Þau komu inn á völlinn í tveimur hópum, sumir þóttust vera að taka á móti ættingjum úr far-



Stangir og greiður
Alþýðublaðið 6. september 1974

þegaflugvél en aðrir klifruðu yfir vírgirðingu vallarins. Þegar þau komust inn í húsakynni stöðvarinnar sprejduðu þau á vegg slagorð á borð við „Viva Cuba“, „Vietnam will win“ og „Brainwash center“. Síðan settust þau í hring á miðju gólfinu og héldust í hendur uns lögreglan kom og handtók þau. Útsending var rofin í fimmtán til tuttugu mínútur á meðan þessi atburðarás átti sér stað.

Stöðin sett í kapal
Útsendingar Ríkissjónvarpsins

urðu sífellt vinsælli og raddirnar gegn Kanasjónvarpinu sífellt háværari. Í Þjóðviljanum birtust margar gagnrýnisgreinar þar á meðal frá Einari Braga, skáldi og rithöfund, árið 1973 þar sem hann fór fram á að einkaréttur Ríkissjónvarpsins væri virtur:

„Stundum heyrst sú viðbára, að hér sé aðeins um æskilega samkeppni að ræða í líkingu við sendingar útvarpsstöðva víða um lönd, sem menn geta hlustað á eftir frjálsu vali. Það er átakanlegt ef fullorðnir menn eru svo óskýrir í hugsun, að þeir greini ekki grundvallarmuninn á þessu tvennu. Ameríski herinn starfrækir skóla á Vellinum fyrir börn hermanna ... Ætli margur yrði ekki dálítið hvumsa, ef hermenn af Keflavíkuvelli kæmu einn morguninn stikandi í skólana og gerðu kröfu til að fá að taka við uppfræðslunni að hálfu og kenna ensku?“

Vissulega voru margir sem horfðu frekar á Kanann en Ríkissjónvarpið, svo margir að dagskráin var birt í dagblöðum vel inn í áttunda áratuginn. Fólk á jaðri útsendingarsvæðisins kostaði miklu fé til að koma sér upp magnara og alls kyns búnaði til að ná stöðinni. En þrýstingurinn hafði áhrif og árið 1974 var stöðin færð í kapalkerfi. Urðu þá margir Íslendingar svektir og Albert Guðmundsson,

þingmaður Sjálfstæðisflokksins, lagði fram þingsályktunartillögu um að leyfa útsendingar Kanasjónvarpsins. Var hún felld með 40 atkvæðum gegn 5.

Einn yfirlýstur Sjálfstæðismaður skrifaði í Morgunblaðið árið 1976:

„Mér finnst það vera hrein og bein skömm, að við skulum ekki sjálf fá að ráða hvaða sjónvarps efni við horfum á. Hvergi í heiminum eru eins miklar hömlur lagðar á í slíkum efnun. Sjónvarpið á Keflavíkurflogvelli er stofnun, sem ríkið greiðir ekki með og því engin ástæða til að loka því. Það er talið að nokkrum ofstopafullum körlum og konum, sem vilja láta mikið á sér bera, að allt sem aflaga fer í þessu landi svo og glæpir stafi af Keflavíkursjónvarpinu. Þetta eru auðvitað ekkert annað en móðursjúkar hugsanir.“

Raddir af þessum toga heyrðust alveg fram á tíunda áratuginn. Morgun fannst dagskrá Ríkissjónvarpsins leiðinleg og auk þess voru engar útsendingar á fimmtudögum. Með tímanum dofnuðu þessar raddir og þegar einkarétti ríkisins á ljósvakamiðlum var aflétt árið 1986 voru þær svo til horfnar enda jókst framboð þá til muna. Kanasjónvarpið var starfrækt á Keflavíkurflogvelli alveg þangað til herstöðinni var lokað árið 2006. ■



„Grófara klám en nokkru sinni hefur sést í íslensku sjónvarpi“

Sýn var lengi að finna sér farveg og stefnu á íslenskum sjónvarpsmarkaði. Árið 1989 fékk Sýn hf. leyfi fyrir stöðinni en að því stóðu DV og Bíóhöllin. Sýn hf. kom stöðinni hins vegar ekki í loftið og keypti Stöð 2 leyfið í maímánuði ári síðar. Til að byrja með var stöðin aðallega notuð til þess að sjónvarpa þingfundum. Á seinni hluta tíunda áratugarins var alls kyns bandarískt skemmtiefni sýnt á Sýn, þar á meðal mikið af erótískum myndum, hryllingsmyndum og bardagabáttum á borð við American Gladiators. Hjálmur Arnason, þingmaður Framsóknarflokksins, gerði dagskrá stöðvarinnar að umtalsefni í þinginu og spurði menntamálaráðherra hvort dagskráin samræmðist lögum. „Þessi sjónvarpsstöð sýnir grófara klám en nokkru sinni hefur sést í íslensku sjónvarpi.“ Síðar varð Sýn að hreinræktaðri íþróttastöð en breytti um nafn og varð að Stöð 2 Sport árið 2008.

Stöð stolnu fé úr Landssímanum

taldir voru hafa átt þátt í stuldinum árið 2004.

Við vitnaleiðslur kom í ljós að féð hafði runnið inn í Skjáeinn frá fyrsta degi. Sveinbjörn sagði að ávallt hefði staðið til að endurgreiða féð en þegar hann sá að Kristján og Árni gátu ekki greitt strax varð hann að breyta bókhaldinu. Fjárþörf Skjáeins var hins vegar viðvarandi og áfram flæddi fé frá Landssímanum inn í Skjáeinn. Sveinbjörn passaði sig á því að vera ávallt í vinnu um mánaðamót þegar uppgjör fór fram og notaði kúnstir til að

blekkja alla eftirlitsaðila.

Sveinbjörn var dæmdur til fjögurra og hálfis árs fangelsisvistar í héraði og áfrýjaði ekki. Árni Þór og Kristján fengu tveggja ára dóm þar sem þeir hefðu átt að vita að féð var illa fengið. Sú refsing var lækkuð í fimmtán og átján mánuði í Hæstarétti. Einn annar sakborningur var dæmdur til þriggja mánaða fangelsisvistar fyrir peningþvætti. ■



SVONA VARÐ NORÐUR- KÓREA KJARNORKUVELDI

■ Af hverju þróaðist stjórnarferið á þennan hátt? ■ Blóðug fortíð ■ Treystir engum

Kristján Kristjánsson
ritstjorn@dv.is



Donald Trump Bandaríkjaforseti mun funda með Kim Jong-un, einræðisherra í Norður-Kóreu, á næstunni. Ekki hefur enn verið upplýst hvenær eða hvar en það hlýtur að skýrast á næstunni. Tilfni fundarins er deilur Bandaríkjanna og Norður-Kóreu vegna kjarnorku- og eldflaugatilauna þeirra síðarnefndu. Kim Jong-un erfði völdin í Norður-Kóreu þegar faðir hans lést og er hann þriðji ættliðurinn til að stýra þessu einangraða ríki sem ógnar heiminum með kjarnorkuvopnum og kúgar sveltandi almúgann.

En hvernig verður ríki eins og Norður-Kórea til og af hverju þróaðist stjórnarferið þar eins og það gerði?

Leiðtogar Norður-Kóreu hafa frá upphafi lagt mikla áherslu á að einangra landið frá umheiminum. Þeir hafa náð að blinda þjóðina í gegnum tíðina þannig að einræðisstjórnin hefur getað styrkt stöðu sína og alræðisvöld. Að mestu er gert út á þá hugsun að umheimurinn allur sé á móti Norður-Kóreu og að eina leiðin til að tryggja tilvist ríkisins sé að eiga ógnarsterkan her. Út á þetta gengur stór hluti þeirrar innrættingar sem á sér stað í landinu.

Norður-Kórea er einnig afurð langrar og blóðugar sögu sem teygir sig langt aftur í tímann. Svo langt að ekki var þá sjáanlegt að Kóreu yrði skipt í tvö ríki. Stórveldin, þar á meðal Bandaríkin, komu mikið við sögu þegar Norður-Kórea varð til og eiga því hlut að máli. Kóreuskaginn hefur lengi orðið fyrir áhrifum af valdabaráttu stórveldanna.

Blóðug fortíð

Kóreuskaginn liggur mitt á milli þriggja sögulegra stórvelda og það hefur sett sitt mark á landið. Fortíðin er blóðug og Kórea var oft átakasvæði. Sem dæmi má nefna að 1231 eru Mongólar sagðir hafa ráðist inn í Kóreu og þar með hófst stríð sem stóð í 39 ár og kostaði um 200.000 manns lífið.

Á næstu öldum dróst Kórea oft inn í átök og deilur nærliggjandi stórvelda. Þrátt fyrir ótal innrásir, sérstaklega Japana og Kínverja, tókst Kóreu að halda velli sem þjóðríki. Öll þessi átök og deilur urðu til þess að Kórea einangraði sig frá umheiminum og frá því á sautjándu öld og fram á þá tuttugustu var landið nær einangrað.

Í upphafi tuttugustu aldarinnar var Japan rísandi stórveldi og hafði mikinn áhuga á Kóreu og náttúruauðlindunum þar. Japanir lögðu Kóreu undir sig fyrir framan nefið á Kína og Rússlandi. 1919 gerðu Kóreubúar uppreisn gegn Japönum en sú uppreisn var bældniður á grimmdarlegan hátt.

Landsmenn voru neyddir til að

Frá því á sautjándu öld og fram á þá tuttugustu var landið nær einangrað.

taka upp japönsk nöfn, kóreska var bönnuð í skólum og öll kennsla var á japönsku.

Í síðari heimsstyrjöldinni hélt kúgunin áfram og um hálf milljón Kóreubúa var neydd til að vinna í japönskum verksmiðjum og taka þátt í bardögum. Allt að 200.000 konur voru neyddar til vændis og voru til reiðu fyrir japanska hermenn.

Upphafid

1912 fæddist Kim Il-sung, afi Kim Jong-un. Japanir réðu þá lögum og lofum í Kóreu. Kim Il-sung ólst upp við að Japan væri óvinurinn. Hann fékk áhuga á kommúnisma og gekk til liðs við skæruliðahópa sem börðust gegn Japönum, þar á meðal hóp sem var stýrt af kínverska kommúnistaflokknum.

Hann komst til metorða og stýrði skæruhernaði í hernuminni Kóreu. Hann varð þó að flýja til Sovétríkjanna 1940 og varð liðsforingi í Rauða hernum.

Þegar síðari heimsstyrjöldinni lauk höfðu Sovétríkin og Bandaríkin herlið í Kóreu. Sovétríkin í norðurhlutanum og Bandaríkin í suðurhlutanum. Sovéttmenn völdu Kim Il-sung sem fyrsta leiðtoga norðurhlutans en Bandaríkjamenn völdu and-kommúnistann Syngman Rhee sem forseta í suðurhlutanum.

1950 braust Kóreustríðið út en 1953 var samið um vopnahlé sem enn stendur því aldrei hefur verið samið um frið.

Samið var um að landamæri ríkjanna yrðu þau sömu og þau voru fyrir stríð. En stríðið hafði kynnt vel undir fjandskap á milli suður- og norðurhlutans.

Að stríði loknu byrjaði Kim Il-sung að byggja Norður-Kóreu upp eftir eigin höfði og lagði grunninn að einræðisríkinu eins og við þekkjum það í dag. Hægt og örugglega losaði hann sig undan sovéskum og kínverskum áhrifum og náði að viðhaldi jafnvægi í samskiptum við þessi tvö stórveldi. Þannig náði hann að tryggja sjálfstæði Norður-Kóreu. Hann



1912 fæddist Kim Il Sung, afi Kim Jong-un. Japanir réðu þá lögum og lofum í Kóreu.

byggði upp eins flokks kerfið og kom á öfgakenndri persónudýrkun. Til að forðast of mikil áhrif frá Sovétríkjunum og Kína var Juche-hugmyndafræðin þróuð en hún á rætur í kínverskum konfúsíusisma og sovéskum stalinisma. Með þessu komst Kim Il-sung hjá því að halla sér of mikið að öðru hvoru stórveldanna.

Hann stýrði landinu með harðri hendi. Gagn-

ekki málum í Norður-Kóreu.

Hvorki Kína né Sovétríkin vildu aðstoða við framleiðslu

rýnendur voru teknir af lífi, herinn var byggður upp og persónudýrkunin var algjör. Kim Il Sung var næstum því guð í augum landsmanna. Þetta á enn við í dag um Kim Jong-un þar sem vægðarlaus áróður er rekinn þar sem hann er hafinn upp til skýjanna og nánast settur í guðatölu.

Treysti engum

Kim Il-sung ákvað að koma sér upp kjarnavopnum þar sem hann óttaðist Bandaríkin og treysti ekki Kínverjum eða Rússum. Hann vildi eingöngu treysta á sjálfan sig. Allt snerist um að tryggja tilvist landsins og það gera kjarnavopn. Þau senda einnig þau skilaboð til Kína og Rússlands að þau ráði

kjarnorkuvopna svo málin gengu hægt fyrir sig en bæði ríkin vildu aðstoða við þróun kjarnorku til friðsamlegra nota. 1952 var kjarnorkustofnun Norður-Kóreu opnuð.

Þegar Kim Il-sung lést 1994 tók sonur hans, Kim Jong-il, við stjórnartaumum. Enn hafði ekki tekist að þróa kjarnorkuvopn. Hann hélt óbreyttri stefnu um að herinn gengi fyrir í öllu og viðhélt algjörrri einangrun landsins frá umheiminum. Ekki var hvikað frá þessari stefnu þrátt fyrir miklar náttúruhamfarir og hungursneyð. Einræðisstjórnin telur að „aðeins“ nokkur hundruð þúsund landsmenn hafi soltið í hel en aðrar heimildir segja að um milljónir hafi verið að ræða.

Í kringum aldamótin var staðan í landinu alvarleg og Kim-fjölskyldan hafði áhyggjur af eigin tilvist sem og Norður-Kóreu. Kim Jong-il vissi að kjarnorkuvopn eru nauðsynleg til að hræða óvini og halda þeim fjarri. Nú var allt lagt undir til að þróa kjarnorkuvopn og almenningur var látinn svelta heilu hungri.

2006 tilkynntu stjórnvöld í Norður-Kóreu að þeim hefði tekist að sprengja kjarnorkusprengru og nú var landið orðið áttunda kjarnorkuveldi heims.

Sérfræðingar telja að nú eigi Norður-Kórea nokkrar kjarnorkusprengru en óljóst er hvort langdrægar eldflaugar þeirra geti borið kjarnaodda. Það að eiga kjarnorkusprengru hefur tryggt Norður-Kóreu viðræðum við umheiminn sem getur ekki látið eins og ekkert sé.

Kim Jong-un er með bestu spilinn eins og málin standa nú. Hann hefur engan áhuga á að til átaka komi og hvað þá til kjarnorkustríðs því hann veit að það jafngildir sjálfsvígi. Hann vill tryggja stöðu sína

við samningaborðin hjá alþjóðasamfélaginu og tryggja tilvist sína og Norður-Kóreu

þar sem hann getur áfram farið sínu fram og níðst á þjóð sinni til að halda völdum um leið og rödd Norður-Kóreu heyr-ist á alþjóðavettvangi. ■

Þegar Kim Il Sung lést 1994 tók sonur hans, Kim Jong Il, við stjórnartaumum. Enn hafði ekki tekist að þróa kjarnorkuvopn.



2018 árgerðir Hobby húsbílar og hjólhýsi



Hjólhýsi frá 2.800.000 kr. og nýir húsbílar frá 7.900.000 kr.



Hef til afgreiðslu Hobby 2018 árgerð

Mikið af aukabúnaði, meiri burðar-getu, Sjónvarpsfestingu, gólfhita, Rúmbreytingu, Rafgeymakerfi, einnig Markisur, uppblásin fortjöld, Alde, sólarcellur og fleira í boði.

- 495UL Excellent - 3.580.000 kr.
- 495UL Premium - 3.990.000 kr.
- 540UL Excellent - 3.970.000 kr.
- 540UL Fe Excellent - 3.990.000 kr.
- 560UL PREMIUM - 4.380.000 kr.
- 770CL Landhús - 5.660.000 kr.

Fleiri gerðir einnig.

Mitsubishi Outlander PHEV 2.0 Plug-In Hybrid 4x4

Til afhendingar í febrúar 2018.

INTENSE PLÚS - Verð 4.200.000 kr.

Sjálfsk, 360gráðu myndavél, 18" álfelgur, 50/50 leður, Lyklalaust aðgengi, Upphitað Leðurklætt aðgerðastýri, Hiti í sætum, App tenging til að forhita bíl og stýra hleðslu, Samlitir, aðfellanlegir rafstillanlegir og upphitaðir hliðarspeglar, Útvarp með snertiskjá.

Tilboð

Dráttarkúla og 4 vetrardekk á 17" álfelgum kr. 200.000



B1 innflutningur bíla og hjólhýsa / boas@b1.is / Miðvangur 1-3, Egilsstöðum / Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson í síma 777 5007



Sætoppur ehf. • Lónsbraut 6 • 220 Hafnarfirði • Sími 551 7170 • www.saetoppur.is



” Tala hátt, hlægja mikið og sátt við lífið og tilveruna

Borgin mín: Los Christianos

„Kanaríbúinn er lífsglaður og heldur utan um fjölskylduna

Ragna Gestsdóttir
ragna@dv.is



Útvarpsmaðurinn Sigvaldi Kaldalóns, eða Svali eins og hann er best þekktur, tók afdrifaríka ákvörðun í fyrra ásamt konu sinni og börnum, seldi allt sitt og flutti búferlum til Tenerife. Þar unir fjölskyldan sér vel við leik, skóla og skyldustörf.

„Ég flutti til Tenerife, Los Cristianos, vegna þess að ég ætlaði að stækka við mig heima á klakanum og sá þá að ef ég myndi gera það þá væru litlar líkur á að ég myndi nokkurn tímann prófa eitthvað svona. Næði kannski að klára lánið þegar ég væri 84 ára. Langaði ekki í þannig steypufangelsi. Þannig að við ákváðum að fara hingað til Tenerife, hér er opið allt árið og nóg að gera fyrir þá sem vilja vinna og njóta,“ segir Svali sem deilir sínum uppáhaldsstöðum í Los Cristianos með lesendum DV.

Svali segir einkenna íbúa eyjunnar hvað þeir eru lífsglaðir og afslappaðir. „Los Cristianos er upprunalega gamalt fiskiþorp, en í dag er minna um fiskerí og meira um túrista. Hér er þó angi af gamla bænum og þar er verulega gott að vera. Stutt í alla þjónustu og auðvitað á ströndina og fleira í þeim dúr. Það er einkennandi fyrir Kanaríbúann að hann er ekkert að stressa sig á hlutunum, lífsglaður og heldur fast utan um fjölskylduna og maður finnur mikið af því hér í Los Cristianos.“

Langar ekkert að flytja í brád, hvorki á Tenerife né aftur heim

Fjölskyldan býr ekki á ferðamannstað og langar ekkert að flytja í brád. „Ég bý þannig séð eins langt

Svali og synirnir.



frá túrismanum og hægt er í Los Cristianos og það er frábær kostur. Gallinn gæti verið sá að það er dálítill trafik þar sem ég bý. Enn sem komið er þá er ég ofsalega sáttur við þann stað sem við búum á. Langar ekkert sérstaklega að flytja neitt í augnablikinu. Gæti þó verið spennandi að búa í höfuðborginni Santa Cruz, hver veit nema að maður endi þar einhvern tímann.“

Svala langar heldur ekkert að flytja heim aftur. „Ég er búinn að eiga góð 43 ár á klakanum og tími til að gera eitthvað annað. Langar ekkert að koma heim ef ég á að segja eins og er. En maður veit auðvitað ekkert hvað framtíðin ber í skauti sér.“

Aðspurður hvert fjölskyldan fari út að borða, bæði hversdags og til hátíðabrigða svarar Svali að það

af borða með þeim ennþá. En ef við förum tvö þá höldum við mikið upp á Habibi sem er geggjaður líbanskur staður.“

Það er eitthvað heillandi við kaffihús og heimsókn á þau í Los Cristianos er engin undantekning: „Það er kaffihús í gamla bænum sem mér finnst frábært að setjast niður á og hlusta á karlana og konurnar spjalla á spænsku. Það er eitthvað svo heillandi. Tala hátt, hlægja mikið og virðast vera sátt við lífið og tilveruna.“

Næstum einn bíl per íbúa

Á Tenerife eru bílamir margir og umferðin mikil, enda gengur fjölskyldan mikið, auk þess að notast við einkabílinn. „Það er reyndar ekkert sérstakt að vera á bíl hér, lítið um bílastæði og mikil trafik. Við göngum mikið en svo erum við með bíl sem við notum líka. Hér býr um ein miljón íbúa, á eyjunni, og mér skilst að hér séu um sjö hundruð þúsund bílar í umferð.“

Allar árstíðir hafa sinn sjarma

Sumarið dettur inn í apríl á Tenerife, sem er eitthvað sem við Frónbúar, sem enn erum að bíða eftir vori, getum öfundað Svala af. „Hér er mjög gaman í febrúar, karnival af öllum gerðum og svaka stuð. En svo er svo merkilegt að allar árstíðir hafa sinn sjarma. Hér er vetur frá desember og út febrúar. Þá er heldur svalara á kvöldin, dettur í 15 til 16 gráður en dagurinn er finn, um 22 gráður. Það snjóar uppi í fjöllum og maður hefur lent í því að fá ekki að komast leiðar sinnar uppi í fjöllum vegna snjóá. Sem



Gledilega páska Svali og frúin, Jóhanna Katrín Guðnadóttir, á páskadag.



Einn af þeim fjölmörgu íslensku hópum sem Svali hefur farið með í hjólaferðir um Tenerife.

er athyglisvert þegar maður keyrir úr 22 gráðum í -6 gráður uppi á Teide-sléttunni. Svo fer að vora í mars og möndlutrén að blómstra, gríðarlega falleg og maður finnur að það er farið að hitna á kvöldin. Svo dettur sumarið inn í apríl, sól og hiti alla daga. Hef bara vanist þessu býsna vel.“

Svali var ekki búinn að vera lengi á Tenerife þegar hann var farið að vinna fyrir VITA -ferðaskrifstofu og fer hann með einstaklinga í alls kyns hreyfiferðir um alla eyjuna og segir hann hana stórkostlega.

„Hana þurfa allir að skoða sem koma hingað. Masca, Garachico, La Laguna, Santa Cruz, Píramídamir í Guimar og margt fleira. Ég fer með fólk út um allt“ segir Svali, sem segir Los Cristianos lítinn bæ og því sennilega mest gaman fyrir þá sem heim-sækja hann í fyrsta sinn að upplifa bara gamla bæinn. ■



★★★★★
ADALBÓN

Bryngljáa-
vörn
á bílinn
12 mánaða
vörn

hreinlega betri

Lyngháls 10 , 110 Reykjavík • S: 571 6005 / 776 7500 • adalbon@adalbon.is

KRÚNULEIKA

Hver mun standa uppi sem sigurvegari?

Sextán flokkar bjóða fram krafta sína til að sitja í borgarstjórn Reykjavíkur í vor fyrir kosningarnar sem fram fara 26. maí. Kosningabaráttan er þegar orðin hörð og á aðeins eftir að harðna þegar nær dregur enda eygja margir þá von að ná fjögurra prósentu þröskuldinum til þess að fá mann kjörinn. DV reiknar með að ástandið verði líkt og í Krúnuleikum Georges R.R. Martin og fann samsvörun í helstu valdaættunum þar.



Karlalistinn – Næturvaktin

„Ég skal engri konu giftast og vera engu barni faðir. Ég er sverðið í myrkrinu,“ segir í eiðstaf Næturvaktarinnar. Á Veggnum mikla hárast aðeins karlar, einangraðir í myrkri og kulda, bitrir yfir þeim litla stuðningi sem þeir fá.

Framsóknarflokkurinn – Tyrell

Tyrell-ættin stýrir víðáttumiklu landbúnaðarhéraði og á glás af peningum. Líkt og Framsóknarmenn hafa Tyrell-liðar ávallt reynt að koma sér í mjúkinn hjá þeim sem situr á krúnunni. Framsókn tókst með klókendum að komast í borgarstjórn árið 2014 líkt og þegar Olenna kom barnabarni sínu í konungsdýngjuna. En Ingvar Mar virðist jafn ráðalaus og sonur hennar Mace.



Björt framtíð – Baratheon

Baratheon var eitt sinn ein mesta valdaætt Westeros og hinn brún-skeggjaði leiðtogi þeirra Robert sat í hásetinu. Það sama mætti segja um Bjarta framtíð sem var í ríkisstjórn og í meirihluta í þremur stærstu sveitarfélögum. En nú eru Robert og allir bræður hans dauðir, og allir afkomendur þeirra líka.




Höfuðborgarlistinn – Spörvarnir

Það veit enginn hvernig Spörvarnir urðu til. Enginn það um þá en allt í einu voru þeir mættir og farnir að skipta sér af öllu. Trúarregla sem virtist nærast á því að vera erfið við alla og rífa kjaft. Hinar ættirnir lærðu að það þýðir ekki að tipla á tánum í kringum Spörvana, ítrustu meðala var þörf.



Flokkur fólksins – Fylgjendur R'hllor


Flokkur fólksins boðar trú líkt og fylgjendur R'hllor, guðs ljóssins. Mantra flokksins snýst um fátæk börn og öryrkja og allir sem gagnrýna eru haldnir „illsku“ sem þarf að upp-ræta. Vonandi tekur hvíta konan Kolbrún Baldursdóttir ekki upp á því að brenna fólk á báli líkt og rauða konan Melisandre.



Frelsisflokkurinn – Frey

Framboðsfundur Frelsisflokksins við Ráðhús

Reykjavíkur var vendipunktur í kosningabaráttunni líkt og Brúðkaupið rauða var í Krúnuleikum. Þar mundaði Gunnlaugur Ingvarsson drullusokk fyrir framan hátt í tíu manns með sigurbros á vör. Minnti þetta óneitanlega á glott Walders Frey þegar hann hafði látið slátra allri fylkingu Stark-ættarinnar og drottningin sjálf lá kviðrist á gólfinu.



Íslenska þjóðfylkingin – Hvítgenglarnir

Það er kannski ofsögum sagt að það stafi jafn mikil hætta af Íslensku þjóðfylkingunni og Hvítgenglunum. En ef flokkurinn nær að sanka að sér jafn miklum fjölda af heila- og tilfinningalausum uppvakningum og Hvítgenglarnir gera, þá getur hann lagt heilu byggðarlögin í rúst.



Alþjóðfylkingin – Baelish

Baelish-ættin er svo lítil að hún virðist aðeins vera einn maður, Litli fingur. Eða Albaníu Valdi. Þetta er klókasti maðurinn í landinu og allir víta að hann spilar langan leik. Að lokum mun hann enda á



hásætinu en hvernig hann gerir það er okkur ráðgáta. Ekki líta af Albaníu Valda í eina sekúndu.



RÍREYKJAVÍK



Kvenna-hreyfingin – Targaryen

Þegar þrælaborgin Yunkai var frelsuð hópuðust allir hinir nýfrelsuðu þrælar að Daenerys Targaryen og hrópuðu „Mhysa! Mhysa!“ eða „Móðir! Móðir!“ Hér var kominn fram nýr leiðtogi sem hafði hin kvenlegu gildi gæskunnar og réttlætisins að leiðarljósi, móðir alls mannkyns. Sama gildir um Ólöfu Magnúsdóttur hjá Kvenna-hreyfingunni en hún á þó enga dreka til að fleyta henni inn í borgarstjórn.



Borgin mín Reykjavík – Bolton

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir vill svipta öll skólabörn snjallsímunum líkt og Ramsay Bolton vill svipta fólk húðinni. Ramsay kom einmitt fram á sjónarsviðið sem eitt mesta illmenni þáttanna um svipað leyti og Sveinbjörg beitti sér gegn moskubyggingu. Þræðir þeirra liggja saman.



Sósíalístaflokkurinn – Tully

Tully-ættin ríkir á Fljótasvæðinu sem liggur mitt á milli flestra annarra svæða í Westeros. Í hvert skipti sem brjótast út átök lendir þessi hópur því undir. Húsin eru brennd ofan af fólk, öllu fé stolið og þaðan af verri. Líkt og Tully-ættin þarf Sósíalístaflokkurinn að berjast fyrir því að fá að vera til.



Sjálfstæðisflokkurinn – Lannister

Lannister-ættin er líkt og Sjálfstæðisflokkurinn erkitýpan af illsku þó að þar leynist einstaka grey með samvisku inni á milli. Þetta er ættin sem gerir hvað sem er fyrir völd og á nóg af skildingum til að láta óþægileg mál hverfa. Líkt og systkinin Jaime og Cersei eru Eyþór Arnalds og Hildur Björnsdóttir óáreinnleg sem andstæðingar en hver veit hvað fer fram bak við tjöldin?



Samfylkingin – Stark

Stark-ættin er góða fólk, svo réttstýnt að áhorfendum verður flókur. Þetta vammleysi og skortur á klókindum getur hins vegar orðið til þess að menn missi höfuðið eins og foringi þeirra Eddard fékk að kynnast. Samfylkingin verður að læra að bíta frá sér ef hún ætlar að lifa af í hörðum heimi. Spyrjið bara Oddnýju.



Vinstri græn – Martell

Dorne, svæði Martel-ættarinnar, er himnaríki háskólamenntaðra umhverfissósíalista. Þar er fólk af öllum kynþáttum, konur eru áberandi og valdamiklar og æðsti valdhafinn, Doran prins, er fatlaður. Líkt og margir vinstri leiðtogar lifir Martell-ættin í sérstaklega miklum vellystingum í Vatnagörðunum.



Píratar – Greyjoy

Hin svartklædda og brúnaþunga Greyjoy-ætt byggir völd sín á sjóránnum. Sjóræningjar frá Járneyjunum hafa siglt upp öll fljót á meginlandinu og angrað þá sem þar búa líkt og Píratarinn með sínar rannsóknarnefndir og spurningaflóð.



Viðreisn – Arryn

Arryn er átaka-fælin ætt sem lokar sig af bak við hið Blóðuga hlið á meðan allar aðrar ættir berast á banaþjótum. Þess í stað hugsar leiðtogi þeirra, Lysa Arryn, einungis um eigin ástamál á meðan hún gefur stálpuðum syni sínum brjóst. Að loka augunum fyrir vandamálum borgarinnar og ræða aðeins um þægileg málefni er list sem Þórdís Lóa Þórhallsdóttir kann vel.



Miðflokkurinn – Clegane

Það er öllum ljóst að Miðflokkurinn vill vinna með Sjálfstæðisflokknum líkt og Clegane-ættin sem ver Lannister fram í rauðan dauðann. Forsprakkar Miðflokksins, Vigdís Hauksdóttir og Sveinn Hjörtur Guðfinnsson, minna óneitanlega á hina öfluggu og miskunnarlausu Clegane-bræður, Vigdís á Hundinn og Sveinn á Fjallið. Þegar þau koma ríðandi í hlað er best að forða sér.



LOF & LAST

– Sanna Magdalena

Fólkið úr Hinni Reykjavík sem fyllir frambóðslista Sósíalístaflöksins fyrir kosningarnar og allt annað fátækt, valdalaust og kúgað fólk sem ris upp, neitar að beygja sig lengur og berst gegn kúgurum sínum. Eins og þjónustufulltrúarnir í Hörpu. Húrra fyrir þeim. Ef við stöndum saman getum við allt #valdiðtilfólksins

Auðvaldið og þau sem ganga erinda þess. Hvað er aumara en að þjóna hinum ríku og valdamiklu? A kostnað allra hinna. Ekkert fallett við það, ekkert kjarkað og ekkert smart. Bara hallærislegt og ljótt. Ú á ykkur. Burt með auðvaldið! Þið hafið ráðið of lengi. Enginn saknar ykkar. Bless.

Vissir þú að...



Helmingur þeirra sem hafa náð 65 ára aldri í allri mannkynsögunni er enn á lífi í dag.

Kveikjarinn var fundinn upp áður en eldspýtur urðu til.



Einn blýantur í meðalstærð nægir til að skrifa 61 kílómetra langt strik.

Ef lagður væri saman massi allra maura í heiminum myndi hann skáka massa alls fólks á jörðu.



Fullorðinn mannlíkami hefur á milli eitt til fjögur kíló af bakteríu samanlagt.



Konur og karlar mega ekki borða saman á Vog

■ Kynjaskipting á Vog ■ Bannað að sitja saman á fyrirlestur

Tómas Valgeirsson
tomas@dv.is

Gripíð hefur verið til röt-tækra aðgerða á Vog eftir að DV greindi frá að 16 ára stúlka hefði verið beitt kynferðisofbeldi á sjúkrahúsinu sem sinnir áfengissjúklingum. Þá hefur sú breyting einnig verið gerð að konur og karlar mega nú ekki sitja saman til borðs í matsalunum á Vog. Sú breyting var gerð fyrir nokkrum mánuðum. Þá hafa ungmenni sérstök borð í matsalunum. Í kjölfar fréttar DV hefur verið skerpt enn frekar á reglum til að koma í veg fyrir samneyti ungmenna og fullorðinna. Einnig hefur konum og körlum verið meinað að sitja hlið við hlið í fyrirlestursal sjúkrahússins. Konur sitja nú hægra megin í salnum en karlar vinstra megin.

Þá er það ekki rétt að ungmennadeild hafi verið eða verði lokað eða standi til að taka ekki á móti ungu fólki í framtíðinni. Deildin er stundum uppnefnd Bangsadeildin en forsvarsmenn sjúkrahússins eru ekki hrifnir af nafngiftinni. Greint hefur verið frá í fréttum undanfarid að ungmennadeildinni yrði lokað en hún er starfrækt í óbreyttri mynd. Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, segir í samtali við DV:

„Það er misskilningur að deildinni hafi verið lokað. Heilbrigðisráðherra óskaði eftir því að við hættum að taka við krökkum

Glatað að það sé verið að uppnefna þessa deild Bangsadeild.

yngrri en 18 ára en deildin starfar óbreytt. Hvert á unglíngurinn að fara? Þetta er langbesti staðurinn fyrir þau til þess að koma og vinna úr sínum málum. Vogur er staðurinn sem tekur á þessum heilbrigðisvanda sem er sjúkdómur fíknarinnar fyrir þennan aldur. Ég er mjög stoltur af ungmennadeildinni og finnst glatað að það sé verið að uppnefna þessa deild Bangsadeild.“

Konur á lokuðum gangi

Arnþór segir að kynjaskiptingin hafi í raun byrjað árið 1995 en kynjaskipting í matsal hafist fyrir nokkrum mánuðum. Telur Arnþór að það hefði jafnvel mátt gera fyrir enda auðvelt í framkvæmd. Einungis þurfi að prenta út miða og leggja á borðin. Hefur kynjaskipting aukist á sjúkrahúsinu.

„Nú eru allir meðferðarhópar kynjaskiptir, einnig svefngangar á neðri hæð þar sem konur eru á lokuðum gangi. Sameiginleg rými í fyrirlestursal og í matsal eru kynjaskipt“, segir Arnþór.



Arnþór Jónsson
Formaður SÁÁ.

Ófremdarastand

Ófremdarastand hefur ríkt í meðferðarúrræðum fyrir ungt fólk. Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, tók málið upp á Alþingi í vikunni. Benti hún á að aðeins væru rekin tvö meðferðarheimili á vegum Barnaverndarstofu fyrir samtals rúmlega tíu einstaklinga. Þá eru á barna- og unglíngedeild sex rými í neyðarvistun, þrjú strákapláss, tvö stúlknapláss og eitt svokallað gæsluvarðhalds- eða sérverkefnispláss og eru plássin hvort tveggja ætluð ungum fíklum sem og börnum og unglíngum með annars konar vanda.“ Vefmiðillinn Miðjan vitnaði í

Helgu Völu sem sagði: „Á þessu ári einu hefur það gerst í rúmlega 20 skipti að ekki hefur verið hægt að taka á móti börnum í verulegri neyð á neyðarvistun BUGL, þar af 15 sinnum bara í marsmánuði.“

Arnþór er staðráðinn í að halda áfram að taka á móti ungu fólki í meðferð. Neyðarastand sé í samfélaginu og staðan verði áfram óbreytt. Vogur mun taka á móti unglíngum á öllum aldri.

„Þetta er alveg framúrskarandi góð þjónusta sem er veitt þar. Frábært starfsfólk þar og besta aðbúnaður. Allt þarna er „state of the art“, myndi ég segja. Annað er fráleitt.“ ■



Lýðræðisfarsi fram undan

Svarthöfði

Lýðræði er stórkostlega ofmetið fyrirbæri að mati Svarthöfða. Skilvirkast væri að setja öll völd í hendurnar á öflugum leiðtoga sem kann að meðhöndla máttinn. Slíkur leiðtogi getur óréttur lagt fram skýra framtíðarsýn, tekið skjótar ákvarðanir og komið hlutunum í verk. Lýðræði er svo mikil tímasóun. Spítali við Víflsstaði væri fyrir löngu risinn, Vatnsmýrin yrði orðinn leikvöllur hinna ríku og frægu og allir þeir sem vinna í svokölluðu „stjórnerfi“ yrðu að

fara að vinna við eitthvað sem gagn væri að.

Við ættum að taka af skarið og útnefna Guðna Th. sem keisara. Mögulega er hann of hjartahreinn fyrir smekk Svarthöfða en það má lengi vona. Erfiðar ákvarðanir krefjast samviskuleysis.

Sennilega eru þó Íslendingar of öfundsjúkir smáborgarar til að geta sætt sig við alvöru keisaraætt, jafnvel þó að Guðni væri ættfaðirinn. Til vara stingur því Svarthöfði upp á að kjörnir fulltrúar verði ákveðnir með hlutkesti.

Allt er betra en sá lýðræðisfarsi sem fram undan er í kom-

andi sveitarstjórnarkosningum. Það er nánast hver einasti vindbelgur í frambóði og allt bendir til þess að kosningadagur renni upp án þess að nokkur kjósandi muni ná að skyggast almennilega inn í loforðafrumskóginn.

Nógu flókið er að reyna að átta sig því hvort borgarsjóður sé vel eða illa rekinn þó að Albaníu-Valdi og Gunnar Waage séu ekki gjammandi fram í. Þetta er ótækt bull. Hvernig létum við þetta eiginlega gerast?



Engar
flækjur
ekkert
vesen



Wrapmaster

Vefjumeistarinn



- KLIPPIR ÁLFILMUR OG PLAST
- 35% SPARNAÐUR
- ÓDÝRARI ÁFYLLINGAR
- MÁ SETJA Í UPPÞVOTTAVÉL
- AFAR AUÐVELT Í NOTKUN

Fæst í FK, Hagkaupum, Byko, Nettó, Krónunni og Húsasmiðjunni

UMBOÐSADILI



DANCO
HEILDVERSLUN
WWW.DANCO.IS



Stuð á Snaps: Guðrúnu boðið í óvænt Benedikts-boð

Guðrúnu Vilmundardóttur, bókaútgefanda og eiganda Benedikt bókaútgáfu var komið skemmtilega á óvart nýlega þegar Jón Kalman rithöfundur bauð henni á Snaps.

Lokkaði hann hana á staðinn með lofordi um glimrandi hugmynd, sem kallaði að hans sögn á „dinner“ og vín.



„Eiríkur Guðmundsson má koma með, hann er annar hugmynda-

smiðurinn, annars er þetta viðkvæmt mál og má alls ekki bæta í selskapinn,“ hefur Guðrún eftir honum á Facebook-síðu sinni.

Guðrún var að eigin sögn spennt, en þegar þau mættu á svæðið kom leynimakið í ljós. Jón hafði kallað saman alla höfunda Benedikt, nema Friðgeir Einarsson, sem staddur var í Grikklandi. Líklegt er að sjaldan eða aldrei hafi jafn margir öflugir rithöfundar setið að kvöldverði á sama stað.

Adolf Smári, Þórdís Gísladóttir, Auður Ava, Jón Kalman, Sigga Hagalín, Guðrún Vilmundardóttir, Ingunn Snædal, Óskar Árni, Bergþóra Snæbjörnsdóttir og Eiríkur Guðmundsson.

Fjölgun hjá fremsta grínista landsins

Ari Eldjárn er orðinn einn af okkar fremstu uppistöndurum og grínistum. Það er hins vegar ekkert grín að hann og kona hans, Linda Guðrún Karlsdóttir,

eiga von á sínu öðru barni, en fyrir eiga þau dótturina Arneyju Díu sem er fjögurra ára.

Gríngeinin renna greinilega í beinan legg því Linda hefur eftir dóttur þeirra: „Mamma þú ert

orðin eins og stór kjötbolla.“

„Mér fannst það ágætis merki um að það væri orðið tímabært að tilkynna komu litlu systur hennar í ágúst,“ segir Linda á Facebook-síðu sinni.



Forsetafrúin fyrrverandi á Met Gala

Dorrit Moussaieff náðist á mynd hjá Vogue

Fyrrverandi forsetafrú Íslands og athafnakonan, Dorrit Moussaieff, lét sig ekki vanta á Met Gala-kvöldinu nú á dögunum, eins sjá má í myndasafni tímaritsins Vogue. Kvöldið áður hafði Dorrit verið gestgjafi í veislu í New York á vegum húðvörumerkisins Bioeffect og var því stutt á milli herlegheita.

Fyrsta mánudaginn í maí, ár hvert, mæta stærstu stjórnur og færustu hönnuðir heims við Metropolitan Museum of Modern Art-safnið í New York. Netmiðill Vogue birti fjörutú myndir frá kvöldinu í alúmi merktu ljósmyndaranum Daniel Arnold og smelti hann af einni góðri mynd af fyrrverandi forsetafrúnni þar sem blasir við snjallsími á lofti, kátur svipur og þessa grínmynd.



Hvað á sonurinn að heita?: Jóna og Úlfur leita að Evrópusinnuðum hugmyndum

Jóna Sólveig Elínardóttir, fyrrverandi þingmaður Viðreisnar, og maður hennar, Úlfur Sturluson alþjóðastjórnsmálaráðgjafi, eiga von á sínu fjórða barni í september.

Var þetta opinberað á Facebook-síðu Jónu þann 9. maí. Jóna og Úlfur eiga fyrir þrjár dætur og voru því fastlega búin að gera ráð fyrir að stúlkubarn yrði raunin nú. Þau höfðu komið sér saman um nafnið Evrópa Von (Evrópa Ósk eða Evrópa Merkel til vara) enda eru þau bæði miklir Evrópusambandsmenn. En þá fékk fjölskyldan þær fregnir að drengur væri á leiðinni og vandaðist þá málið. Konráð Adam, í höfuðið á Conrad Adenauer Þýskalandskanslara, kemur til greina en Jóna og Úlfur leita nú eftir fleiri Evrópusinnuðum hugmyndum.



Júlíus Sigurjónsson fer úr diskógallanum í háloftin

Júlíus Sigurjónsson, sem jafnan er kenndur við Júladiskóin sem hann hefur haldið síðustu ár, hætti nýlega í dagvinnunni, en hann hafði starfað hjá Wurth síðastliðin níu ár.

Í sumar mun hann starfa sem flugþjónn hjá Icelandair og að öllum líkindum skella í nokkur Júladiskó milli þess sem hann hefur sig til flugs. Önnur lönd eru þó ekki einu ævintýrin sem Júlli mun lenda í í sumar, því hann á von á barni með sambýliskonu sinni, Sigurbjörgu Hjálmaradóttur tónlistarkennara. Júlli á fyrir dótturina Júlíu Hrönn sem er átta ára.



TRAMPÓLÍN OG VARAHLUTIR Í TRAMPÓLÍN



KEYRUM TRAMPÓLÍNID HEIM AÐ DYRUM
Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ÁN ENDURGJALDS.

DÆMI UM STÆRÐ OG VERÐ

- 6 FETA (1,82M) TRAMPÓLÍN ÁSAMT ÖRYGGISNETI. **19.990,-**
- 10 FETA (3,06M) TRAMPÓLÍN ÁSAMT ÖRYGGISNETI OG TRÖPPU **29.990,-**
- 12 FETA (3,66M) TRAMPÓLÍN ÁSAMT ÖRYGGISNETI OG TRÖPPU **35.990,-**
- 14 FETA (4,26M) TRAMPÓLÍN ÁSAMT ÖRYGGISNETI OG TRÖPPU **41.990,-**
- 16 FETA (4,88M) TRAMPÓLÍN ÁSAMT ÖRYGGISNETI OG TRÖPPU **59.990,-**

EIGUM TIL FLESTA VARAHLUTI Í ALLAR STÆRÐIR TRAMPÓLÍNA.

- GORMAR
- HOPPUDÝNAN
- GORMAHLÍFAR
- ÖRYGGISNET FYRIR INNAN EÐA UTAN GORMANA
- ALLAR FESTINGAR
- VINDFESTINGAR



TRAMPÓLÍN.IS



Lítt þekkt ættartengsl:

Forstjórinn og stór-söngvarinn

Svanhildur Konráðsdóttir, forstjóri Hörpu, hefur verið á hvers manns vörum undanfarna viku vegna launamála sinna. Fréttablaðið greindi frá því að laun hennar hefðu hækkað um 20% á sama tíma og lægst settu starfsmenn tónlistarhússins voru látnir taka á sig launalækkun. Ekki sér fyrir endann á deilunni en nýjustu fregnir herma að á þriðja tug starfsmanna Hörpu hafi sagt störfum sínum lausum.

Færri vita að Svanhildur kemur af söngelsku fólki norðan heiða. Þannig er föðurbróðir hennar stór-söngvarinn Kristján Jóhannsson.



Jóhannes Haukur

Í spennutrylli með Ian McKellen og Helen Mirren

Jóhannes Haukur Jóhannesson fer með hlutverk í spennutryllinum *The Good Liar* eftir Óskarsverðlaunahafann Bill Condon, leikstjóra *Chicago*, *Dreamgirls* og *Beauty and the Beast*. Tökur á myndinni eru hafnar og fara að mestu fram í Bretlandi, en einnig í Þýskalandi. Sjá stórleikararnir Helen Mirren og Ian McKellen um burðarrullurnar.

Condon er einnig einn framleiðandi myndarinnar og hefur áður unnið með McKellen að myndunum *Mr. Holmes* og *Gods and Monsters*, en Condon vann Óskarsverðlaun fyrir árið 2000 í flokki besta handrits byggðu á áður útgefnu efni. Leik-

stjórinn naut einnig mikillar velgengni með lokamyndum *Twilight*-seríunnar og halaði *Beauty and the Beast* inn rúman milljarð í Bandaríkjadólum á heimsvísu, þar með tekjuhæsta kvikmynd síðasta árs.

The Good Liar er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Nicholas Searle og skrifuð af handritshöfundinum Mr. Holmes, þar sem Ian McKellen fór einnig með aðalhlutverkið. Að þessu sinni leikur McKellen glæpa-

mann sem ætlar að setjast í helgan stein eftir eitt lokasvindl. Áætlunin er að vinna sér inn traust dularfullrar ekkju og stela peningum hennar, en stigmagnandi vefur lyga reynist hafa ófyrirsjáanleg áhrif á þau bæði.

Kvikmyndavefurinn IMDb staðfestir að Jóhannes fari með hlutverk persónu að nafni Vlad og verður *The Good Liar* frumsýnd á næsta ári, á svipuðum tíma má einnig búast við vestránum *The Sisters Brothers*, þar sem Jóhannes er í kominn í hóp með mönnum á borð við Jake Gyllenhaal, John C. Reilly og Joaquin Phoenix. ■

tomas@dv.is



„Þurfti að sópa götur en er með rykofnæmi“

Selma Björnsdóttir söngkona hefur tekið þátt í Eurovision tvisvar, leikið og sungið og dansað í yfir 20 sýningum á vegum Þjóðleikhússins og Borgarleikhússins, en frá árinu 2007 mest megnis verið að leikstýra um allan heim meðal annars í Royal Shakespeare Company í Stratford, Noregi, Svíþjóð, Boston, og Toronto. Selma sýnir lesendum DV á sér hina hliðina.

Ef þú þyrftir að breyta, hvað myndirðu vilja heita annað en Selma eða vera annað en leikstjóri, söngkona eða leikkona? Væri til í að heita Ísadóla Lóa eða vera barnalæknir.

Hverjum líkist þú mest? Ég á þrjár systur en ég líkist Birnu og Hrafnhildi, systur minum, mest. Guffa og ég erum meira líkar með hómur frekar en í útli.

Hvað halda margir um þig sem er alls ekki satt? Að ég sé köld og fráhrindandi, sem mínir bestu kannast alls ekki við og finnst ég einmitt vera viðkvæmt og umfaðmandi blóm.

Í hverju finnst þér þú vera betri en aðrir? Að halda stutta og effektífa fundi. (Hata langa og leiðinlega, tilgangslausa fundi)

Hvað finnst þér að eigi að kenna í skólum sem er ekki kennt þar núna? Að þú sért ekki heimskur þótt þú eigr við námsörðugleika að stríða, út af tauga- eða geðröskunum sem þú fæddist með.

Ef þú þyrftir að eyða 100 þúsund kalli á klukkutíma, í hvaða verslun færirðu? Vá, svo margar búðir koma upp í hugann, Louis Vuitton, Chanel, en ef við eigum að halda þessu á eyjunni okkar, þá tekur engin stund að eyða 100.000 krónum í Geysi eða Farmers market.

Hvað viltu að standi skrifad á legsteininum þínum? Vil engan legstein, vil láta brenna mig og dreifa minni ösku yfir mína uppáhaldsstaði. En sloganið mitt verður alltaf: HÚN LIFDI LÍFINU LIFANDI!

Sex ára barn spyr þig hvort jólasveininn sé til. Hvernig svarar þú? Já, elsku barn. Ég hef hitt þá alltof marga í lífinu.

Ef þú mættir velja eitt lag sem yrði alltaf spilað um leið og þú gengir inn í herbergi allt þitt líf, hvaða lag myndirðu velja? Who run the world? girls með Beyoncé.

Hvaða bíómynd hefdu séð oftast? „Shit“ hef horft á margar býsna oft en ég held að *Grease* hafi vinninginn.

Hvað var í tísku þegar þú varst yngri en er það ekki lengur? Herðapúðar.

Borðarðu mat sem er kominn fram yfir síðasta sölundag? Að sjálfsgöðu!

Hverju laugstu síðast? Að það væru 5 mínútur í mig. **Um hvað geta allir í heiminum verið sammála?** Að bros getur dimmu í dagsljós breytt.

Ef þú mættir bæta við ellefta boðorðinu, hvernig hljómaði það? Æi, mér finnst

trúarbrögð vera úrelt. Tek undir með Ricky Gervais sem sagði: „There have been nearly three thousand gods in the universe. None of them are real... except yours... yours is real.“ Er nefnilega trúlaus eftir mikla rannsókn í mörg ár og útskrifast sem athafnastjóri Síðmenntar vonandi í byrjun sumars. Get þá farið að gefa saman fólk og stjórna nafngjafarahöfnum. Hlakka mikið til.

Hvað í hegðun hins kynsins ruglar þig mest? Leikir. Skil ekkert í þeim og kann ekki.

Hvaða áhugamál myndirðu ekki sætta þig við að maki þinn stundaði? Barrótt.

Á hvern öskradirðu síðast? Sennilega sem minn, fyrir að öskra á Playstation partnerinn sinn. Skil þetta stóff ekki.

Hvaða einstakling finnst þér þú þökkja, þótt þú hafir aldrei hitt hann? Madonna.

Hvaða hljóð fer mest í taugarnar á þér? Klór í krittartöflu.

Hvaða frægu persónu leistu upp til en sérd eftir því í dag? Bill Cosby. Elskaði fyrirmyndarföðurinn en gubbaði upp í mig eftir síðustu fréttir.

Hver er versta vinnan sem þú hefur unnið? Unglingavinnan þar sem ég þurfti að sópa götur en var með rykofnæmi.

Um hvað varstu alveg viss þangað til þú komst að því að þú hafðir rangt fyrir þér? Að maður ætti alltaf að trúa því besta upp á fólk.

HIN HLIÐIN



Hvert er þitt stærsta líkamlega afrek í lífinu? Að fæða börnin mín!!!!

Hvað verður orðið hallærislegt eftir 5 ár? Að drekka vín.

Ef þú yrðir handtekin án skýringa, hvað myndu vinir þínir og fjölskylda halda að þú hefðir gert af þér? Logið einhverju til að bjarga vini úr veseni.

Hvaða teiknimyndapersónu myndirðu vilja eiga sem vin? Marge í Simpsons, hefðum margt að fara á trúno yfir.

Hvað ættu allir að prófa að minnsta kosti einu sinni í lífinu? Að elska!

Hvað myndirðu segja ef Guð hnerradi? Noh, ertu þá til?

Nú labbar mörgæs með kúrekahatt inn um dyrnar hjá þér. Hvað segir hún og af hverju er hún barna? HÆ, hvenær koma Selma og Miðnæturkúrekarnir með „comeback“! Og svo myndi hún að sjálfsgöðu biðja um diskinn Alla leið til Texas, áritaðan.

ÞESSI AUGLÝSING ER KOSTUÐ AF JARÐARVINUM

NORÐMENN OG JAPANIR VEIÐA EKKI STÓRHVELI!

EF VIÐ HEFJUM NÚ DRÁP Á LANGREYÐI, NÆST STÆRSTA SPENDÝRI
JARÐARINNAR, VERÐUM VIÐ EINA LANDIÐ Í HEIMI, SEM LEYFIR SLÍKT.

VILJUM VIÐ ÞAÐ, ÁN SÝNILEGS TILGANGS?



Hörð viðbrögð um allan heim

Ferðamenn og aðrir neytendur taka stefnu í náttúruverndarmálum æ oftar með í reikninginn þegar þeir ákveða hvert þeir fara og hvert þeir beina viðskiptum sínum auk þess sem þeir eru duglegir að við að deila skoðunum sínum.



7% af kvóta náðist – takmörkuð verðmæti

Aðeins náðist að veiða 7% af kvótanum árið 2017 eða 17 hrefnur af 269 dýra kvóta. Hrefnan virðist nú forðast veiðilendur hvalveiðiskipa við Ísland. Verðmæti aflans var aðeins 17 milljónir.



Brotá-brot af tekjum af hvalaskoðun

15 fyrirtæki hafa tekjur af hvalaskoðun, samtals um 5 milljarða. „Verðmæti“ aflans eru því aðeins um 0.3% af tekjum af hvalaskoðun. Þá eru ótaldir aðrar tekjur af komu útlendinganna.



0.003% af ferðamannaíðnaðinum

Í samanburði við 500 milljarða tekjur ferðamannaíðnaðarins eru „tekjur“ af hvalveiðum aðeins um 0.003%. Er hægt að réttlæta þessar veiðar árið 2018 á tímum samfélagsmiðla?

Alþjóðasamþykktir

Alþjóðahvalveiðiráðið bannaði hvalveiðar með öllu árið 1986. Nú eiga 190 þjóðir aðild að CITES samningnum sem kveður á um algert bann við kaupum, sölu og flutningi allra hvalaafurða. Það er hvergi hægt að selja þær lengur.

Háþróuð spendýr

Nú standa fyrir dýrum veiðar á allt að 209 langreyðum. Langreyðurin er háþróuð spendýr sem líkja má við fil á landi. Næst stærst allra núlifandi dýra og lifir í 90-100 ár.

5% minnkun þýðir 25 milljarða tap

Ef aðeins 5% af ferðamönnum settu hvalveiðar fyrir sig við val á ákvörðunarstað yrðu landsmenn af 25 milljörðum. Er þetta áhættunnar virði?

Íslenskar vörur úr hillum verslana

Íslenskar voru fjartægðar úr hillum í verslana Whole Food í Bandaríkjunum og fleiri stórmarkaða vegna hvalveiða Íslendinga.

Segjum **NEI** við hvalveiðum!



Segðu **NEI** með okkur!

Undirskriftalisti á is.petitions24.com

Jarðarvinir eru á Facebook! Þinn stuðningur skiptir mál!




Hvað segir dóttirin?

Söngkonan Helga Möller hefur sungið sig í hug og hjörtu þjóðarinnar í áráraðir og var fyrst Íslendinga til að keppa í Eurovision sem hluti af ICY-hópnum. DV heyrði í dóttur Helgu, Elísabetu Ormslev, og spurði: Hvað segir dóttirin um mömmu?

„Ég hef alltaf litið á mömmu mína sem algjört ljós og ég held að flestir sem verða á hennar vegi geti sagt slíkt hið sama. Hún er hjartahlýtt sjarmatröll með algjöran aulahumor sem verður reyndar alltaf betri með árunum. Eða kannski er minn humor að verða lélegri. Hún er mikil tilfinningvera og er algjörlega með hjartað á erminni. Hennar helsti galli er hvað hún er þrjúsk og þver en hennar helsti kostur er að hún jafnar sig fljótt á nánast hverju sem er. Hún er með besta og hlýjasta knús og hjartasta bros veraldar og hún er besta mamma sem ég hef átt.“

Bókin á náttborði Ingibjargar



„Ég held mikið upp á Pema Chödrön, búddisku nunnuna sem hefur skrifað margar bækur um lífið og tilveruna,“ segir Ingibjörg Stefánsdóttir, jógakennari og eigandi Yoga Shala Reykjavík.

Snorri snýr aftur: „Hjartað er alltaf í Eyjum“

Hjartað er alltaf í Eyjum. Hérna er ég borinn og barnfæddur og hérna mun ég alltaf eiga heima,“ segir ævintýralega hress Snorri Óskarsson, betur þekktur sem Snorri í Betel, í samtali við DV. Snorri hefur snúið aftur heim til Vestmannaeyja þar sem hann hyggst starfa við ferðapjónustu. „Ég mun starfa sem leiðsögumaður í sumar hjá Viking Tours. Það er tímabundið starf til að byrja með. Fyrstu ferðamennirnir sem ég tek á móti eru væntanlegir á næstu dögum og ég hlakka mikið til,“ segir Snorri.

Hann segist hafa neyðst til þess

að reyna fyrir sér á nýjum vettvangi því enginn hafi viljað ráða hann sem kennara. Eins og frægt er var Snorra sagt upp störfum sem kennara hjá Brekkuskóla á Akureyri árið 2012. Ástæðan var sú hann skrifaði um samkynhneigð út frá sínu strangkristna hugarfari á persónulega bloggsíðu. Uppsögnin var dæmd ólögmæt, bæði í héraði og í Hæstarétti og í nóvember 2017 fékk Snorri dæmdar bætur upp á um 7 milljónir króna. „Því var áfrýjað til Hæstaréttar og ég er að bíða eftir því að málið verði tekið fyrir þar í haust,“ segir Snorri.

Hann segist vera maður einsam-

all í eyjunum fögru í sumar en eiginkona hans dvelji á fastalandinu. „Það má segja að ég feti í fótspor Jóns Indíafara í þeim efnum. Hann kom sem slasaður hermaður til Vestmannaeyja og sá um púðurgeymsluna og fallbyssuna á Skansinum í kringum 1640. Eiginkonu hans líkaði hins vegar illa í Eyjum og skildi hann einan eftir,“ segir Snorri og hlær dátt. ■

bjornth@dv.is



Snorri Óskarsson (t.h. á myndinni) er kominn aftur heim til Eyja. Að minnsta kosti tímabundið.

Tilboðsblað 9.-16. maí

Nýtt

Skoðaðu öll tilboðin á byko.is

Tilboð glíða til 16. maí eða á meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og/öðra myndbrenslu.

Einhell®

Tilboðsverð

Rafmagnssláttuvél
GE-EM 1030. 1000 W.
Hágæða og kraftmikil
rafmagnssláttuvél.

9.995

74830020

Almennt verð: 12.995

**23%
afsláttur**



NAPOLEON

Tilboðsverð

Grillsett
Töng, spaði og bursti.

1.995

506670024

Almennt verð: 2.495



**20%
afsláttur**

NAPOLEON

ROGUE

kilóvött
10,6

brennarar
3

Tilboðsverð

Gasgrill
NAPOLEON - ROGUE R425.
grillgrind 60x45cm úr
pottjárni.

79.995

506600036

Almennt verð: 99.995



Kaupauki

Allir þeir sem kaupa nýtt Napoleon grill á tímabilinu 9.-31. maí fá bókina *Grillveislan* eftir lækinn í eldhúsinu, Ragnar Frey, í kaupbæti á meðan birgðir endast.

GJØCO

Tilboðsverð

Pallaolía
Treolje xo, glær
eða gyllt.

1.995

80602501/2

Almennt verð: 2.495

**20%
afsláttur**



**SAMSETNING
Á GRILLI -
4.990***

**Nýtt í
BYKO**

* gildir aðeins í
vefverslun byko.is



Vertu með!

**PALLA-
LEIKUR**

Alls 10 vinningar, heildarverðmæti rúmlega 700.000kr.

Sjá
nánar á
byko.is

BYKO

GERUM PETTA SAMAN

Auðvelt að versla á byko.is • Sendum út um allt land



Afturgangan
í Eyjum!

Loki